



**Meistararitgerð
í lögfræði**

Clausula cassatoria
Skilyrði fyrir gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa

Óli Dagur Valtýsson

Leiðbeinandi: Benedikt Bogason prófessor

Október 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	5
2	Almennt um kröfurétt.....	7
2.1	Hugtakið kröfuréttur	7
2.2	Réttarheimildir kröfuréttar.....	7
2.2.1	Almennt	7
2.2.2	Sett lög.....	8
2.2.3	Réttarvenjur	9
2.2.4	Fordæmi	11
2.2.5	Meginreglur laga og eðli máls	12
2.2.6	Fræðiskoðanir	13
2.3	Grundvallarhugtök.....	13
2.3.1	Hugtakið krafa, lögvernd krafna og stofnunarhættir þeirra	13
2.3.2	Skuldarsamband og greiðsla	14
2.3.3	Aðal- og aukaskyldur.....	15
2.4	Efndir kröfu	17
2.4.1	Greiðslutími, greiðslustaður og greiðsludráttur	17
2.5	Vanefndaúrræði	19
2.5.1	Almennt	19
2.5.2	Lögbundin vanefndaúrræði.....	20
2.5.3	Samningsbundin vanefndaúrræði	21
3	Gjaldfelling eftirstöðva skulda.....	24
3.1	Inngangur.....	24
3.2	Skilgreining á hugtakinu.....	24
3.3	Forsaga gjaldfellingar	26
3.3.1	Inngangur.....	26
3.3.2	Danmörk	26
3.3.3	Ísland.....	30
3.4	Kennilegur grundvöllur úrræðisins.....	33
3.4.1	Samningsbundið vanefndaúrræði	33
3.4.2	Hagsmunir kröfuhafa	37
3.4.3	Hagsmunir skuldara	38
3.4.4	Samanburður við riftun.....	41
3.4.5	Samanburður við cross-default ákvæði	43

4	Skilyrði fyrir gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa	45
4.1	Almennt	45
4.2	Settur réttur	46
4.2.1	Almennt	46
4.2.2	Lög nr. 75/1997 um sammingsveð	46
4.2.3	Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.	52
4.2.4	Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna	53
4.2.5	Lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins	54
4.2.6	Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál	55
4.2.7	Lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	56
4.2.8	Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn	57
4.2.9	Lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga	58
4.2.10	Ályktanir af lagaákvæðum	59
4.3	Dómaframkvæmd, réttarvenjur, meginreglur laga og skoðanir fræðimanna	60
4.3.1	Inngangur	60
4.3.2	Skilyrðið um verulegan greiðsludrátt	61
4.3.2.1	Almennt	61
4.3.2.2	Gildissvið skilyrðisins um verulegan greiðsludrátt	61
4.3.2.3	Almennt um inntak verulegs greiðsludráttar	63
4.3.2.4	Nánar um inntak skilyrðisins um verulegan greiðsludrátt	65
4.3.2.5	Nánar um tillitsskylduna	74
4.3.2.6	Annað	76
4.3.3	Önnur skilyrði	80
4.3.3.1	Heimild til gjaldfellingar	80
4.3.3.2	Gjaldfellingarástæða	81
4.3.3.3	Fyrsti gjalddagi kominn	85
4.3.3.4	Fleiri en ein afborgun	86
4.3.3.5	Fullnægjandi málatilbúnaður kröfuhafa	87
4.3.3.6	Greiðsluáskorun	88
5	Ályktanir um skilyrði gjaldfellingar skuldabréfa	92
5.1	Almennt	92
5.2	Grundvallarskilyrði gjaldfellingar	92
5.2.1	Heimild til gjaldfellingar	92
5.2.2	Gjaldfellingarástæða	93

5.2.3	Fleiri en ein afborgun.....	94
5.2.4	Fullnægjandi málatilbúnaður kröfuhafa	94
5.2.5	Verulegur greiðsludráttur.....	94
5.3	Viðbótarskilyrði gjaldfellingar	95
5.3.1	Almennt	95
5.3.2	Greiðsluáskorun.....	95
5.3.3	Fyrsti gjalddagi kominn.....	96
5.3.4	Greiðslustöðvun, heimild til að leita nauðasamnings og greiðsluaðlögun (neikvæð skilyrði)	96
6	Hugleiðingar.....	98
7	Niðurlag	99

1 Inngangur

Kröfuréttur er eitt af grundvallarréttarsviðum í fræðikerfi lögfræðinnar. Réttarsviðinu er gjarnan skipt í almennan hluta og sérstakan hluta. Almenni hluti kröfuréttar fjallar um undirstöðuatriðin sem eiga við í öllum kröfuréttarsamböndum, en sá sérstaki gerir grein fyrir einstökum réttarsviðum sem falla undir kröfurétt, t.d. neytendarétti og fasteignakauparétti, og þeim sérreglum sem gilda á hverju sviði fyrir sig. Meðal þeirra undirstöðuatriða sem hinn almenni hluti kröfuréttar fjallar um eru réttar efndir krafna, og þá um leið vanefndir krafna og þau úrræði sem aðilar skuldarsambands geta gripið til.¹ Í þessari ritgerð verður fjallað um atriði sem fellur undir hinn almenna hluta kröfuréttar og lýtur að réttum efndum krafna, en í 2. kafla verður stuttlega gerð grein fyrir almennum atriðum sem varða kröfurétt. Til þess að krafa sé efnd með réttum hætti þarf að gæta að ýmsum lagaákvæðum. Sett lög eru þó ekki eina heimildin, því það má segja að einkennandi sé fyrir kröfurétt hversu margar lagareglur eru frávíkjanlegar. Margar af helstu lagareglum gilda, nema um annað sé samið. Samningur á milli aðila kröfusambandsins er því ein veigamesta heimildin á sviði kröfuréttar.² Bæði einhliða og gagnkvæmir samningar hafa til dæmis gjarnan að geyma ákvæði sem skylda skuldara til þess að inna af hendi sína greiðslu innan ákveðinna tímamarka. Þegar metið er hvort samningur sé vanefndur er þar af leiðandi fyrst og fremst litið til samningsins sjálfs. Vanefndaúrræði eru að sama skapi oft umsamin. Samningur milli aðila kann þó að vera hljóðlátur um vanefndartilvik eða vanefndaúrræði. Taka þá sett lög við, sem og aðrar réttarheimildir á sviði kröfuréttar, sem geta ýmist takmarkað samningsfrelsi aðila, t.d. í neytendakaupum, eða verið samningsákvæðum til fyllingar.

Efni þessarar ritgerðar lýtur fyrst og fremst að samningum sem innihalda vanefndaúrræði, en rannsóknarefnið snýr að úrræði sem nefnist *gjaldfelling eftirstöðva skuldar* (l. *clausula cassatoria*). Einblínt verður á gjaldfellingu eftirstöðva *skuldabréfa*, þótt stuttlega verði vikið að gjaldfellingu eftirstöðva annarra skuldaviðurkenninga og greiðslu samkvæmt kaupsamningum. Umfjöllunin mun einkum beinast að þeim tilfellum þegar úrræðinu er beitt vegna *greiðsludráttar*, þó dæmi verði tekin af annars konar gjaldfellingarástæðum. Í 3. kafla ritgerðarinnar verður gerð grein fyrir úrræðinu með almennum hætti. Litið verður til forsögu þess og vikið að kennilegum grundvelli gjaldfellingar. Úrræði þetta er flokkað meðal samningsbundinna vanefndaúrræða, enda er jafnan talið að úrræðinu verði ekki beitt nema um það sé sérstaklega samið. Leitast verður við að gera grein fyrir úrræðinu með ítarlegum hætti,

¹ Sjá Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 33-36.

² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 42.

og verður athyglinni sérstaklega beint að *skilyrðunum* fyrir því að kröfuhafi geti beitt því í 4. kafla ritgerðarinnar. Eins og áður segir er úrræðið jafnan skilgreint sem sammingsbundið úrræði, en þó eru ýmis lagaákvæði til í sérlögum sem fjalla um það og því er hin fræðilega flokkun ekki einhlít. Skoðun þessa ákvæða mun veita vísbendingar um hver skilyrðin eru, en gjaldfellingu hefur í framkvæmd oft verið beitt á grundvelli sammings, án skírskotunar til lagaákvæða. Af þeim sökum mun rannsóknin að miklu leyti byggja á fordæmum Hæstaréttar Íslands, sem veita mun frekari upplýsingar um skilyrðin. Skoðanir íslenskra fræðimanna verða einnig kannaðar, ásamt meginreglum laga og réttarvenjum. Í umfjölluninni verður stuttlega vikið að samanburði við danskan og norskan rétt. Slíkur samanburður getur verið gagnlegur fyrir að minnsta kosti tvær sakir. *Í fyrsta lagi* kann að vera unnt að líta til norrænna réttarkerfa til þess að túlka og skýra íslensk lög eða samninga. Til þess að samanburður sé tækur með þessum hætti er nauðsynleg forsenda að réttarkerfin séu sambærileg. Íslensk löggjöf er í mörgum atriðum lík þeirri norrænu en lagasetning Alþingis tekur gjarnan mið af lagasetningu á öðrum Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Noregi. *Í öðru lagi* gagnast samanburður við erlend réttarkerfi þegar beita þarf gagnrýnni hugsun. Þegar skoða skal hvað betur megi fara kann að vera gagnlegt að bera viðtekna framkvæmd á Íslandi saman við framkvæmd á Norðurlöndunum. Þar að auki getur verið gagnlegt að þekkja til erlendra réttarkerfa, því vegna meginreglunnar um sammingsfrelsi er ekkert því til fyrirstöðu að sammingsaðilar semji um að láta erlenda löggjöf ná yfir samning sinn.

Eins og áður segir verður í 4. kafla gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt að íslenskum rétti svo að kröfuhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfa. Vegna áherslu ritgerðarinnar á greiðsludrátt sem vanefndatilvik mun rannsóknin einkum beinast að þeirri gjaldfellingarástæðu. Því verður velt upp hvort skilyrði sé að greiðsludráttur þurfi ávallt að vera verulegur, þótt hvorki sammings- né lagaákvæði áskilji það með berum orðum. Einnig verður skoðað hvað felist í verulegum greiðsludrætti. Í 5. kafla verða ályktanir dregnar af þessari athugun á skilyrðum gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa og skilyrðin sett fram á skipulegan hátt. Í 6. kafla verða hugleiðingar höfundar settar fram um það hvort, og þá með hvaða hætti, réttarástandið er ábótavant varðandi rannsóknarefni ritgerðarinnar. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman í 7. kafla.

2 Almennt um kröfurétt

2.1 Hugtakið kröfuréttur

Hugtakið *kröfuréttur* getur haft þrenns konar merkingu. Í *fyrsta lagi* er hugtakið notað yfir allar réttarreglur sem varða kröfuréttindi, í *öðru lagi* vísar hugtakið til þeirra heimilda sem kröfuhafa standa til boða, og hefur hugtakið þá sömu þýðingu og kröfuréttindi, og í *þriðja lagi* er það notað sem heiti á fræðigrein innan lögfræðinnar.³ Í fræðiritum um einstök svið í lögfræði hefur það tíðkast að staðsetja þá grein sem til umfjöllunar er innan *fræðikerfis lögfræðinnar*. Grundvallarskipting, sem á rót sína að rekja til Rómarréttar, gengur út frá því að réttarreglum sé hægt að skipta í tvennt, annars vegar í allsherjarrétt og hins vegar í einkarétt. Í stuttu máli er einkaréttur samansafn réttarreglna sem fjalla um samskipti borgaranna sín á milli, á meðan reglur sem falla undir allsherjarrétt varða opinbera hagsmuni, t.d. réttarreglur um starfsemi ríkis, samskipti opinberra aðila sín á milli og afstöðu ríkis til þeirra sem heyra undir lögsögu þess. Flokka má sviðin enn frekar, en einkarétti er jafnan skipt í fjögur meginsvið: Annars vegar persónurétt, erfðarétt og sifjarétt, og hins vegar fjármunarétt. Fjármunaréttur fjallar um efnahagsleg eða fjárhagsleg gæði af einhverjum toga, en þó ber að taka fram að reglum fjármunaréttar er oft unnt að beita um önnur réttindi en fjárhagsleg. Einnig skal það tekið fram að ýmis fjárhagsleg samskipti einstaklinga eða lögpersóna við ríkisvaldið falla utan umfjöllunar í fjármunarétti þar sem opinberar reglur kunna að eiga við um slík samskipti, en lagareglur um skyldu til greiðslu skatta er dæmi um slíkt. Hin fræðilega flokkun er því ekki einhlít, en er engu að síður hagnýt því hún stuðlar meðal annars að ákveðnu verklagi þegar lögfræðileg viðfangsefni eru til skoðunar.⁴

Kröfuréttur er, þegar hugtakinu er beitt sem heiti á fræðigrein, ein af undirgreinum fjármunaréttar. Aðrar undirgreinar hans eru eignaréttur, skaðabótaréttur og samningaréttur.⁵ Í næstu köflum verður fjallað um þær réttarheimildir sem gilda innan kröfuréttar og grundvallarhugtök útskýrð.

2.2 Réttarheimildir kröfuréttar

2.2.1 Almennt

Umfjöllun um réttarheimildir er viðfangsefni inngangsfræða á sviði lögfræði og því ekki efni ritgerðarinnar. Hér verður þó stuttlega gerð grein fyrir helstu atriðum um réttarheimildir sem sérstaklega skipta máli fyrir kröfurétt.

³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 17.

⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 19-21.

⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 26.

Unnt er að skilgreina hugtakið réttarheimild á ýmsa vegu, en fræðimaðurinn Sigurður Líndal skilgreinir það með eftirfarandi hætti í riti sínu *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – Réttarheimildir I*:

Réttarheimildir eru þau viðmið – gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað – sem almennt er viðurkennt að nota skuli eða nota megi til rökstuðnings þegar réttarreglu er slegið fastri eða hún mótuð almennt eða í ákveðnu tilfalli.⁶

Hinar almennt viðurkenndu réttarheimildir verða nú skoðaðar nánar, en það eru sett lög, réttarvenjur, dómafordæmi, meginreglur laga og eðli máls. Almennt myndu skoðanir fræðimanna ekki teljast til almennt viðurkenndra og sjálfstæðra réttarheimilda,⁷ en hér verður engu að síður gerð stuttlega grein fyrir þeim.

2.2.2 Sett lög

Í flestum löndum Evrópu eru sett lög sú réttarheimild sem mestu máli skiptir, en að baki því búa lýðræðis-, réttarríkis- og hagkvæmnissjónarmið. Sett lög má flokka í tvennt, annars vegar í sett lög í þrengri merkingu og hins vegar í sett lög í rýmri merkingu (stjórnsýslufyrirmæli). Í fyrri flokkinn falla reglur sem settar eru af handhöfum lagasetningarvalds, en sett lög í rýmri merkingu eru sett af handhöfum framkvæmdarvalds.⁸ Á sviði kröfuréttar eru sett lög mikilvægasta réttarheimildin þegar kemur að úrlausn ágreiningsmála,⁹ einkum *almenn lög*, sem falla undir sett lög í þrengri merkingu. Almenn lög eru þau lög sem Alþingi setur og staðfest eru með undirritun forseta Íslands eða handhafa forsetavalds, sbr. 2. gr., 19. gr. og 26. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.¹⁰ *Erlendar réttarheimildir* hafa sífellt meiri áhrif á reglur landsréttar vegna aukinna áhrifa alþjóðlegrar þróunar á lagasetningu á Íslandi, og á það einnig við um kröfurétt. Meginmáli EES-samningsins var veitt lagagildi hér á landi með 2. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, en í samningnum felst skuldbinding um að taka upp í íslenskan landsrétt gerðir, sem samsvara bæði reglugerðum og tilskipunum ESB. Í 3. gr. laganna er að finna túlkunarreglu þess efnis að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum hvíla. Erlendar réttarheimildir, bæði EES-samningurinn og aðrar þjóðaréttarlegar skuldbindingar, hafa því mikil áhrif á sett lög á Íslandi.¹¹

⁶ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 75-76.

⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 58.

⁸ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 79-80.

⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 44.

¹⁰ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 97.

¹¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 44-45.

Hér ber að taka fram að þótt sett lög geymi þýðingarmestu réttarheimildirnar á sviði kröfuréttar, þá er einkennandi fyrir réttarsviðið að margar af lagareglum þess eru frávíkjanlegar. Með því er átt við að lagareglurnar gilda að því marki að ekki sé samið um annað.¹² Kröfuréttur hefur nán tengsl við aðrar greinar innan fjármunaréttarins, þar á meðal samningarétt. Ein af meginstoðum þess réttarsviðs er meginreglan um sammingsfrelsi borgaranna, en í henni felst að mönnum er almennt heimilt að ráða því við hverja þeir semja, um hvað þeir semja og hvort samið sé yfirhöfuð.¹³ Þótt reglan sæti ýmsum takmörkunum, þá setur hún mark sitt á kröfurétt og þær réttarheimildir sem á því sviði gilda. Því sjónarmiði hefur verið hreyft að eitt helsta mikilvægi kröfuréttar felist í því að vera það sem nefna má „uppfyllingarréttur“ (d. udfylgende ret). Hinar almennu reglur kröfuréttar komi þá til fyllingar þegar einstaklingar hafa ekki samið sérstaklega um skuldarsamband sitt.¹⁴ Hafa sett lög þá mikilvægu hlutverki að gegna eins og áður segir, einkum löggjöf á sviði kauparéttar og ber helst að nefna lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup (hér eftir lkpl.).¹⁵

2.2.3 Réttarvenjur

Í íslenskum rétti er almennt viðurkennt að háttsemi sem menn hafa fylgt í tiltekinn tíma geti orðið grundvöllur undir réttarreglu, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Venja getur því orðið réttarheimild og nefnist þá réttarvenja.¹⁶ Á sviði kröfuréttar hafa réttarvenjur talsvert gildi, einkum viðskiptavenjur, en skilyrði slíkrar venju er jafnan að henni sé fylgt innan viðkomandi greinar og að hún sé almennt viðurkennd. Af því leiðir að mismunandi viðskiptavenjur geta myndast á ólíkum mörkuðum, og þá þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort og hvaða venja gildir.¹⁷

Vægi viðskiptavenja sem réttarheimildar felst ekki síst í því að í mörgum lögum á sviði kröfuréttar er beinlínis tekið fram að venja gangi framur ákvæðum viðkomandi laga. Í 3. gr. lkpl., sem ber yfirheitið „Samningar og viðskiptavenjur“ segir að ákvæði laganna eigi ekki við þegar annað leiði af samningi (sbr. umfjöllun í kafla 2.2.2), fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi á milli aðila. Sambærilegt ákvæði var að finna í eldri lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Af ákvæðinu er ljóst að viðskiptavenjur ganga framur lögnum, en ákvæðið er þó ekki bundið við slíkar venjur.¹⁸ Venja

¹² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 42.

¹³ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25-26.

¹⁴ Kim Frost: „Om retten og pligten til naturalopfyldelse“, bls. 94.

¹⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 59.

¹⁶ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 151 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 48.

¹⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 49.

¹⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 48.

kann að myndast milli aðila að tilteknu samningssambandi án þess að vera almennt viðurkennd sem viðskiptavenja og yrði slík venja lögð til grundvallar ef ágreiningur rís milli aðila, samkvæmt ákvæðinu. Nefna má dæmi úr dómaframkvæmd Hæstaréttar um slíkan ágreining, sem þó varðar ekki lausafjárkaup. Í *Hrd. 1948, bls. 100* voru málavextir þeir að A leigði íbúð í húsi E. Vanskil urðu á leigugreiðslum og E krafðist í kjölfarið útburðar á A. Upplýst var í málinu að í samningssambandi milli A og E hafði það viðgengist athugasemdalaust, að A hafði greitt E húsaleigu fyrir marga mánuði í einu eftir á. Ósannað var í málinu að E hefði skorað á A að breyta þessu fyrirkomulagi greiðsluhátta, fyrr en hann krafðist útburðar. Hæstiréttur taldi að eins og málum væri háttað hefði A ekki fyrirgert leigurétti sínum vegna vanskila á greiðslu húsaleigu. Það skal þó tekið fram að ummæli í dómnum benda til þess að kröfuhafi geti hvenær sem er breytt venjunni sem skapast hefur milli aðila, það er að segja látið leigutakann vita að greiðslur verði í framtíðinni að greiða á réttum tíma.¹⁹ Ótækt væri að samningsaðilar gætu ekki vikið frá venjum sem skapast hafa þeirra á milli, en þó kann að vera að slíkt þurfi að gera með hæfilegum fyrirvara, einkum vegna tillitsskyldunnar svokölluðu sem fjallað verður um síðar í ritgerðinni.

Réttarvenjur hafa sem fyrr segir mikið vægi á sviði kröfuréttar, og fjármunaréttar í heild, en í 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 (hér eftir smnl.) er að finna mikilvægt ákvæði. Þar segir að samningi megji víkja í heild eða hluta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hér er því um að ræða lagaákvæði sem heimilar ógildingu samnings ef hann fer í bága við venju. Einnig má nefna 3. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð (hér eftir svl.), en þar segir að ef ákvæði í veðsamningi heimili eindögun veðskulda í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. ákvæðisins megji víkja því til hliðar í heild eða hluta eða breyta því, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.²⁰ Sjálfstæð þýðing ákvæðisins er þó takmörkuð því að það felur í sér áréttingu á því að um ósanngjarna samningsskilmála í veðbréfum gildir III. kafli smnl., sem fjallar um ógilda löggæringa.²¹

Að lokum má nefna að ítrekuð fordæmi úr dómaframkvæmd mynda svokallaða *dómvenju*, og því ljóst að dómstólar móta einnig réttarvenjur.²² Er þá um að ræða svo þekkta og alkunna venju að óþarfi þykir að vísa til einstakra fordæma. Í *Hrd. 2002, bls. 3175 (230/2002)* sagði að þegar um peningakröfu væri að ræða fyrir dómi, sem skuldari hefði greitt að hluta, væri löng

¹⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 50.

²⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 48-49.

²¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 95.

²² Sigurður Línadal: *Um lög og lögfræði*, bls. 166.

dómvenja fyrir því að láta við það sitja að kveða á um skyldu hans til að greiða upphaflegan höfuðstól kröfunnar með nánar tilgreindum vöxtum, án þess að mælt væri berum orðum fyrir um af hvaða fjárhæð þeir skyldu reiknast á hverjum tíma, en allt að frádreginni einni eða fleiri innborgun sem hafi verið inntar af hendi á tilteknum dögum.²³ Fleiri dómvenjur mætti nefna af sviði fjármunaréttar, til dæmis sakarregluna og regluna um vinnuveitendaábyrgð úr skaðabótarétti. Sumir fræðimenn vilja þó frekar líta á slíkar dómvenjur sem fordæmi, en að þeim verður vikið í næsta kafla.²⁴

2.2.4 Fordæmi

Þegar ágreiningur rís á milli aðila kunna sett lög eða venjur að leysa úr deilunum. Oft ríkir þó óvissa um gildandi réttarreglur, og eiga hlutaðeigandi yfirleitt möguleika á því að leita til dómstóla með ágreining sinn. *Fordæmi* er dómsúrlausn sem hefur gengið um tiltekið réttatriði, og þeirri dómsúrlausn verður síðar beitt sem fyrirmynd í öðru dómsmáli.²⁵ Niðurstaða dómsmáls um ágreining tveggja aðila kann því að hafa áhrif á niðurstöðu annarra og óskyldra aðila síðar meir. Fræðimenn hafa velt upp þeirri spurningu hvort fordæmi séu sjálfstæðar og bindandi réttarheimildir.²⁶ Um það verður þó ekki fjallað hér, heldur nægir að taka fram að í sögulegu samhengi eru fordæmi fyrirferðameiri og mikilvægari sem réttarheimild en áður fyrr. Orsakast það meðal annars af auknum framförum og breytingum í þjóðfélaginu sem hefur valdið því að mörg lagafyrirmæli verða almennt orðuð, sem vísa ákvörðunarvaldi að einhverju leyti til dómstólanna. Á Íslandi eru fordæmi líklega mikilvægari réttarheimild en á hinum Norðurlöndunum vegna tíðari og umfangsmeiri endurskoðunar löggjafar í nágrannalöndunum en hér á landi. Þar að auki hafa fræðimenn bent á að margar af reglum fjármunaréttarins eiga rót sína að rekja til fordæma, og má sem dæmi nefna áðurnefnda sakarreglu og regluna um vinnuveitendaábyrgð úr skaðabótarétti.²⁷

Þegar rannsóknarefni ritgerðarinnar verður kannað í 3. og 4. kafla verður að miklu leyti stuðst við dómafordæmi. Helgast það einkum af því að sett lög veita ekki næga innsýn í viðfangsefnið og við slíkar aðstæður eykst mikilvægi annarra réttarheimilda eins og fordæma, sem og meginreglna laga og eðlis máls.

²³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 49.

²⁴ Sjá Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 166.

²⁵ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 193 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 51.

²⁶ Sjá Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 103-157.

²⁷ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 166 og 238.

2.2.5 Meginreglur laga og eðli máls

Engin réttarskipan er svo fullkomin að hún veiti svar við öllum lagalegum álitafnum í settum lögum, og stundum er engin svör heldur að finna í réttarvenju eða fordæmum. Dómarar, og aðrir úrskurðaraðilar, þurfa engu að síður að komast að niðurstöðu um fyrirbyggjandi ágreining því þeir geta ekki vísað máli frá þótt reglu skorti. Þeir geta þá þurft að móta réttarreglu, eða jafnvel setja nýja reglu.²⁸ Í íslenskum dómum er stundum unnt að sjá að niðurstöður mála séu studdar með hugtökum eins og *meginreglum* eða *grunnreglum*.

Um þessa réttarheimild skal í *fyrsta lagi* sagt, að sumar meginreglur eru óskráðar, þótt tilvist þeirra sé óumdeild. Meginreglan um að samninga skuli halda (l. *pacta sunt servanda*) er til að mynda hvergi orðuð í íslenskum rétti en er þó bersýnilega forsenda sem ýmis lög á sviði kröfuréttar hvíla á, til dæmis lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Hefur hún verið lögð til grundvallar sem rökstuðningur fyrir niðurstöðu í dómaframkvæmd, sbr. *Hrd. 2003, bls. 3542 (124/2003)*. Í *annan stað* kunna meginreglur að búa að baki tilteknum lagaákvæðum. Slíkum lagaákvæðum er stundum beitt á grundvelli þeirrar meginreglu, eða grunnrökum sem búa að baki því, og þannig er reglunni veitt víðtækara gildissvið en leiðir af lagaákvæðinu sjálfu. Dæmi um það er meginregla kröfuréttar um hið sanngjarna og réttláta verð (l. *pretium justium*). Hana er meðal annars að finna í 45. gr. l.kpl., en reglunni hefur oft verið beitt í viðskiptum sem ekki heyra undir þau lög þegar ekki er við önnur lög að styðjast, sbr. *Hrd. 2004, bls. 23 (248/2003)*. Í *þriðja lagi* er meginreglum stundum beitt á grundvelli tiltekinnar stefnu í íslenskum lögum á ákveðnu sviði, án tengsla við einstakt lagaákvæði. Í *Hrd. 13. september 2007 (32/2007)*, sem varðaði rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár, vísaði Hæstiréttur til þeirrar meginreglu íslensks réttar, að þeir sem fyrir mistök fá greidda peninga sem þeir eigi ekki rétt á, skuli endurgreiða þá. Ekki var vísað í neitt sérstakt lagaákvæði þessu til stuðnings.²⁹

Í fræðiritum á sviði kröfuréttar er gjarnan minnst á „almennar reglur kröfuréttar“, en með því er átt við það sem hér var nefnt að framan, það er að segja samansafn meginreglna á sviði kröfuréttar, bæði lögfestar og ólögfestar.³⁰

Eðli máls er önnur réttarheimild, sem líkt og meginreglur laga á við þegar um ákveðið lagalegt tómarúm er að ræða hvað varðar sett lög. Þegar regla er mótuð á grundvelli eðlis máls er litið til réttlætis- eða sanngirnisjónarmiða, og reynt að móta reglu á almennan og sem hagkvæmastan hátt.³¹

²⁸ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 325-326.

²⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 54-56.

³⁰ Sjá Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*, bls. 272 og áfram.

³¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 56.

2.2.6 Fræðiskoðanir

Sjaldgæft er að í dómum sé vísað til skoðana fræðimanna, enda eru þær almennt ekki taldar til sjálfstæðra réttarheimilda. Fræðiskoðanir hafa þó mikið vægi við skýringu réttarreglna á sviði fjármunaréttar, einkum á sviði kröfuréttar, og hafa kenningar danskra og norskra fræðimanna haft mikil áhrif við úrlausn vafaatriða í ólögfestum tilvikum.³²

2.3 Grundvallarhugtök

Áður en rannsóknarefnið er kannað í næstu tveimur köflum er rétt, samhengisins vegna, að fjalla í stuttu máli um grundvallarhugtök sem gilda í kröfurétti.

2.3.1 Hugtakið krafa, lögvernd krafna og stofnunarhættir þeirra

Í riti Ólafs Lárussonar, *Kaflar úr kröfurétti*, er hugtakið krafa skilgreint með eftirfarandi hætti:

Krafa (kröfuréttur, kröfuréttindi) er lögvarin heimild manns (kröfuhafans) til þess að krefjast þess af öðrum aðila (skuldara, skuldunaut), að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert.³³

Í upphafi 2. kafla segir að hugtakið „kröfuréttur“ geti haft þrenns konar merkingu, þar á meðal vísi hugtakið til þeirra heimilda sem kröfuhafa standa til boða. Hugtökin krafa, kröfuréttur og kröfuréttindi kunna því öll að hafa sömu merkingu, en inntak hugtakanna eru þær skuldbindingar sem skuldari ber ábyrgð á, í samræmi við framangreinda skilgreiningu Ólafs Lárussonar. Örðugt er að skilgreina hugtakið nánar með jákvæðum hætti, en hér skal nefnt neikvætt skilgreiningaratriði sem á við hugtakið kröfurétt. Samkvæmt því er ekki um að ræða kröfu ef hún nýtur ekki lögverndar, en það eru til dæmis skuldir sem stofnast með ólögmati háttsemi, eins og spilaskuldum. Skuldir án lögverndar geta þó einnig verið skuldir sem spretta af löglegum gerningum en hafa misst lögvernd sína vegna fyrningar.³⁴ Til þess að um gilda kröfu sé að ræða verður hún því að njóta lögverndar. Ef krafa er án lögverndar nýtur hún ekki verndar réttarins. Slíkar kröfur geta haft takmörkuð réttaráhrif en kröfuhafi getur ekki nýtt sér úrræðin sem réttarskipunin býr yfir, til dæmis að fá dóm um kröfuna. Í *Hrd. 1948, bls. 1* var um að ræða kröfu af slíkum toga, þar sem krafa naut ekki lögverndar vegna þess að hún átti rót sína að rekja til ólögmatrar háttsemi. Krafan stofnaði því engan efnislegan rétt handa kröfuhafa gagnvart skuldara.³⁵

³² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 58.

³³ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 5.

³⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 74.

³⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 74-75 og 80.

Kröfur geta stofnast með mismunandi hætti milli aðila, en tveir algengustu stofnunarhættirnir eru annars vegar með loforði og hins vegar skaðaverk.³⁶ Skaðaverk getur orðið vegna athafnar eða athafnaleysis, sem kann að leiða til skaðabótaskyldu. Um slíkar kröfur er fjallað á öðru réttarsviði, nánar tiltekið í skaðabótarétti. Algengast er að kröfuréttindi stofnist fyrir tilstilli loforðs. Loforð, sem loforðsmóttakandi þarf að samþykkja, nefnist tilboð. Þegar tilboð hefur verið samþykkt er kominn á samningur.³⁷ Til eru fleiri stofnunarhættir, en hér verður látið við það sitja að nefna þá algengustu því kröfur sem stofnast á grundvelli samninga eru umfjöllunarefni þessarar ritgerðar, og verður í framhaldinu miðað við slíkar kröfur. Á grundvelli samnings milli aðila kann að stofnast ákveðið samband, svonefnt skuldarsamband.

2.3.2 Skuldarsamband og greiðsla

Kröfuréttur er það svið innan réttarskipunarinnar sem hefur að geyma reglur um lagalega stöðu aðila þegar þeir eiga í innbyrðis samskiptum, og þessi samskipti falla undir hugtakið skuldarsamband.³⁸ Skuldarsamband, sem einnig mætti kalla kröfuréttarsamband, er þess eðlis að annar aðilinn, kröfuhafinn, á kröfu á hendur gagnaðila sambandsins, skuldarannum. Inntak kröfunnar felur í sér ákveðna skyldu, annað hvort til athafnar eða athafnaleysis. Þegar slík skylda stofnast á grundvelli samnings felst hún í greiðslu tiltekins verðmætis. Greiðsla samkvæmt samningi aðila er því andlag kröfuréttindanna sem skuldari hefur með loforði skuldbundið sig til að afhenda kröfuhafa.³⁹

Skuldarsambönd geta bæði verið einhliða og gagnkvæm. *Gagnkvæm skuldarsambönd*, sem eru algengari, eru skuldarsambönd þar sem báðir aðilar þurfa að inna af hendi ákveðna greiðslu og báðir eiga kröfu á hendur gagnaðila sínum. Kröfurnar eru þá ósjálfstæðar að því leyti að skylda annars aðilans til efnda er háð því að gagnaðilinn efni sína skyldu.⁴⁰ Báðir eru kröfuhafar og báðir eru skuldarar. Til aðgreiningar á skyldum aðila er sú greiðsla, sem ekki felst í greiðslu peninga, kölluð *aðalgreiðsla*. Andlag slíkrar greiðslu er aðalefni samnings, en litið er á peninga sem endurgjald sem greitt er fyrir aðalgreiðsluna. Aðalgreiðsla kann til dæmis að vera söluhlutur, en *peningagreiðslan* er endurgjald hlutarins.⁴¹ Í samræmi við fyrrnefnd hugtök er sá sem skuldar annað en peninga jafnan nefndur *aðalskuldari*, sem gjarnan er seljandi,

³⁶ Ólafur Lárússon: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 12.

³⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 75.

³⁸ Bernhard Gomard: *Obligationsret. 1. del*, bls. 1.

³⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 67.

⁴⁰ Viggo Hagstrøm: *Obligasjonsrett*, bls. 37-38 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 70.

⁴¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 98.

leigusali, verktaki, framflytjandi og því um líkt, en sá sem skuldar peningagreiðslu, til dæmis kaupandi, leigutaki eða verkkaupi, kallast *peningaskuldari*.⁴²

Einhlíða skuldarsambönd grundvallast á því að það er eingöngu kröfhafi sem á rétt á greiðslu úr hendi skuldara. Skuldari á því enga kröfu á hendur kröfuhafanum og því er hugtakanotkunin einfaldari í slíkum skuldarsamböndum. Dæmi um einhlíða skuldarsambönd eru gjafaloforð eða skuldabréf.⁴³ Í fyrrnefndu riti Ólafs Lárussonar eru *skuldabréf* skilgreind svo:

Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing, þar sem útgefandinn viðurkennir einhlíða skyldu sína til að greiða peningagreiðslu.

Þar kemur einnig fram að skuldabréf eru alltaf loforð, og grundvöllur kröfu um greiðslu peninga, og loforðið má ekki vera bundið neinum forsendum eða skilyrðum.⁴⁴ Rétt er að taka fram að sú peningafjárhæð sem lofað er að greiða verður að vera ákveðin, en loforð um ótilgreinda peningafjárhæð myndi ekki flokkast sem skuldabréf.⁴⁵ Við þetta má bæta að skuldabréf eru gefin út af einum aðila til annars, annað hvort til nafngreinds aðila eða handhafa.⁴⁶

2.3.3 Aðal- og aukaskyldur

Í kafla 2.3.2 hér að framan var fjallað um mismunandi tegundir greiðslna, og að unnt sé að skipta þeim í aðalgreiðslu annars vegar og peningagreiðslu hins vegar. Í skuldarsamböndum má einnig skipta skyldum aðila í aðalskyldu og aukaskyldu.

Aðalskylda samningsaðila er kjarni samningsins, með öðrum orðum það sem hann snýst aðallega um, út frá sjónarhóli beggja aðila. Aðalskylda seljanda kaupsamnings er að afhenda vöruna. Peningagreiðsla kaupanda er eins og áður segir endurgjaldið en ekki aðalgreiðslan í slíkum viðskiptum. Engu að síður er aðalskylda kaupandans að greiða kaupverðið.⁴⁷ Þótt hugtökin aðalskylda og aðalgreiðsla fari saman í tilviki seljanda í dæminu, þá gera þau það ekki í tilviki kaupanda. Því þarf að gera greinarmun á hugtakanotkun varðandi aðalgreiðslu og aðalskyldu.

Aukaskyldur eru skyldur sem samningur aðila kann að mæla fyrir um sem ekki myndu flokkast sem aðalskyldur. Þær koma til viðbótar aðalskyldunni og geta gilt við

⁴² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 98 og Viggo Hagstrøm: *Obligasjonsrett*, bls. 38.

⁴³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 68.

⁴⁴ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 59-60.

⁴⁵ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 31.

⁴⁶ Paul Dobson: *Charlesworth's Business Law*, bls. 539.

⁴⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 83.

samningsgerðina, meðan á skuldarsambandi stendur og eftir lok þess. Dæmi um samningsbundna aukaskyldu er ákvæði í ráðningasamningi um að samningsaðili megi ekki hefja störf hjá samkeppnisaðila eftir að störfum lýkur. Þegar skuldarsamband aðila felst í kaupsamningsgerð felst aðalskylda seljanda jafnan í afhendingu söluhlutar, en aukaskylda getur til að mynda falist í því að senda hlutinn til kaupanda. Aukaskyldur geta einnig átt röt sína að rekja til lagaákvæða, sbr. 28. gr. lkpl., eða til óskráðra reglna. Innihaldi aukaskyldna er örðugt að lýsa vegna fjölbreytileika þeirra, en markmið þeirra er gjarnan að gæta að hagsmunum kröfuhafa eða að auðvelda skuldara efndir kröfu sinnar, og því felst aukaskylda samningsaðila oft í svokallaðri *tillitsskyldu* í garð gagnaðila.⁴⁸ Inntak þeirrar skyldu felst í því að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna gagnaðila skuldarsambandsins. Tillitsskyldan getur grundvallast á óskráðum reglum, en áhrif hennar sjást í ýmsum lagaákvæðum á sviði kröfuréttar, til dæmis í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup, lögum nr. 40/2002 um fasteignakaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir þkpl., fkpl. og nkpl.). Áhrif tillitsskyldunnar hafa því haft veruleg áhrif á samninga- og kröfurétt á Íslandi, sem og á norrænan fjármunarétt almennt.⁴⁹

Aðgreiningin á milli aðal- og aukaskyldna þjónar bæði fræðilegum og hagnýtum tilgangi, en það skiptir til dæmis máli að greina á milli þeirra vegna þess að þau úrræði sem samningsaðili getur beitt vegna vanefndar gagnaðila kunna að vera mismunandi eftir því hvor skyldan er vanefnd.⁵⁰ Hefur þetta sérstaka þýðingu þegar um alvarlegri vanefndaúrræði eru að ræða, eins og riftun eða gjaldfellingu eftirstöðva skulda, því almennt er talið að þeim sé ekki unnt að beita nema vanefnd teljist veruleg.⁵¹ Um álitamál tengd þessu er fjallað í 4. og 5. kafla ritgerðarinnar.

Kröfum er almennt séð ekki ætlaður langur aldur. Það er þó misjafnt hversu löngum tíma þeim er ætlaður en sumar kröfur eru stofnaðar með það markmið að gilda árum saman, til dæmis lánveiting vegna fasteignakaupa.⁵² Þeim er þó ávallt ætlað að hafa endalok, því kröfuhafi ætlast til þess að krafan sé *efnd* með réttum hætti. Það gerist þegar skuldari hefur fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi aðila, og er stundum sagt að greiðsla kröfu sé hinn eðlilegi dauðdagi hennar.⁵³ Áður en sagt er skilið við 2. kafla um hin almennu atriði

⁴⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 83-85 og Carl Jacob Arnholm: *Almindelig obligasjonsrett*, bls. 15.

⁴⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 86 og Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 23-24.

⁵⁰ Bernhard Gomard: *Obligationsret. I. del*, bls. 49.

⁵¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 232-233.

⁵² Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*, bls. 111.

⁵³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 97.

kröfuréttar er því rétt að fjalla stuttlega um það hvernig krafa verður efnd með réttum hætti, og hverjar afleiðingarnar kunna að verða ef það misferst.

2.4 Efndir kröfu

2.4.1 Greiðslutími, greiðslustaður og greiðsludráttur

Greiðsla skuldara leiðir eingöngu til brottfalls á skyldum hans ef hún er efnd í samræmi við skylduna.⁵⁴ Réttar efndir á greiðsluskyldu velta á efni viðkomandi sammings, en ef sammingsákvæði skortir kunna lagareglur eða aðrar réttarheimildir að skipta máli varðandi ákvörðun um efni sammingsins. Almennt má þó segja að réttar efndir felji meðal annars í sér að afhent sé umsamin greiðsla, að kröfuhafi öðlist þá réttarstöðu sem um var samið og að greiðslan sé gallalaus. Þar að auki telst það almennt til réttra efnda krafna að þær séu greiddar á réttum tíma og á réttum stað.⁵⁵ Greiðslutími er mikilvægt hugtak fyrir rannsóknarefni þessarar ritgerðar, og því verður það kannað nánar.

Gjalddagi kröfu (d. forfaldstíð) er það tímamark kallað, þegar kröfuhafi hefur fyrst rétt á að krefja skuldara um greiðslu, svo framarlega sem ekki standi í vegi þeirri greiðslu neinar efndahindranir sem breyta skuldarsambandi aðila. Á skuldara hvílir þó ekki ætíð skylda til að greiða kröfuna á þessu tímamarki, vegna þess að í vissum tilvikum stofnast hún ekki fyrr en kröfuhafi hefur sinnt tilteknum skyldum af sinni hálfu. Frumkvæðisskylda kann að hvíla á kröfuhafa sem getur til dæmis falist í því að senda greiðsluáskorun til skuldara.⁵⁶ Ef um lausafjárkaup er að ræða, og kaupsamningur aðila er þögull um greiðslutíma, er að finna leiðbeiningarreglu í 1. mgr. 49. gr. lkpl. Þar segir að í slíkum tilvikum skuli kaupandi greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess, en þó ekki fyrr en hluturinn er afhentur kaupanda eða sendur honum til ráðstöfunar. Forsenda þess að aðili skuldarsambands, þegar um gagnkvæma samninga er að ræða, eigi rétt á sinni greiðslu, er að aðilinn inni sjálfur af hendi sína greiðslu, sbr. fyrrnefnt ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup ásamt 10. gr. sömu laga.⁵⁷

Gjalddagi er mikilvægt tímamark fyrir margar sakir, en hann þarf að vera liðinn svo að um vanefnd skuldara sé að ræða í formi greiðsludráttar.⁵⁸ Rannsóknarefni ritgerðarinnar lýtur að beitingu gjaldfellingar eftirstöðva skulda vegna greiðsludráttar, eins og áður segir. Þegar metið er hvort slík vanefnd hafi átt sér stað er því litið til umsamins gjalddaga. Þegar samningur er

⁵⁴ Ólafur Lárússon: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 66.

⁵⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 270.

⁵⁶ Bernhard Gomarð: *Obligationsret. 1. del*, bls. 91-92 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 194.

⁵⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 195.

⁵⁸ Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 44-45, Per Augdahl: *Den norske obligasjonsretts almindelige del*, bls. 36 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 195.

hins vegar hljóðlátur hvað þetta tímamark varðar er gjalddagi kröfunnar strax við stofnun hennar. Í slíkum tilvikum ber skuldara því að inna af hendi greiðslu sína þegar kröfuhafi krefst þess, sbr. *Hrd. 1999, bls. 3831 (185/1999)*. Í málinu var tiltekið peningalán veitt 11. maí 1989. Hæstiréttur tók fram að ekki hefði verið samið um gjalddaga skuldarinnar, og því gat lánveitandi (kröfuhafi) krafist greiðslu þegar eftir 11. maí 1989. Þegar ekki er samið um gjalddaga kunna frávikjanlegar lagareglur af sviði kröfuréttar að veita leiðsögn. Í 1. mgr. 9. gr. lkpl. er að finna viðmið varðandi afhendingu söluhlutar, en þar segir að hann skuli afhenda innan sanngjarns tíma frá því að kaup gerðust, en slíkt mat er atviksbundið. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. lkpl., sem áður var nefnt, skal kaupandi afhenda sína greiðslu þegar seljandi krefst þess, en þó ekki fyrr en söluhlutur stendur honum til ráðstöfunar. Í fasteignaviðskiptum er leiðbeiningarregla hvað þetta varðar í 1. mgr. 11. gr. fkpl. Þess efnis að seljanda sé ekki skylt að afhenda eignina nema kaupverð sé greitt samtímis. Að sama skapi ber kaupanda að greiða kaupverðið við afhendingu eignar, ef ekki er samið um gjalddaga. Hins vegar er algengast í gagnkvæmum samningum að aðilar semji um gjalddaga sín á milli, en fyrirnefnd ákvæði taka við þar sem samningsákvæðum sleppir.⁵⁹ Ákvörðun gjalddaga í samningi kann því að taka af öll tvímæli þegar metið er hvort um greiðsludrátt sé að ræða með tilheyrandi vanefndaúrræðum, en eins og áður segir þarf gjalddagi að vera liðinn svo að um slíka vanefnd sé að ræða. Gjalddagi hefur þó þýðingu varðandi fleiri atriði en eingöngu hvort um vanefnd sé að ræða. Forsenda þess að unnt sé að krefjast greiðslunnar sjálfrar er að gjalddagi hennar sé liðinn, og skuldajafnaðar er ekki unnt að krefjast fyrr en gjalddagi gagnkröfu er liðinn. Fyrningarfrestur byrjar einnig almennt að líða á gjalddaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda (hér eftir fyrnl.).⁶⁰ Gjalddagi þarf einnig að vera kominn svo að unnt sé að ganga að veði, en þá er veðhafa heimilt að leita fullnustu í hinni veðsettu eign, eftir atvikum að öðrum skilyrðum fullnægðum. Í slíkum tilvikum getur gjalddagi annars vegar verið fyrirfram ákveðinn í samningi aðila eða lögum, og hins vegar getur gjalddaga borið að fyrr en samkvæmt hinu fyrirfram ákveðna tímamarki vegna síðar tilkomina atvika. Um slík atvik er fjallað í 1. mgr. 9. gr. svl., en þar eru nefnd tilvik sem heimila veðhafa að eindaga kröfu sína þó svo að gjalddagi sé ekki kominn.⁶¹ Nánar verður fjallað um fyrrgreint ákvæði síðar í ritgerðinni.

Hugtakið *eindagi* (d. handlingstíð) er einnig mikilvægt hugtak fyrir rannsóknarefni þessarar ritgerðar, en um er að ræða ákveðinn greiðslufrest. Hefur eindagi verið skilgreindur sem tímamark eftir gjalddaga, þegar nauðsynleg skilyrði til efnda eru uppfyllt. Greiðsluskylda

⁵⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 203-206.

⁶⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 195-196.

⁶¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 279-280.

skuldara verður virk þegar kröfuhafi hefur skorað á hann að greiða og greiðslufrestur er liðinn.⁶² Stundum eru gjalddagi og eindagi sami dagur, en þá er enginn greiðslufrestur veittur og greiðsluskylda skuldara stofnast við gjalddaga. Greiðslufrestur kann að grundvallast á samningi aðila, oft með fyrirfram ákveðnum eindaga, en slíkur frestur kann einnig að byggjast á venju eða lögum, sbr. sjónarmið að baki 19. gr. þkpl. Danski fræðimaðurinn Henry Ussing fjallar um frestdaga (d. løbedage) í þessu samhengi í riti sínu *Obligationsretten - Almindelig del*, en það er tiltekinn frestur sem skuldari kann að hafa til þess að greiða skuld sína eftir gjalddaga, án þess að um vanefnd sé að ræða.⁶³

Lausnardagur (d. frigørelsestid) er það tímamark nefnt, þegar skuldari hefur fyrst rétt á að losna undan skyldu sinni samkvæmt skuldarsambandinu. Ef kröfuhafi hafnar móttöku greiðslunnar, eða neitar að stuðla að efndum með öðrum hætti eftir þetta tímamark, er um vanefnd af hans hálfu að ræða sem nefnist viðtökudráttur.⁶⁴ Oftast er um sama tímamark að ræða í tilviki gjalddaga og lausnardags en þó er mögulegt að aðilar semji um að lausnardagur sé á undan gjalddaga.⁶⁵

Gjalddagi og eindagi hafa sérstaka þýðingu þegar metið er hvort um greiðsludrátt sé að ræða, eins og áður segir. Greiðsludráttur er vanefnd á samningi aðila, en ýmis úrræði standa kröfuhafa til boða þegar skuldari greiðir ekki á réttum tíma. Verður nú stuttlega vikið að helstu vanefndaúrræðum kröfuréttar, en þeim má skipta í ýmsa flokka.

2.5 Vanefndaúrræði

2.5.1 Almenn

Þegar efndir á skuldarsambandi aðila fara ekki fram með réttum hætti er um vanefnd að ræða.⁶⁶ Aðilum að skuldarsambandi standa ýmsar heimildir til boða þegar vanefnd verður, svokölluð *vanefndaúrræði* eða *vanefndaheimildir*. Unnt er að flokka slíkar heimildir með ýmsum hætti. Í fræðiskrifum hefur tíðkast að skipta vanefndaheimildum annars vegar í *efndaheimildir*, og hins vegar í *gagnkvæmisheimildir*.⁶⁷

Efndaheimildir eru vanefndaúrræði sem kröfuhafi beitir í þeim tilgangi að fá efndir á samningi, enda er eðli slíkra úrræða að ná fram efndum, eða að minnsta kosti ígildi efnda, hjá

⁶² Bernhard Gomard: *Obligationsret. 1. del*, bls. 92 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 196.

⁶³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 197 og 210-211 og Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 47-48.

⁶⁴ Bernhard Gomard: *Obligationsret. 1. del*, bls. 93 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 197.

⁶⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 198.

⁶⁶ Per Augdahl: *Den norske obligasjonsretts almindelige del*, bls.170.

⁶⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 17.

skuldara. Vanefndaúrræði af þessu tagi eru skaðabætur, dráttarvextir og efndir *in natura*.⁶⁸ Efndir *in natura* er meginregla í íslenskum og norrænum rétti um að kröfuhafi eigi rétt á því að fá efndir á kröfu sinni í samræmi við aðalefni samnings.⁶⁹ Því hefur verið haldið fram að efndir *in natura* sé ekki vanefndaúrræði vegna þess að réttur kröfuhafa til þess að krefjast réttra efnda er ekki vanefndaheimild í eðli sínu, heldur réttur hans samkvæmt skuldarsambandinu. Í ljósi þess að það reynir oftast ekki á meginregluna um efndir *in natura* fyrr en samningur er vanefndur er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að flokka hana með vanefndaúrræðum.⁷⁰

Gagnkvæmisheimildir eru vanefndaúrræði sem kröfuhafi beitir í þeim tilgangi að fresta eða losna undan efndum samnings í heild eða að hluta. Þessi úrræði taka mið af því að skylda annars aðila gagnkvæms skuldarsambands til að greiða er háð því að gagnaðilinn inni einnig sína greiðslu af hendi. Úrræðin hafa því áhrif á það hvernig og hvort aðilar að gagnkvæmum samningi skiptast á greiðslum. Vegna þessa eðlis úrræðanna eru þau nefnd gagnkvæmisheimildir. Vanefndaúrræði af þessu tagi eru riftun, afsláttur og hald á eigin greiðslu (stöðvunarréttur).⁷¹

Þessi flokkun á helstu vanefndaúrræðum á sviði kröfuréttar tekur mið af því með hvaða hætti úrræðið hefur áhrif á skuldarsambandið, það er að segja hvert eðli þeirra er og tilgangur. Sum stuðla að efndum samnings, en önnur stuðla að hinu gagnstæða þannig að sá sem beitir þeim losnar undan efndum. Þetta er sú flokkun sem almennt er stuðst við í fræðiskrifum, en vegna viðfangsefnis þessarar ritgerðar þykir rétt að nefna aðra flokkun á vanefndaúrræðum, sem byggir á uppruna þeirra. Annars vegar þær vanefndaheimildir sem nefndar eru í lögum, ýmist frávíkjanlegar eða ófrávíkjanlegar. Hins vegar geta samningsaðilar samið sín á milli um það hvaða afleiðingar það hafi ef samningur er ekki efndur með réttum hætti.

2.5.2 Lögbundin vanefndaúrræði

Þau vanefndaúrræði sem hér voru nefnd að framan, það er efndir *in natura*, skaðabætur, dráttarvextir, hald á eigin greiðslu, afsláttur og riftun, er öll að finna í settum lögum. Í löggjöf á vettvangi kauparéttar, sem nefnd hefur verið, er unnt að finna flest þeirra.⁷² Ákvæði um riftun er til dæmis að finna í 25. gr. og 39. gr. lkpl., 14. gr. og 21. gr. þkpl., 32. gr. og 42. gr. fkpl. og 23. gr. og 32. gr. nkpl., vegna galla og greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þegar metið er hvenær

⁶⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 73.

⁶⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 26.

⁷⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 28-29 og Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 60.

⁷¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 17-18.

⁷² Ákvæði um dráttarvexti er ekki að finna í löggjöf á sviði kauparéttar, að undanskilinni 61. gr. fkpl., en um úrræðið vísast til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

slík lagaákvæði hafa áhrif á skuldarsamband aðila þarf að skoða gildissvið viðkomandi laga í hvert skipti. Sum ákvæði, eins og öll ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup og laga nr. 48/2003 um neytendakaup, eru ófrávíkjanleg, sbr. 3. gr. beggja laganna. Falli skuldarsamband aðila að gildissviði viðkomandi laga geta sammingsaðilar ávallt beitt fyrir sig lagaákvæðum líkt og 21. gr. þkpl. og 23. gr. nkpl., til þess að rifta samningi vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Skilyrði samkvæmt ákvæðunum þurfa þó vitanlega að vera uppfyllt, sem og önnur ólögfest skilyrði, eftir atvikum. Önnur lagaákvæði, eins og öll ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, eru frávikjanleg, sbr. 3. gr. laganna. Riftunarákvæðin í 25. gr. og 39. gr. lkpl. gilda því eingöngu ef aðilar hafa ekki samið um annað.

Það er því ljóst að lögfesting á vanefndatilvikum og vanefndaúrræðum kann að skipta miklu máli fyrir skuldarsamband aðila, enda eru samningar misítarlegir og jafnvel án ákvæða sem varða slík atriði. Á hinn bóginn geta samningar verið nákvæmir og haft að geyma ítarleg ákvæði um vanefndatilvik og úrræði vegna þeirra.

2.5.3 Samningsbundin vanefndaúrræði

Af meginreglunni um sammingsfrelsi, sem fyrr var vikið að í ritgerðinni, leiðir að margar af hinum almennu reglum kröfuréttar eru frávikjanlegar, það er að segja þær eru samningi aðila til fyllingar um atriði sem ekki eru skýr.⁷³ Það ræðst fyrst og fremst af samningi aðila hvað séu réttar efndir, en um það hefur verið fjallað að einhverju leyti.⁷⁴

Almennar reglur kröfuréttar um vanefndir og afleiðingar þeirra eru miðaðar við hvað sé hentugast þegar aðilar hafa ekki samið um slík atriði. Það er hins vegar algengt að aðilar skuldarsambands semji sín á milli um að víkja frá hinum almennu reglum hvað þetta varðar vegna þess að aðstæður þeirra kunna að kalla á önnur úrræði en leiðir af hinum frávikjanlegu lagareglum. Til dæmis gætu aðilar samið um að beiting tiltekinna vanefndaúrræða sé verulega takmörkuð, eða samið um að beiting þeirra sé heimil en að öðrum skilyrðum uppfylltum en leiðir af hinum almennu reglum.⁷⁵ Riftun, sem er mest íþyngjandi vanefndaúrræðið,⁷⁶ er ekki unnt að beita vegna galla í lausafjárkaupum nema gallinn sé verulegur samkvæmt 1. mgr. 39. gr. lkpl. Aðilar að skuldarsambandi sem fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup gætu til að mynda samið um að riftun sé tæk vegna vanefndatilvika sem myndu almennt séð ekki teljast til verulegra vanefnda. Þeir gætu einnig samið um að beiting riftunar sé með öllu ótæk, en þess

⁷³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 327.

⁷⁴ Um túlkun samninga á sviði kröfuréttar sjá Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 147-161.

⁷⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 328.

⁷⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 79.

í stað myndi samningsaðili bæta úr göllum.⁷⁷ Samningsfrelsið veitir aðilum því aukið svigrúm. Það þarf þó ávallt að hafa í huga að þótt margar lagareglur séu frávíkjanlegar á sviði kröfuréttar kunna aðrar ófrávíkjanlegar réttarreglur að setja samningsfrelsinu skorður, til dæmis reglurnar í III. kafla smnl., sem fjallar um ógilda löggerninga.

Ásamt því að veita meira svigrúm er aukinn fyrirsjáanleiki einn helsti kostur þess að víkja frá almennum reglum um vanefndir og afleiðingar þeirra með samningi. Hinar almennu reglur hafa stundum að geyma matskennd skilyrði fyrir beitingu vanefndaúrræða, sem helgast af almennu eðli þeirra. Meginskilyrði riftunar, um að vanefnd þurfi að vera veruleg, er til dæmis mjög matskennt. Ef aðilar semja sín á milli um nákvæmari útfærslu á því hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo að unnt sé að krefjast riftunar getur það stuðlað að meiri fyrirsjáanleika. Samningar um vanefndir og afleiðingar þeirra hafa því þann kost í för með sér að aðilar að skuldarsambandi sníða samninginn að sínum hagsmunum, sem kann að eyða óvissu sem skapast getur ef beita þarf matskenndum vanefndaúrræðum úr settum lögum.⁷⁸

Samningar um vanefndatilvik og vanefndaafleiðingar eru algengir í framkvæmd, einkum á sviði viðskiptalífsins. Í lánasamningum tíðkast það til dæmis að ákveða fyrirfram tilvik sem teljast til vanefnda, og þau úrræði sem lánveitandi getur gripið til við slíkar aðstæður.⁷⁹ Samningsfrelsið leiðir til þess að unnt er að semja um auknar vanefndaheimildir en leiða af almennum reglum, eins og nefnt var hér að framan. Þegar slík ákvæði eru samin þurfa samningsaðilar þó ávallt að hafa í huga 36. gr. smnl, því vanefndaheimildirnar mega ekki vera ósanngjarnar miðað við umræddar vanefndir. Dæmi um samingsákvæði sem veita kröfuhafa rýmri heimildir í þessum efnum eru ákvæði sem heimila gjaldfellingu eftirstöðva skulda (l. clausula cassatoria).⁸⁰ Lagaákvæði um slíkt vanefndaúrræði er hvergi að finna í löggjöf á sviði kauparéttar. Það er hins vegar að finna í lögum nr. 75/1997 um samningsveð. Í 9. gr. laganna er fjallað um gjaldfellingu, og samkvæmt 1. mgr. 2. gr. eru lögin frávíkjanleg að hluta til en þar segir að víkja megi frá ákvæðum laganna með samningi nema annað sé tekið fram eða leiða megi af atvikum. Sem dæmi um ófrávíkjanlegt ákvæði í lögnum er 18. gr. svl. sem fjallar um veðsetningu aðgreindra eignarhluta í fjöleignarhúsi. Þótt ekki sé unnt að leiða af orðalagi ákvæðis í lögnum að það sé ófrávíkjanlegt, þá kann það engu að síður að verða niðurstaðan ef slíkt má „leiða af atvikum“ sbr. 1. mgr. 2. gr. svl. Hins vegar veita hvorki skýringar í

⁷⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 328.

⁷⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 328-329 og Viggo Hagström: *Obligasjonsrett*, bls. 642.

⁷⁹ Stefán A. Svensson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I. Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 10-11.

⁸⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 340.

greinargerð, né ákvæðið sjálf, leiðbeiningar um hvenær slíkt megi leiða af atvikum.⁸¹ Af lestri 3. mgr. 9. gr. svl. má ætla að ákvæðið sé frávikjanlegt, þannig að aðilum sé til dæmis unnt að semja um að aðrar ástæður heimili gjaldfellingu heldur en nefndar eru í 1. mgr. ákvæðisins.

Gjaldfelling eftirstöðva skulda getur því bæði verið lögbundið og samningsbundið vanefndaúrræði. Það fellur ekki vel að þeirri flokkun sem nefnd var í byrjun þessa kafla. Að vissu leyti er tilgangur þess að stuðla að efndum, líkt og efndaheimildin efndir *in natura*, en úrræðið hefur þó einnig einkenni riftunar, sem flokkast almennt séð sem gagnkvæmisheimild. Fræðileg flokkun á úrræðinu er því ekki einhlít, en vegna þess hversu algengt það er að sjá gjaldfellingarákvæði í samningum er það yfirleitt skilgreint sem samningsbundið vanefndaúrræði.⁸² Í næsta kafla verður úrræðið kannað með almennum hætti, en gerð verður grein fyrir uppruna þess og kennilegum grundvelli.

⁸¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 75.

⁸² Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 40.

3 Gjaldfelling eftirstöðva skulda

3.1 Inngangur

Í 4. kafla verður meginviðfangsefni ritgerðarinnar kannað, það er að segja skilyrði fyrir því að kröfuhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfa. Áður en rætt verður um það er ástæða til að gera grein fyrir úrræðinu með almennum hætti. Umfjöllunin verður almenn að því leyti að ekki verður eingöngu fjallað um beitingu úrræðisins í tengslum við skuldbindingar á grundvelli skuldabréfa, heldur einnig varðandi kaupsamninga, þó áherslan muni beinast að hinu fyrrnefnda. Úrræðið verður skilgreint og forsaga þess í íslenskum og dönskum rétti skoðuð stuttlega. Því næst verður vikið að kennilegum grundvelli úrræðisins.

Skilyrðin fyrir beitingu úrræðisins verða könnuð í sérstökum kafla, eins og fyrir segir. Ekkert er því til fyrirstöðu að sú umfjöllun komi fram í þessum kafla, en sú leið verður þó farin að aðskilja almenna umfjöllun um úrræðið og skilyrði fyrir beitingu þess. Ástæðan fyrir þeirri aðgreiningu er einkum sú, að áhersla ritgerðarinnar er á rannsókn á skilyrðunum, og því felst ákveðinn áherslumunur í því að skipta umfjölluninni í tvo mismunandi kafla.

3.2 Skilgreining á hugtakinu

Úrræðið um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa er stundum nefnt *eindögun* í fræðiskrifum og í lögum.⁸³ Hugtökin gjaldfelling og eindögun hafa sömu merkingu þegar fjallað er um þetta vanefndaúrræði kröfuhafa, en í þessari ritgerð verður notast við hugtakið gjaldfellingu.

Þegar lánastofnanir veita lán til lengri tíma hvílir oft skylda á skuldara að gefa út skuldabréf. Lánasamningar eru gagnkvæmir samningar,⁸⁴ en útgáfa skuldabréfs er dæmi um einhliða skuldarsamband, eins og áður hefur verið nefnt. Lánasamningar eru gjarnan orðaðir með þeim hætti, að lánveitandi (kröfuhafi) skuli greiða lántaka (skuldara) lánsfjárhæðina í einu lagi, en lántaki skuli greiða upp lánið með mörgum afborgunum, það er að segja yfir lengra tímabil. Skuldabréf eru oft gefin út í kjölfar slíkra lánasamninga, þar sem skuldari gefur einhliða og óskilyrt loforð um að greiða tiltekna peningaupphæð. Lögskiptin að baki útgáfu bréfsins er þá lánasamningurinn. Ákvæði um gjaldfellingu eru algeng í samningum vegna stærri peningalána, annaðhvort í lánasamningnum sjálfum eða í skuldabréfinu. Slík ákvæði, sem kallast á latínu *clausula cassatoria*, eru almennt þess efnis að ef ein afborgunargreiðsla fellur í gjalddaga án þess að vera greidd, sé öll skuldin gjaldfallin án fyrirvara og uppsagnar.⁸⁵ Einnig má nefna

⁸³ Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 219 og 9. gr. svl.

⁸⁴ Ludvig Mariboe Benjamin Aubert: *Den norske obligationsrets specielle del*, bls. 359.

⁸⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 219.

tilvik, þegar kaupsamningur er gerður um fasteign eða verðmætt lausafé. Í slíkum samningum eru oft ákvæði þess efnis, að hluti kaupverðs skuli greiðast yfir lengra tímabil. Í framkvæmd er þá annað hvort að finna gjalddaga eftirstöðva kaupverðsins í kaupsamningnum sjálfum, eða ákvæði í kaupsamningnum þess efnis að kaupandi skuli gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, og gjaldagar bréfsins komi þá fram í samningnum.⁸⁶ Í íslenskri dómaframkvæmd tíðkast það að kaupandi fasteignar, sem telur seljanda hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt skuldarsambandi þeirra, neyti vanefndaúrræðisins hald á eigin greiðslu (stöðvunarréttur), sem nefnt var fyrir í ritgerðinni. Þegar um fasteignakaup er að ræða getur slíkt úrræði falið það í sér að kaupandi gefi ekki út skuldabréf, sem hann hafði skuldbundið sig til að gera. Kaupanda er almennt séð heimilt að beita þessu vanefndaúrræði, en það gerir hann á eigin ábyrgð og áhættu, sbr. 35. gr. og 44. gr. fkpl. Kaupandi verður að gæta að því að halda ekki eftir meiru af sinni greiðslu en sem nemur vanefnd seljanda. Haldi hann eftir meiru, eða neitar alfarið að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt kaupsamningi, er kaupandi sjálfur að vanefna samninginn. Í slíkum tilvikum getur seljandi beitt fyrir sig vanefndaúrræðum. Ef seljandi telur kaupanda vera að vanefna samning þeirra, með því að neita að gefa út skuldabréfið, kann að stofnast réttur til handa seljanda til þess að gjaldfella alla skuldina samkvæmt skuldabréfinu sem kaupandi átti að gefa út.⁸⁷ Nefna má dóm sem varðar slíka aðstöðu, en í *Hrd. 1971, bls. 525* hafði kaupandi beitt stöðvunarrétti vegna meintrar vanefndar seljanda með því að neita að gefa út skuldabréf sem honum var skylt að gefa út samkvæmt kaupsamningi. Í ljósi þess að vanefnd seljanda var lítið brot af þeirri fjárhæð sem skuldabréfið nam var í dómi Hæstaréttar fallist á rétt seljanda til þess að gjaldfella alla skuldina samkvæmt skuldabréfinu sem kaupandi átti að gefa út.

Þannig geta bæði lánsfjárhæðir og kaupsamningsfjárhæðir fallið í gjalddaga í heild sinni vegna vanskila á einni afborgunargreiðslu.⁸⁸ Gjaldfelling eftirstöðva *skulda* er því yfirheiti, sem nota má yfir gjaldfellingu *skuldabréfa* og gjaldfellingu *kaupsamningsverðs*. Þegar fjallað verður um gjaldfellingu í ritgerðinni án nánari tilgreiningar er átt við það fyrnefnda, það er gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

⁸⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 227.

⁸⁷ Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 442-443.

⁸⁸ Jul Lassen: *Haandbog i obligationsretten*, bls. 942.

3.3 Forsaga gjaldfellingar

3.3.1 Inngangur

Til þess að skilja betur tilgang og skilyrði fyrir beitingu gjaldfellingar eftirstöðva skulda er gagnlegt að skoða forsögu úrræðisins. Áður en upphaf þess er kannað á Íslandi þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir uppruna og þróun úrræðisins í Danmörku. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að íslensk réttarframkvæmd, bæði löggjöf og dómaframkvæmd, sækir að miklu leyti fyrirmynd sína til Danmerkur, einkum á sviði fjármunaréttar.⁸⁹ Þar að auki mun umfjöllunin beinast að norrænni löggjöf og dómaframkvæmd þegar skilyrðin fyrir beitingu gjaldfellingar eru rannsökuð í 4. kafla, og því þykir rétt að gera grein fyrir forsögu úrræðisins hér.

3.3.2 Danmörk

Hinn 9. febrúar 1798 setti Danakonungur tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf, sem varðaði framsalsreglur slíkra bréfa. Tilskipunin hafði mikil áhrif þar í landi, sem og í Noregi og á Íslandi. Tilskipunin var mjög stutt, eða eingöngu þrjár greinar, og innihélt engin ákvæði um gjaldfellingu eftirstöðva skulda ef skuldari vanefndi skuldbindingar sínar.⁹⁰ Í Danmörku voru sett almenn lög um skuldabréf, *Lov om Gældsbreve*, nr. 146 frá 13. apríl árið 1938. Reglur laganna voru ekki byltingarkennd nýmæli í dönskum rétti því þau byggðu á langri lagahefð,⁹¹ meðal annars reglum fyrrnefndrar tilskipunar. Lögin höfðu að geyma skilgreiningar á mismunandi tegundum skuldabréfa, framsalsreglur, reglur um greiðslustað, fyrningu og fleira. Þau höfðu þó ekki að geyma nein ákvæði um gjaldfellingu eftirstöðva skulda. Hins vegar voru lög sett þar í landi sem vörðuðu afborgunarkaup, *Lov om køb på afbetaling*, nr. 244 frá 8. maí árið 1917, og þau lög voru með þeim fyrstu í Danmörku til þess að minnast á vanefndaúrræðið gjaldfellingu.

Lögin áttu sér langan aðdraganda, en 18. október 1895 var samið frumvarp til laga um afborgunarkaup (d. *Lov om afdragshandler*), sem var fyrsta tilraun Danapings til þess að setja slíka löggjöf. Lagafrumvarpið, sem sótti fyrirmynd sína til þýskra laga sama efnis frá árinu 1894, samanstóð af sjö ákvæðum. Gildissvið frumvarpsins var afmarkað í 1. gr., sbr. 4. gr. þess. Frumvarpið náði til lausafjárkaupa þegar greiðslan dreifðist yfir tvær eða fleiri afborganir, sem urðu gjaldkræfar eftir afhendingu söluandlagsins til kaupanda, og seljandi gerði annað hvort eignarréttarfyrirvara eða nýtti sér rétt sinn til þess að ganga út úr viðskiptunum vegna vanefnda

⁸⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 59-60.

⁹⁰ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 9 og 20-23.

⁹¹ Ditlev Tamm: *Dansk retshistorie*, bls. 163.

af hálfu kaupandans. Í 3. gr. frumvarpsins var að finna reglu sem varðaði gjaldfellingu. Ákvæðið verndaði kaupanda að vissu leyti gagnvart úrræðinu, því það innihélt tvö skilyrði fyrir því að seljandi gæti fellt alla upphæðina í gjalddaga vegna vanefndar á einni afborgun. Þar kom fram að seljandi gæti eingöngu krafist greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar ef vanefnd yrði á tveimur afborgunargreiðslum í röð, og ef samanlögð fjárhæð þeirra svaraði að minnsta kosti til 1/10 af heildarupphæðinni. Frumvarpið varð þó ekki að lögum í óbreyttri mynd, en grundvallarhugmyndin að baki því kom fram í áður nefndum lögum nr. 244 frá 8. maí 1917, *Lov om køb på afbetaling*. Lögin voru samin af nefnd sem í samvinnu við sams konar nefndir í Noregi og Svíþjóð vann að breytingum á lagaumhverfi kröfuréttarins.⁹² Gildissvið þeirra var samhljóða áður nefndu frumvarpi, það er þau áttu við um lausafjárkaup þegar kaupandi skyldi greiða fyrir vöru með afborgunum. Að auki skyldu lögin eiga við um kaupleigusamninga. Í 1. mgr. 2. gr. laganna var að finna ákvæði sem varðaði gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs, en það verndaði kaupanda fyrir beitingu þess. Skilyrðin voru þó ekki þau sömu og í fyrr nefndu frumvarpi. Í ákvæðinu sagði að ef kaupandi vanefndi greiðsluskyldu sína hefði seljandinn ekki af þeirri ástæðu rétt á því að taka söluhlutinn til baka eða krefjast greiðslu á afborgunum sem ekki væru fallnar í gjalddaga, nema tvö skilyrði væru uppfyllt. Í *fyrsta lagi* þyrfti dráttur kaupanda að hafa staðið í 14 daga eftir gjalddaga greiðslunnar, og í *öðru lagi* þyrfti hin ógreidda afborgunarfjárhæð að svara að minnsta kosti til 1/10 af heildarfjárhæðinni, eða samanlagt með öðrum ógreiddum greiðslum sem fallnar væru í gjalddaga, 1/20 af heildarfjárhæðinni. Í 2. mgr. 2. gr. sagði að ef kaupandi vanefndi aðrar skyldur sínar gæti seljandi ekki beitt áður nefndum úrræðum, ef það væri ósanngjarnt miðað við aðstæður. Athuga ber að orðalag ákvæðisins gagnvart gjaldfellingu var ekki orðað á þann hátt að gjaldfelling væri heimil í tilteknum tilvikum, eins og gjarnan er,⁹³ heldur væri hún óheimil, nema ákveðin skilyrði væru uppfyllt. Vera kann að slíkur munur á orðalagi hafi áhrif þegar lagaákvæði um gjaldfellingu eru túlkuð. Í 9. gr. laganna var enn fremur fjallað um gjaldfellingu. Þar sagði að ef samningur aðila mælti fyrir um að vanefnd skuldara á skyldum sínum leiddi til þess að síðari afborganir féllu í gjalddaga fyrr en um var samið, og seljandi krefðist hærri upphæðar en ella væri fallin í gjalddaga, skyldi slík krafa reiknast eftir reglum 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna.

Í 3. gr. umræddra laga kom fram regla um að kaupandi ætti rétt á því að virði söluhlutar, sem seljandi tæki til baka vegna vanefnda kaupanda, yrði við uppgjörið miðað við virði hlutarins eins og það væri á því tímamarki. Í 1. mgr. 4. gr. sagði að í slíkum aðstæðum ætti

⁹² *Betænkning om køb på kredit*, bls. 8-9.

⁹³ Sjá orðalag íslenskra lagaákvæða í kafla 4.2., til dæmis orðalag 9. gr. svl.

seljandi rétt á ógreiddum gjaldföllum eftirstöðvum kaupverðs. Hann gæti jafnframt krafist greiðslu á svo stórum hluta af ógjaldfallinni fjárhæð, sem svaraði til virði söluhlutarins miðað við staðgreiðslu. Síðan sagði að eftirstandandi afborganir, sem ættu samkvæmt samningi aðila að falla í gjalddaga þegar kaupandi vanefndi samninginn, yrðu metnar sem ógjaldfallnar, og að litið yrði svo á að vextir falli ekki á skuldina þó svo að samningurinn kvæði á um slíkt. Ef söluvirði hlutarins var óljóst skyldi það teljast 9/10 af afborgunarfjárhæðinni. Í 2. mgr. kom fram að ef afborgunarfjárhæðin var óeðlilega há, miðað við virði söluhlutarins í lok samningssambandsins, skyldi ekki miða við ofangreindan útreikning, heldur skyldi seljandinn reikna út sanngjarna fjárhæð, miðað við frádrátt af þegar greiddum fjárhæðum.

Hér skal tekið fram að ein grundvallarforsenda umræddra laga var og er andstæð meginreglum gildandi réttar, bæði í Danmörku og á Íslandi. Í lögunum var gengið út frá því að samningur aðila teldist efndur, þótt seljandi tæki söluhlutinn til baka vegna vanefndar kaupanda. Slík regla felur það í sér að seljandi getur reitt sig á söluhagnað þrátt fyrir að kaupandi fái ekki vöruna. Þetta er ekki í samræmi við almennar reglur kröfuréttar í gildandi rétti, og raunar ekki heldur í samræmi við áður nefnt frumvarp frá árinu 1895. Samkvæmt því skyldi litið svo á að samningi hafi verið rift í slíkum tilvikum og seljandi gæti því ekki krafist þess að vera betur settur en ef samningurinn hefði ekki verið gerður.⁹⁴

Gildissvið áðurefndra laga náði þó ekki til skuldabréfa, heldur lausafjárkaupa, eins og áður segir. Í íslenskum rétti er 9. gr. svl. eitt helsta lagaákvæðið sem varðar gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa, nánar tiltekið veðskuldabréfa. Í Danmörku er ekki að finna almenn lög um sammingsveð, líkt og á Íslandi og í Noregi. Þegar frumvarp var samið að íslensku sammingsveðlögum var meðal annars litið til þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á réttarreglum Danmerkur varðandi veðsetningar, en þær koma fram í dönsku þinglýsingarlögum.⁹⁵ Árið 1926 voru sett lög þar í landi sem höfðu að geyma reglur um þinglýsingu, *Lov om Tinglysning*, nr. 111 frá 31. mars árið 1926. Þau höfðu þó ekki að geyma nein ákvæði um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Með lögum nr. 277 frá árinu 1973 og með lögum nr. 291 frá árinu 1978 var hins vegar þýðingarmiklum ákvæðum bætt við dönsku þinglýsingarlögin. Þetta eru 42. gr. a. og 42. gr. b., sem varða gjaldfellingu eftirstöðva veðskuldabréfa, en um þau verður fjallað nánar í 4. kafla.

Rétt þykir, samhengisins vegna, að nefna tvö eldri dómafordæmi úr dönskum rétti sem fjalla um gjaldfellingu. Í *UfR. 1911, bls. 1009*, sem var dómur Sjó- og Verslunardómstólsins

⁹⁴ *Betænkning om køb på kredit*, bls. 10.

⁹⁵ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2123.

(d. Sø- og Handelsretsdomme), reyndi á gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs samkvæmt kaupleigusamningi. Söluandlagið var afgreiðslukassi (d. kassakontrolapparat), sem kostaði 225 danskar krónur. Samkvæmt samningi skyldi kaupandi greiða 25 kr. við afhendingu vörunnar, og 10 kr. hinn fyrsta hvers mánaðar eftirleiðis, þangað til kaupverðið yrði að fullu greitt. Í samningi var ákvæði þess efnis, að ef greiðslurnar yrðu ekki greiddar innan átta daga frá umsömdum gjalddögum gæti seljandi tekið söluvöruna til baka án þess að þurfa að endurgreiða þær greiðslur sem kaupandi hafði þegar greitt, enda skyldi litið á greiðslurnar sem leigugreiðslur þangað til varan yrði að fullu greidd. Síðar varð greiðsludráttur af hálfu kaupanda, og í kjölfarið lýsti seljandi því yfir að öll skuldin væri fallin í gjalddaga. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu, í ljósi þess að í samningi aðila væri hvergi að finna ákvæði sem mælti fyrir um beitingu slíks úrræðis, að seljanda væri ekki heimilt að beita því, og kaupanda væri ekki skylt að greiða fjárhæðina í einu lagi. Dómurinn er stuttur, og rökstuðningur af skornum skammti. Hann gefur þó til kynna að eitt af skilyrðum þess að unnt sé að gjaldfella eftirstöðvar kaupsamningsverðs sé að ákvæði í þá veru sé að finna í samningi aðila. Ekki verður þó fullyrt að svo sé af þessari dómsniðurstöðu einni.

Í *UfR. 1915, bls. 461* reyndi einnig á gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs. Samningur aðila var kaupsamningur og var söluandlagið húsgögn, sem kostuðu 524 danskar krónur. Kaupandi átti að greiða 100 kr. við afhendingu og 10 kr. mánaðarlega eftir það, þangað til kaupverðið yrði að fullu greitt. Í samningi aðila var ákvæði um afleiðingar af vanefndum kaupanda eins og í fyrrnefndum *UfR. 1911, bls. 1009*. Þar var yfirlýsing gefin af hálfu kaupanda þess efnis að ef vanefnd yrði á greiðslu afborgunar ætti seljandi rétt á því þegar í stað að taka söluhlutinn til baka, og skyldi kaupandi bæta honum allt það tjón sem hann myndi verða fyrir vegna vanefndarinnar. Síðar vanefndi kaupandi samninginn með því að greiða ekki afborgun á réttum tíma. Í kjölfarið krafðist seljandi þess að kaupandi greiddi sér eftirstöðvarnar, 374 kr. ásamt vöxtum, og að kaupandi myndi missa eignarrétt sinn á söluandlaginu þangað til kaupverðið yrði að fullu greitt. Kaupandi krafðist þess að þurfa eingöngu að greiða hinar gjaldföllnu greiðslur, þar sem samningurinn hefði ekki að geyma neitt gjaldfellingarákvæði. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að kaupanda bæri að greiða eftirstöðvarnar. Rökin voru í fyrsta lagi þau að um verulega vanefnd var að ræða af hálfu kaupanda, en hann hafði vanefnt sjö afborgunargreiðslur. Með þessu hefðu brostið forsendur fyrir lánveitingunni. Í öðru lagi mælti samningur aðila fyrir um að kaupanda bæri að bæta seljanda allt tjón, það er að viðskiptin áttu að vera seljanda skaðalaus. Þar sem kaupandi neitaði því ekki að 374 kr. væru eftirstöðvarnar, yrði að fallast á þá kröfu seljandans að kaupanda bæri að greiða það. Dómurinn gefur til kynna að gjaldfelling kunní að vera heimil á grundvelli brostinna forsendna ef vanefnd

er veruleg, jafnvel þótt að samningur aðila hafi ekki að geyma skýrt gjaldfellingarákvæði. Þó ber að taka fram að kaupsamningurinn í málinu hafði að geyma ákvæði um að seljandi myndi ekki þurfa að þola tjón sér að bótalausum, og það skipti máli fyrir niðurstöðuna. Því er ekki unnt að slá því föstu að gjaldfelling kunnri að vera heimil þrátt fyrir að ákvæði þess efnis skorti. Málið bendir þó til þess að það skipti miklu máli, þegar metið er hvort heimilt sé að gjaldfella, hvort vanefndin sé veruleg eða ekki.

Nú hefur verið fjallað stuttlega um forsögu gjaldfellingar skulda í Danmörku. Umfjöllunin mun næst beinast að forsögu þess á Íslandi.

3.3.3 Ísland

Áðurnefnd tilskipun frá 9. febrúar 1798 um skuldabréf hafði mikil áhrif á Íslandi, og hefur enn í dag, því engin almenn lög hafa verið sett hér á landi um skuldabréf, heldur er lögjafnað og gagnályktað frá tilskipuninni.⁹⁶ Tilskipunin er hljóðlát um gjaldfellingu, heldur snýr hún aðeins að reglum er varða framsal skuldabréfa, eins og áður segir.

Ein fyrstu lög sem fjölluðu um gjaldfellingu á Íslandi voru lög nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengis dóms eða sáttar. Í 15. gr. laganna voru nefnd ýmis skilyrði sem þurftu að vera uppfyllt svo að gera mætti fjárnám án dóms eða sáttar. Í ákvæðinu var einnig fjallað um að höfuðstóll, afborganir og vextir kynnu að falla í gjalddaga með tilteknum hætti. Samkvæmt beinu orðalagi ákvæðisins gæti slíkt gerst þegar veðskuld væri öll fallin í gjalddaga eftir ákvæðum bréfsins vegna vanefndar skuldara á greiðslu vaxta og afborgana. Þannig væri slík gjaldfellingarástæða gild heimild til þess að leita fullnustu með fjárnámi, að öðrum skilyrðum fullnægðum.⁹⁷

Að gildandi rétti er 9. gr. svl. eitt þýðingarmesta lagaákvæðið varðandi skilyrði gjaldfellingar, en um ákvæðið verður fjallað í 4. kafla. Fyrstu almennu lögum um veðsetningar voru lög nr. 18/1887 um veð. Lögum höfðu þó ekki að geyma bein ákvæði sem vörðuðu gjaldfellingu, heldur fjölluðu þau einkum um reglur veðréttarins, til dæmis bann við allsherjarveðsetningu.⁹⁸ Í 3. gr. laganna sagði þó: „Rétt er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febrúar 1847 um fé ómyndugra á Íslandi, 10. gr., sé sett í hvert það veðskuldabréf, er fasteignartrygging veitir.“ Þessi fyrirmæli kváðu á um að í veðskuldabréfi fyrir láni af fé tiltekinna aðila, sem samkvæmt gildandi rétti nefnast ófjárráða menn, skyldi vera gjaldfellingarákvæði. Í 2. mgr. 72. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, sbr. 39. gr. eldri lögræðislaga

⁹⁶ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 23.

⁹⁷ Stefán Már Stefánsson: *Nauðungaruppboð*, bls. 28-29.

⁹⁸ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2124.

nr. 68/1984, kemur fram að í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skuli taka fram að lánið verði allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana. Fyrirmæli 3. gr. laga nr. 18/1887 um veð, sbr. 10. gr. tilskipunarinnar frá árinu 1847, hafa því verið færð í gildandi rétt. Þess ber að geta að almennt gjaldfellingarákvæði kom ekki í veðlögin fyrr en með lögum nr. 75/1997 um sammingsveð. Tekið var fram í athugasemdum frumvarps til þeirra að lögfestar yrðu reglur um „ýmis þýðingarmikil almenn atriði sem sett ákvæði skortir um í gildandi rétt“, og í því sambandi meðal annars bent á ákvæði frumvarpsins um eindögum veðkröfu.⁹⁹

Hæstiréttur Íslands tók til starfa árið 1920. Áður en rétturinn var stofnaður hét æðsti dómstóll hér á landi Landsyfírréttur. Dómum hans mátti áfrýja til Hæstaréttar Danmerkur, sem var æðsti dómstóll landsins á þessum tíma.¹⁰⁰ Þótt áðurnefnd tilskipun um skuldabréf sé frá árinu 1798 virðist Landsyfírréttur ekki hafa beitt reglum hennar fyrr en með dómi árið 1853, rúmum 50 árum eftir að hún var birt hér á landi.¹⁰¹ Dómar um gjaldfellingu virðast ekki hafa verið áberandi hjá Landsyfírétti.

Einn fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands sem fjallaði um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa var *Hrd. 1934, bls. 770*. Atvik málsins voru þau að skuldari gaf út veðskuldabréf til handhafa, sem hafði að geyma gjaldfellingarákvæði. Samkvæmt ákvæðinu voru gjalddagar tvisvar á ári og var skuldara gert að greiða afborganir og vexti þar til skuldin væri að fullu greidd. Ákvæðið mælti fyrir um að öll skuldin skyldi falla í gjalddaga án nokkurs fyrirvara ef þessar greiðslur væru ekki greiddar á nákvæmlega tilteknum gjalddögum, og þá mætti veðhafi gera fjárnám í veðinu án undangengins dóms eða sáttar, sbr. áðurnefnd 15. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengis dóms eða sáttar. Vanskil urðu af hálfu skuldara, en greiðslurnar 1. september 1932 og 1. mars 1933 voru ekki inntar af hendi. Kröfuhafi fór í kjölfarið fram á fjárnám, sem samþykkt var í fógatarétti Reykjavíkur með úrskurði þess efnis. Úrskurðinum, og eftirfarandi fjárnámssgerð, áfrýjuðu báðir aðilar til Hæstaréttar, sem felldi bæði úrskurðinn og gerðina úr gildi. Ástæðan fyrir því var sú að ekki var talið að um vanefnd hafi verið að ræða því að gjalddagi greiðslu var ekki talinn hafa verið fyrr en skuldara var tilkynnt um greiðsluskyldu 29. júní 1933, vegna þess að um handhafabréf var að ræða en ekki nafnbref, en um muninn á því verður fjallað síðar. Þetta dómsmál höfðaði kröfuhafi til þess að fá skuldara dæmdan til þess að greiða sér höfuðstól skuldarinnar, ásamt vöxtum. Kröfuhafi taldi alla

⁹⁹ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2127.

¹⁰⁰ Sjá Björn Þórðarson: *Landsyfirdómurinn. 1800-1919*, bls. 27-36 og vefsíðu Hæstaréttar Íslands, „Hæstiréttur – Sagan“ [án árs]. <https://www.haestirettur.is/>.

¹⁰¹ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 24.

skuldina gjaldfallna vegna vanskila skuldara. Skuldari mótmælti kröfum kröfuhafa á þeim grundvelli að á meðan fjárnámsgerðin var undir áfrýjun til Hæstaréttar hafi engin greiðsluskylda hvílt á honum, og að hann hafi á þeim tíma hvorki vitað hverjum hann ætti að greiða, né hversu mikið, vegna þess að bréfið var handhafabréf. Skuldari taldi enn fremur að einungis níu dagar hafi liðið frá því að úrslit fengust í máli Hæstaréttar varðandi gildi úrskurðarins og gerðarinnar og þangað til stefna var gefin út í þessu dómsmáli, og sá dráttur hafi verið svo óverulegur að höfuðstóll bréfsins hafi ekki verið fallinn í gjalddaga þegar málið var höfðað. Í dómi Hæstaréttar kom fram að skuldari hafi ekki boðið fram neina greiðslu upp í veðskuldabréfið þótt honum hafi bæði verið greiðsluskylda sín ljós hinn 29. júní 1933, og hverjum hann ætti að greiða. Af þeirri ástæðu var fallist á það með kröfuhafa að bréfið hafi, þegar málið var höfðað, allt verið fallið í gjalddaga og því voru mótmæli skuldara hvað þetta varðar ekki tekin til greina. Skuldari var því dæmdur til að greiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafist var. Mál þetta er athyglisvert fyrir margar sakir. Það vekur upp ýmsar spurningar varðandi skilyrði gjaldfellingar, til dæmis varðandi vilja og getu skuldara til að greiða, sem og mun á handhafabréfum og nafnbréfum. Um þetta verður fjallað nánar í 4. kafla.

Annar dómur, sem einnig er með þeim fyrstu sem varða gjaldfellingu, er *Hrd. 1938, bls. 3*. Málið varðaði einnig aðfarargerð, nánar tiltekið fjárnám í fasteign. Samkvæmt úrskurði fógétaréttar skyldi fjárnámsgerð ekki fara fram, en þeirri niðurstöðu áfrýjaði kröfuhafi til Hæstaréttar. Skuldari í málinu hafði gefið út skuldabréf vegna fasteignakaupa. Hinn 1. apríl 1936 var gjalddagi, og skuldara bar að greiða 1.934,64 kr. til að skuldaskipti aðila kæmust í skil. Dráttur varð á greiðslunni, en 15. maí 1936 greiddi skuldari 500 kr. af þeirri upphæð, og 28. júní sama ár greiddi hann einnig 500 kr. Hinn 11. júlí sama ár gjaldfelldi lögmaður kröfuhafa alla skuldina, ásamt vöxtum, vegna vanefndarinnar. Skuldari greiddi aðrar 500 kr. hinn 20. júlí 1936 og hafði þá greitt samtals 1.500 kr. af skuldinni, en eftir stóðu 434,64 kr. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ósannað væri að skuldara hafi verið tilkynnt, þegar hann greiddi 15. maí, 28. júní og 20. júlí, að kröfuhafi hafi þrátt fyrir greiðslurnar ætlað sér að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar. Þrátt fyrir skort á slíkum fyrirvara var ekki talið að skuldari hafi með greiðslum sínum losnað undan skyldu til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins. Ástæðan var sú að hann hafði ekki greitt allt það sem hann hafði viðurkennt að sér bæri að greiða á gjalddaganum 1. apríl 1936. Var gjaldfelling því talin heimil, fógétaréttarúrskurðurinn felldur úr gildi og fógeta gert að framkvæma fjárnámið til tryggingar eftirstöðvum skuldarinnar allrar, ásamt vöxtum. Málið bendir annars vegar til þess að á kröfuhafa kunni að hvíla tillitsskylda til þess að tilkynna skuldara um gjaldfellingu við ákveðnar aðstæður, og hins vegar að skuldari

kunni að forða gjaldfellingu, en til þess þurfi hann að greiða alla skuldina. Fjallað verður nánar um þetta síðar í ritgerðinni.

Það vekur athygli að orðin „gjaldfelling“ eða „eindögun“ koma hvergi fram í íslensku dómunum. Nákvæm skoðun á dómaframkvæmd síðar í ritgerðinni mun leiða í ljós að slík orðanotkun er ekki skilyrði svo að gjaldfelling sé heimil.

Nú hefur stuttlega verið gerð grein fyrir forsögu gjaldfellingar eftirstöðva skulda. Ljóst er að í dönskum rétti var úrræðið lögfest mun fyrr varðandi gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs heldur en skuldabréfa. Umfjöllunin leiddi einnig í ljós að á Íslandi var gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa úrræði sem lengi var ólögfest, en ákvæði um gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs hafa hingað til ekki verið leitt í lög hér á landi. Ekki er unnt að draga víðtækar ályktanir af umfjöllun kaflans, en lagaákvæðin sem nefnd voru og dómarnir sem voru reifaðir gefa vísbindingar um það hver skilyrði gjaldfellingar eru. Áður en skilyrðin verða skoðuð í 4. kafla þykir rétt að gera grein fyrir því hvers eðlis úrræðið er.

3.4 Kennilegur grundvöllur úrræðisins

3.4.1 Samningsbundið vanefndaúrræði

Í 2. kafla, sem fjallar með almennum hætti um kröfurétt, var stuttlega vikið að fræðilegri flokkun á vanefndaúrræðum, meðal annars gjaldfellingu. Þar kom fram að slíkum úrræðum sé samkvæmt fræðiskoðunum annars vegar skipt í efndaheimildir og hins vegar gagnkvæmisheimildir. Jafnframt var rakið að unnt væri að flokka vanefndaúrræði í lögbundin úrræði og samningsbundin úrræði. Gjaldfelling er úrræði sem passar illa við fyrrnefndu flokkunina vegna þess að úrræðið hefur bæði einkenni þess að knýja fram efndir og að rifta, en um samanburð við riftun verður fjallað síðar. Varðandi síðari flokkinn verður við það miðað að skilgreina gjaldfellingu sem *samningsbundið vanefndaúrræði*, þótt það sé einnig að finna í lögum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að algengt er að aðilar semji sín á milli um að kröfuhafa sé heimilt að beita úrræðinu.¹⁰² Athuga ber þó að aðilar geta samið um að gjaldfellingu verði beitt vegna tiltekinna atvika sem ekki myndu flokkast sem vanefndir. Í veðskuldabréfum er til dæmis algengt að vísa í 9. gr. svl., en í b. og e. liðum ákvæðisins eru nefndar gjaldfellingarástæður sem lýsa má sem forsendubresti á skuldarsambandi aðila frekar en beinum vanefndatilvikum.¹⁰³ Það kann því að sæta gagnrýni að flokka úrræðið sem samningsbundið *vanefndaúrræði* frekar en samningsbundið *úrræði*. En vegna þess hversu algengt það er að samið sé um beitingu gjaldfellingar vegna vanefndar, og vegna áherslu

¹⁰² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 220.

¹⁰³ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 155.

ritgerðarinnar á greiðsludrátt sem vanefndatilvik, þykir rétt að skilgreina úrræðið hér sem sammingsbundið vanefndaúrræði.

Misjafnt er hversu ítarleg ákvæði um gjaldfellingu eru, en þau geta verið orðuð með mismunandi hætti. Orðalag slíkra ákvæða skiptir máli þegar þau eru túlkuð. Stundum eru gjaldfellingarákvæði orðuð á þann veg að skuld sé öll gjaldfallin ef dráttur verður á greiðslu afborgunar, eða vegna annarra tilvika sem varða skuldara. Oft eru ákvæðin þó orðuð með þeim hætti að kröfuhafa sé heimilt að gjaldfella. Slíkur munur á orðalagi ákvæða getur haft mismunandi réttaráhrif, því það kann að hafa áhrif á hagsmuni kröfuhafa hvort skuld fellur *sjálfkrafa* í gjalddaga eða hvort kröfuhafi hafi *heimild* til þess að gjaldfella ef vanefnd verður, til dæmis vegna reglna um fyrningu.¹⁰⁴

Kröfuhafi getur haft augljósan hag af því að upphaf fyrningarfrests kröfu sé miðað við síðara tímamark, það er þegar hann ákveður samkvæmt heimild að gjaldfella, heldur en ef miðað er við sjálfkrafa gjaldfellingu. Í riti Ólafs Lárussonar, *Fyrirlestrar um fyrningu*, segir að falli krafa í gjalddaga vegna vanefnda skuldara sé rétt að miða upphaf fyrningarfrests við hinn upprunalega gjalddaga. Ástæða þess sé sú að vanefnd skuldara á eingöngu að skapa rétt til handa kröfuhafa. Ef vanefndin leiðir til þess að krafa fyrnist fyrir en hún hefði ella gert, myndi vanefndin vera skuldara í hag og kröfuhafa í óhag hvað þetta varðar. Síðan segir: „Hafi kröfuhafi hins vegar lýst því yfir, að hann ætli sér að neita þess réttar, sem vanefndin veitir honum til þess að heimta greiðsluna, myndi fyrningarfrestur teljast frá þeim tíma.“¹⁰⁵ Í gildandi lögum um fyrningu kröfuréttinda (hér eftir fyrnl.), er að finna sérreglu um upphaf fyrningarfrests í 3. mgr. 2. gr. laganna. Reglan er í samræmi við það sem fram kemur í riti Ólafs Lárussonar, og er nánari útfærsla á því. Í ákvæðinu segir að þegar samningi er rift, eða þegar krafa er gjaldfallin fyrir en upphaflega var ákveðið, reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi sem kröfuhafi tilkynnir skuldara að hann ætli að bera fyrir sig riftun eða gjaldfellingu. Ef kröfuhafi kýs að beita ekki þessum úrræðum reiknast fresturinn frá upprunalegum gjalddaga. Í athugasemdum við lagafrumvarpið er ákvæðið nánar útskýrt. Þar segir að samkvæmt sérreglu 3. mgr. 2. gr. byrji fyrningarfrestur ekki að líða, þegar samningur er riftanlegur eða líta megi á kröfu sem gjaldfallna þó gjalddagi hennar sé ekki kominn, fyrir en kröfuhafi tilkynni skuldara um að hann ætli sér að nýta sér þann rétt, eða í síðasta lagi við upphaflegan gjalddaga. Kröfuhafi verði þannig að sína í verki að hann ætli sér að beita úrræðunum svo að fyrningarfrestur hefjist. Rökin fyrir sérreglunni séu þau, að ekki þyki rétt að neyða kröfuhafa til þess að beita þessum

¹⁰⁴ Þorgeir Örlygsson: „Greiðslutími og greiðslustaður“, bls. 320.

¹⁰⁵ Ólafur Lárusson: *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 10.

úrræðum til þess að firra sig hættu á fyrningu. Væri reglan með öðrum hætti, þannig að fyrningarfrestur myndi byrja að líða um leið og kröfuhafi hefði tök á því að beita úrræðunum, myndi slík lagaregla hvetja hann til þess að beita þeim af fullum þunga.¹⁰⁶ Með þessari lagareglu var reynt að skýra réttarframkvæmdina,¹⁰⁷ því dómaframkvæmd hefur verið misvísandi að vissu leyti hvað þetta varðar og verður nú stuttlega gert grein fyrir dómum sem sýna fram á þetta misræmi.

Miðað við framangreint byrjar fyrningarfrestur kröfu að líða þegar kröfuhafi tilkynnir skuldara um beitingu gjaldfellingar, en *Hrd. 1991, bls. 2074* er í samræmi við þá niðurstöðu. Þar sagði orðrétt: „Fyrningarfrestur þeirrar kröfu telst ekki fyrir en frá þeim tíma, er [kröfuhafi] tilkynnti, að hann hygðist notfæra sér þann rétt, sbr. 2. mgr. 5. gr. [þágildandi] fyrningarlaga. Krafa [kröfuhafa] á hendur [skuldurum] var því ekki fyrnd, er hann stefndi henni til héraðsdóms.“ Í *Hrd. 1998, bls. 3253* var hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu í Hæstarétti. Aðilar málsins deildu um skilning á orðalagi skuldabréfs. Í því sagði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana, vaxta, dráttarvaxta eða verðuppbótar skuldarinnar eða verði bú hans tekið til skipta sem þrotabú, er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar.“ Kröfuhafi túlkaði orðalagið svo, að það fæli í sér heimild til að gjaldfella skuldabréfið, sem hann hafði ekki nýtt sér. Skuldari leit svo á, að skuldin hafi öll sjálfkrafa fallið í gjalddaga þegar vanefnd varð, og engra aðgerða hafi verið þörf af hálfu kröfuhafa. Hæstiréttur snéri við niðurstöðu héraðsdóms, sem hafði túlkað ákvæði skuldabréfsins á þá leið að það veitti kröfuhafa heimild til gjaldfellingar, og komst Hæstiréttur að því að krafan væri fyrnd. Hvergi er að sjá orðið „sjálfkrafa“ í dómi Hæstaréttar, en ljóst er að í dóminum var ákvæði bréfsins túlkað á þá leið að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða um leið og kröfuhafi hafði heimild til að gjaldfella. Eins og orðalagi gjaldfellingarákvæðis bréfsins var háttað í málinu verður að telja að niðurstaða Hæstaréttar sé eðlileg, í ljósi atvika. Orðalagið benti til þess að skuld félli sjálfkrafa í gjalddaga, án atbeina kröfuhafa. Hins vegar má deila um það hvort að orðalag samningsákvæðis um gjaldfellingu sé nægjanlegt svo að skuld falli sjálfkrafa í gjalddaga, það er að segja hvort óskráðar reglur leiði til þess að atbeina kröfuhafa ætti ávallt að þurfa svo að jafn íþyngjandi úrræði sé beitt. Í *Hrd. 1998, bls. 642* var niðurstaða Hæstaréttar á gagnstæðan veg miðað við niðurstöðuna í *Hrd. 1998, bls. 3253*, en dómarnir féllu á sama ári. Í fyrrnefnda málinu var einnig deilt um orðalag skuldabréfs, sem innihélt svipað gjaldfellingarákvæði og reyndi á í *Hrd. 1998, bls. 3253*. Um túlkun á ákvæðinu segir í

¹⁰⁶ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 670-671.

¹⁰⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 226.

dóminum: „Þótt fyrri málsliður [skuldabréfsins] hljóði um sjálfkrafa gjaldfellingu lánsins, verður að líta svo á, að skuldareigandi þurfi að öllum jafnaði að sýna í verki, að hann vilji beita þeim rétti, er í ákvæðinu felst, til þess að það verði virkt með þeirri afleiðingu, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin.“ Engin yfirlýsing um gjaldfellingu kom fram af hálfu kröfuhafa í málinu, fyrr en leitað var fullnustu á skuld með uppboðsbeiðni. Með vísan til þessa, og þágildandi fyrningarlaga, taldi Hæstiréttur að fyrningarfrestur hafi fyrst byrjað að líða þegar yfirlýsing um gjaldfellingu kom fram, en ekki þegar vanefnd varð og kröfuhafði hafði rétt til að gjaldfella. Krafan var því ófyrnd. Með þessu snéri Hæstiréttur við héraðsdómi í málinu. Héraðsdómurinn túlkaði orðalagið með sama hætti og Hæstiréttur gerði í *Hrd. 1998, bls. 3253*, og taldi skuldina falla í gjalddaga þegar vanefnd varð, og því fyrnda. Í þessu máli virðist Hæstiréttur telja að orðalag sammingsákvæðisins um gjaldfellingu sé ekki nægjanleg stoð fyrir beitingu úrræðisins samkvæmt orðanna hljóðan. Þótt að orðið „sjálfkrafa“ komi ekki fram í sammingsákvæði skuldabréfsins kemur orðrétt fram í dóminum að Hæstiréttur túlkar ákvæðið á þá leið. Engu að síður er í dóminum talið að atbeina kröfuhafa þurfi til þess að gjaldfella. Að lokum má nefna nýlegri dóm, *Hrd. 2. desember 2010 (242/2010)*, en niðurstaðan í því máli var öndverð miðað við niðurstöðuna í *Hrd. 1998, bls. 642*. Í málinu reyndi á orðalag þrettán skuldabréfa, sem skuldari gaf út vegna námslána sem Lánasjóður íslenskra lánsmanna (LÍN) veitti. Vanefnd varð á greiðslu afborgana og aftur reyndi á hvort skuld væri sjálfkrafa fallin í gjalddaga, eða hvort atbeina kröfuhafa þyrfti til þess. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Í framlögðum skuldabréfum, sem áfrýjandi [LÍN] reisir kröfu sína á ... , er mælt fortakslaut fyrir um að lán sé allt gjaldfallið án uppsagnar ef ekki séu staðin skil á greiðslu afborgana á réttum tíma. Samkvæmt hljóðan skuldabréfanna féllu þannig allar eftirstöðvar skuldar stefndu sjálfkrafa í gjalddaga í framhaldi af vanskilum 1. mars 1999.“ Í dóminum var einnig vísað til *Hrd. 1998, bls. 3253*, og komist að því að krafa LÍN væri fyrnd. Þessi niðurstaða bendir til þess að aðilar geti samið svo um að gjaldfelling skuli gerast sjálfkrafa þegar vanefnd verður, kjósi þeir að gera það. Sérregla 3. mgr. 2. gr. fyrnl. gerir það hins vegar að verkum að fyrningarfrestur kröfu byrji ekki að líða fyrr en kröfuhafi hefur tilkynnt um beitingu úrræðisins. Hún átti ekki við í málinu en þau lögskipti sem þar reyndi á fóru eftir eldri lögum um fyrningu, nr. 14/1905.

Varðandi þessa umfjöllun er vert að taka fram að um vanefndaúrræði er að ræða, sem byggir oft á samningi aðila, og því brýn þörf á að vanda til verka og nota nákvæmt orðalag þegar slík ákvæði eru samin. Sérregla 3. mgr. 2. gr. fyrnl. kemur í veg fyrir að fyrningarfrestur hefjist fyrr en skuldara er tilkynnt um gjaldfellingu, eða riftun, eins og áður segir. Réttarframkvæmdin var því skýrð talsvert hvað þetta varðar með setningu ákvæðisins. Gildissvið laganna nær þó einungis til krafna sem stofnuðust eftir gildistöku þeirra, sbr. 28. gr. laganna. Þar að auki kann

óskýrt orðalag gjaldfellingarákvæða að hafa önnur áhrif á rétt kröfuhafa til þess að beita úrræðinu, og því skiptir nákvæmni miklu máli við samningu slíkra ákvæða.

Annað atriði sem vert er að nefna í umfjöllun um gjaldfellingu sem samningsbundið vanefndaúrræði, er að orðalag ákvæða sem mæla fyrir um beitingu þess eru ekki alltaf túlkuð eftir orðanna hljóðan í dómaframkvæmd. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að gjaldfelling er afar íþyngjandi úrræði í garð skuldara, og ef greiðsludráttur er ekki verulegur eða ef kröfuhafi verður í reynd ekki fyrir tjóni vegna vanefndar, virðast dómstólar hafa tekið tillit til hagsmuna skuldara þegar samningsákvæði um gjaldfellingu eru túlkuð.¹⁰⁸ Fjallað verður nánar um atriði tengd þessu í 4. kafla um skilyrði fyrir beitingu úrræðisins.

3.4.2 Hagsmunir kröfuhafa

Rökin fyrir því að kröfuhafa sé við ákveðnar aðstæður heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldar eru svipuð og rökin að baki riftunarrétti kröfuhafa, en nánar verður vikið að samanburði úrræðanna síðar. Rökin fyrir gjaldfellingu, og riftun, eru einkum þau að vanefnd skuldara á einni greiðslu kann að gefa til kynna frekari vanefndir af hans hálfu. Kröfuhafi hefur því hagsmuni af að koma í veg fyrir *fyrirsjáanlegar vanefndir* skuldara með því að gjaldfella eftirstöðvar skuldar.¹⁰⁹ Það kann að vera ljóst, fyrir gjalddaga, að skuldari mun ekki efna skuldbindingu sína á réttum tíma. Ekki væri sanngjarnt ef kröfuhafi þyrfi ávallt að bíða eftir því að gjalddagi rynni upp áður en hann gæti beitt vanefndaúrræðum. Þess vegna er talið að kröfuhafa sé heimilt að beita slíkum úrræðum þótt gjalddagi sé ekki kominn, ef vanefndir skuldara eru fyrirsjáanlegar, en í 62. gr. lkpl. er til dæmis heimild til þess að rifta samningi um lausafjárkaup vegna fyrirsjáanlegra vanefnda gagnaðila.¹¹⁰ Hins vegar eru gerðar strangar sönnunarkröfur því kröfuhafi verður að geta sannað að skuldari muni vanefna samning. Yfirgnæfandi líkur verða að vera á því að vanefnd verði svo að riftun sé heimil á þessum grundvelli, og telja verður að svipuð sjónarmið eigi við um gjaldfellingu ef hún er ekki umsamin.¹¹¹

Það reynir eingöngu á gjaldfellingu í skuldarsamböndum þar sem skuldari þarf að greiða fleiri en eina afborgun, eins og áður hefur komið fram. Verði vanefndir reglulegar, til dæmis tíður greiðsludráttur af hverri afborgun, þarf kröfuhafi að hefja innheimtu í hvert skipti, kjósi

¹⁰⁸ Þorgeir Örlygsson: „Greiðslutími og greiðslustaður“, bls. 320 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 221.

¹⁰⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 219.

¹¹⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 196.

¹¹¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 103 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 196. Sjá einnig Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 92-94.

hann að gjaldfella ekki alla skuldina. Með því að gjaldfella allar eftirstöðvar skuldar þarf kröfuhafi ekki að ganga á eftir skuldara eftir hver vanskil. Ef úrræðið væri ekki fyrir hendi, og vanefndir skuldara væru mjög tíðar eða fyrirsjáanlegar, hefði kröfuhafi í reynd tvo kosti. Hann gæti annað hvort rift samningi, eða þurft að innheimta afborgun í hvert skipti sem greiðsludráttur yrði af hálfu skuldara.¹¹² Hagsmunir kröfuhafa af því að geta gjaldfellt eftirstöðvar skuldar felast því einkum í því hagræði að þurfa ekki að una fyrirsjáanlegum vanefndum skuldara.

3.4.3 Hagsmunir skuldara

Gjaldfelling eftirstöðva skulda er íþyngjandi vanefndaúrræði í garð skuldara. Það liggur í augum uppi að nauðsyn þess að greiða heildarupphæð skuldar í einu lagi, þegar skuldari hafði samið um fleiri afborganir, getur verið þungbært. Fyrir utan það er algengt að í skuldabréfum séu ákvæði um afleiðingar þess að skuld falli í gjalddaga. Slík ákvæði mæla gjarnan fyrir um að skuld skuli bera dráttarvexti frá þeim tíma sem hún féll í gjalddaga, og að skuldin verði aðfararhæf af þeirri ástæðu, sbr. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Hér að framan var nefnt að í dómaframkvæmd eru ákvæði um gjaldfellingu ekki alltaf túlkuð samkvæmt orðanna hljóðan, einkum vegna hagsmuna skuldara. Slík ákvæði eru oft skýrð með þröngri túlkun, það er að segja að ef vafi rís um heimild kröfuhafa til að gjaldfella, kann slíkur vafi að vera túlkaður skuldara í hag.¹¹³ Nefna má *Hrd. 1974, bls. 563* sem dæmi um slíkt tilvik. Í málinu reyndi á túlkun gjaldfellingarákvæðis í skuldabréfi. Málavextir voru þeir að gjalddagi vaxtagreiðslu var 10. janúar 1972, en greiðslan var ekki greidd á réttum tíma. Samkvæmt ákvæði skuldabréfs skyldi öll skuldin falla í gjalddaga ef skuldari stæði ekki í skilum með greiðslu vaxta og afborgana. Kröfuhafi tók því bréfið úr innheimtu hjá banka og færði það lögmanni til innheimtu. Innheimtubréf var sent skuldara 9. febrúar 1972, en 17. sama mánaðar kom tilkynning frá skuldara um að hann hefði geymslugreitt kröfuna 4. þess mánaðar. Í kjölfarið 23. febrúar 1972 sendi lögmaður kröfuhafa skuldara bréf þar sem hann krafði skuldara um greiðslu innheimtulauna, og áskildi kröfuhafa rétt til þess að krefjast greiðslu á öllum höfuðstól skuldabréfsins ef þessari kröfu yrði ekki sinnt. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði að geymslugreiðsla væri greiðsluaðferð sem ekki hafi átt rétt á sér í málinu, og var þar að auki ekki innt af hendi fyrr en 25 dögum eftir gjalddaga. Í dóminum var taldið að kröfuhafa hafi verið rétt að fela lögmanni bréfið til innheimtu. Lögmaðurinn hafi hafist handa við

¹¹² Taka skal fram að á peningakröfur sem ekki eru efndar á réttum tíma falla dráttarvextir, sbr. III. kafli laga nr. 38/2001, sem er vanefndaúrræði sem kröfuhafi getur borið fyrir sig.

¹¹³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 224.

innheimtuaðgerðir, og í ljósi þess að tilkynning frá skuldara um greiðslu barst ekki fyrr en síðar taldi dómurinn að skuldara bæri að greiða þann innheimtukostnað. Í framhaldinu sagði svo í dóminum: „Það, að [skuldari] greiddi ekki áfallinn kostnað þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir, þykir verða að jafna til vanskila af hálfu [skuldara], og ber því samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins að gjaldfella allt bréfið.“ Þessari niðurstöðu var snúið við í Hæstarétti á grundvelli annarrar túlkunar á gjaldfellingarákvæði skuldabréfsins. Í dóminum sagði að í kröfubréfunum hafi því ekki verið lýst skýrlega að kröfuhafi hafi talið alla skuldina fallna í gjalddaga fyrir það eitt að greiðsludráttur hafi orðið á vöxtum. Að auki hafi kröfuhafi ekki mótmælt greiðsluáðferð skuldara. Síðan sagði í dóminum að í skuldabréfinu væri kveðið svo á, að skuldin væri öll fallin í gjalddaga ef skuldari stæði ekki í skilum með greiðslu vaxta og afborgana. Vegna þess að skuldabréfið heimilaði ekki sérstaklega gjaldfellingu allra eftirstöðva þess vegna greiðsludráttar *innheimtulauna* væri ekki heimilt að gjaldfella bréfið gagngert á þeim grundvelli. Gjaldfellingu var því hafnað í Hæstarétti á grundvelli þröngrar túlkunar á gjaldfellingarákvæði bréfsins. Ætla má að sú niðurstaða hafi meðal annars byggst á hagsmunum skuldara.

Í þessu samhengi má einnig nefna nýlegri dóm, *Hrd. 31. mars 2015 (453/2014)*. Skuldari gaf út skuldabréf sem hafði að geyma gjaldfellingarákvæði þess efnis að lánið væri allt, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, fallið í gjalddaga án uppsagnar eða tilkynningar ef skuldari stæði ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af skuldinni innan hálfis mánaðar frá gjalddaga. Í málinu var tillit tekið til hagsmuna skuldara, en þó ekki með þröngri túlkun á ákvæðinu, heldur vegna þess hvernig samningssambandi skuldara og kröfuhafa var háttað. Málavextir voru þeir að greiðsludráttur varð af hálfu skuldara á gjalddaga 1. október 2008. Skuldari greiddi kröfuhafa hluta af afborguninni á gjalddaga, og einnig 3. desember sama ár, en samanlagt svöruðu þessar greiðslur til um það bil helmingis af afborgunargreiðslunni. Frekari greiðslur innti skuldari af hendi hinn 21. janúar 2009 og 23. mars sama ár, og hafði hann þá innt af hendi alla afborgunargreiðsluna. Næsti gjalddagi var 1. október 2009, en skuldari greiddi aldrei neitt af þeirri afborgun. Talsverð bréfasamskipti áttu sér stað á milli aðila, en kröfuhafi höfðaði málið 2. maí 2013. Ágreiningur aðilanna fyrir dómi laut einkum að því hvort líta ætti svo á að öll skuldin hafi gjaldfallið vegna vanskila á gjalddaga 1. október 2008. Eins og áður segir var gjaldfellingarákvæði í skuldabréfinu á þá leið að allar eftirstöðvar skuldarinnar væru gjaldfallnar án uppsagnar eða tilkynningar ef greiðsludráttur yrði á afborgun eða vöxtum í lengri tíma en tvær vikur frá gjalddaga. Í dómi Hæstaréttar sagði að samkvæmt gögnum málsins hafi skuldari ekki greitt afborgun af höfuðstól skuldarinnar og eingöngu tæpan helming vaxta innan tveggja vikna frá gjalddaganum hinn 1. október 2008. Hins vegar hafi skuldari greitt

fullnaðargreiðslu á afborguninni 23. mars 2009, og greiddi þá um leið dráttarvexti og annan kostnað vegna vanskila. Síðan sagði í dómnum:

Ekkert liggur fyrir um að [kröfuhafi] hafi þegar hann tók við þessum greiðslum látið uppi við [skuldara] að allt að einu væri litið svo á að allar eftirstöðvar skuldarinnar væru gjaldfallnar vegna þessara vanskila. Þótt það hafi leitt af ákvæðum skuldabréfsins að [kröfuhafi] hefði mátt halda fram slíkri gjaldfellingu gæti það engan veginn hafa samrýmt þeirri tillitsskyldu, sem hann bar í gagnkvæmu samningssambandi við [skuldara], að hann greindi ekki frá því að hann teldi allar eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar standa í vanskilum og bera af þeim sökum dráttarvexti, enda mátti [skuldari] líta svo á að hann hafi 23. mars 2009 komið skuldabréfinu í skil og að [kröfuhafi] hafi verið því samþykktur.

Svo segir í dómnum að skuldari hafi að öllu leyti vanefnt skuldbindingu sína á næsta gjalddaga bréfsins, það er 1. október 2009. Hins vegar verði, þegar sú vanefnd er metin, ekki framhjá því litið að hinn 12. maí 2010 sendi kröfuhafi skuldara bréf þar sem tekið er fram að skuldin hafi verið gjaldfelld 30. mars sama ár. Kröfuhafi væri bundinn af slíkri yfirlýsingu, þótt honum hafi verið heimilt að telja alla skuldina fallna í gjalddaga tveimur vikum eftir gjalddaga, eða 15. október 2009. Skuldin bar því dráttarvexti frá 30. mars 2010, en ekki 15. október 2009.

Málið er áhugavert fyrir margar sakir. Í *fyrsta lagi* er ljóst að Hæstiréttur lítur til hagsmuna skuldara þegar hann kemst að því að eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki verið fallnar í gjalddaga 1. október 2008, þrátt fyrir greiðsludrátt skuldara. Rök Hæstaréttar eru að rekja til tillitsskyldunnar, sem minnst var á fyrr í ritgerðinni. Vegna þess að skuldari greiddi upp alla afborgunina, og aðrar greiðslur vegna vanefndarinnar, taldi Hæstiréttur að skylda hafi hvílt á kröfuhafa að láta skuldara vita að hann hafi ætlað sér að gjaldfella. Þetta má skýra betur með samanburði á málinu við niðurstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 1938, bls. 3*, sem áður var minnst á. Í því máli varð greiðsludráttur af hálfu skuldara, en hann greiddi inn á skuld eftir gjalddaga. Í dómnum var tekið fram að kröfuhafi hafi ekki tilkynnt skuldara þegar hann tók við greiðslunum eftir gjalddaga að hann hygðist gjaldfella skuldina. Engu að síður var gjaldfelling talin heimil í málinu. Munurinn á því máli og *Hrd. 31. mars 2015 (453/2014)* var hins vegar sá að greiðslur skuldara í því síðarnefnda voru fullnægjandi, það er skuldari greiddi alla greiðsluna sem honum bar að greiða. Af þeirri ástæðu var kröfuhafa ekki talið heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar, vegna þess að tillitsskyldan leiddi til þess að kröfuhafa bar að gefa skuldara fyrirvara um slíkt þegar greiðslur voru móttæknar. Að þessu verður vikið nánar síðar í ritgerðinni. Í *öðru lagi* er málið áhugavert þegar metið er hvenær gjaldfelling á sér stað í reynd. Gerist það sjálfkrafa eða við tilkynningu? Fjallað hefur verið um þetta álitamál í tengslum við upphaf fyrningarfrests. Með sérreglu 3. mgr. 2. gr. fyrnl. var réttarframkvæmdin skýrð, en reglan svarar því þó ekki hvort unnt sé að semja um að gjaldfelling skuli gerast

sjálfkrafa eða hvort ávallt þurfi tilkynningu frá kröfuhafa. Miðað við *Hrd. 31. mars 2015 (453/2014)* má ætla að aðilum sé frjálst að semja um að gjaldfelling skuli gerast sjálfkrafa, til dæmis tveimur vikum eftir umsamdan gjalddaga eins og í málinu. Hins vegar verða aðilar bundnir við tilkynningar þess efnis að þeir ætli sér að beita gjaldfellingu. Velta má þeirri spurningu upp hvort ákvæði um sjálfkrafa gjaldfellingu hafi í reynd einhver réttaráhrif í ljósi þess að kröfuhafar hljóta í meirihluta tilvika að þurfa að ganga á eftir greiðslu með tilkynningu þess efnis. Í síðastnefndu dómsmáli kom þó fram í tilkynningu um gjaldfellingu að kröfuhafi teldi hana hafa átt sér stað á tiltekinni tímasetningu, og var bundinn við þá yfirlýsingu. Því má ekki draga of víðtækar ályktanir af málinu varðandi gildi samningsákvæða um sjálfkrafa gjaldfellingu.

Gjaldfelling eftirstöðva skulda er úrræði sem kröfuhafi getur beitt á þeim grundvelli að greiðsludráttur í eitt sinn kunni að gefa tilefni til frekari vanefnda, eins og áður segir. Almennt er talið að kröfuhafi geti rift samningi á sama grundvelli, það er vegna fyrirsjáanlegra vanefnda skuldara. Gjaldfellingu svipar til riftunar að ýmsu leyti, og verður nú vikið nánar að því.

3.4.4 Samanburður við riftun

Riftun er gagnkvæmisheimild, eins og vikið hefur verið að, en það þýðir að úrræðinu verður eingöngu beitt í gagnkvæmum skuldarsamböndum. Í áðurnefndu riti Ólafs Lárussonar, *Kaflar úr kröfurétti*, er riftun lýst með eftirfarandi hætti:

*Riftun samnings að fullu er fólgin í því, að sá aðilanna, sem riftir, lýsir því yfir, að hann muni ekki inna sína greiðslu af hendi, og leysir þá jafnframt gagnaðilann undan skyldunni til að greiða þá greiðslu, er honum bar að greiða.*¹¹⁴

Sá sem lýsir yfir riftun á samningi gerir það sér að skaðalaus, það er að segja lögmæt riftunaryfirlýsing eins samningsaðila veitir gagnaðilanum ekki bótarétt. Eftir að samningi hefur verið rift, falla niður allar skyldur aðila samkvæmt samningnum, og aðilar hans eiga heldur ekki rétt á neinni staðgöngugreiðslu (d. surrogat) í stað kröfunnar samkvæmt samningnum. Sá sem lýsir yfir lögmætri riftun getur þannig ekki einnig krafist þess að samningur verði efndur samkvæmt aðalefni sínu, en riftunaryfirlýsing kemur ekki í veg fyrir kröfu um skaðabætur samhliða.¹¹⁵ Réttaráhrif riftunar felast ekki bara í því að skyldur aðila á grundvelli samningsins sem rift var falla niður, heldur hvílir skylda á aðilum að skila til baka þeim greiðslum sem þegar hafa verið inntar af hendi. Því er ekki litið á slíkar greiðslur sem bindandi efndir samnings.¹¹⁶

¹¹⁴ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 32.

¹¹⁵ Bernhard Gomard og Torsten Iversen: *Obligationsret. 2. del*, bls. 115-116 og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 71.

¹¹⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 71.

Riftun er lögbundið vanefndaúrræði, en í kafla 2.5.2 hér að framan voru talin upp ýmis lagaákvæði sem gilda um riftun á sviði kauparéttar. Úrræðið má þó einnig flokka sem sammingsbundið vanefndaúrræði. Við gerð umfangsmikilla verksamninga, þegar hvorugur sammingsaðili er neytandi,¹¹⁷ er til dæmis unnt að semja um að við tiltekna vanefndir sammingsaðila verði unnt að rifta samningi, en engin almenn löggjöf er til í íslenskum rétti um verksamninga, þó ákvæði ýmissa sérлага kunni að eiga við um einstakar tegundir verksamninga.¹¹⁸

Gjaldfelling eftirstöðva skulda hefur ákveðin einkenni riftunar, eins og fyrrnefnd lýsing ber með sér. Þegar skuld er gjaldfelld, hvort sem skuldin byggir á kaupsamningi eða skuldabréfi, er kröfuhafi í reynd að rifta samningi aðila að hluta. Samningsákvæði mæla gjarnan fyrir um greiðslur margra afborgana á tilteknu tímabili, en vegna vanefndar skuldara er slíkum sammingsákvæðum „rift“ að því leyti að þau gilda ekki lengur, heldur ber skuldara að greiða alla skuldina í einu lagi. Hins vegar er grundvallarmunur á úrræðunum, sem er fólgin í því að riftun felur í sér bindandi yfirlýsingu um slit sammings. Yfirlýsing um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfs felur ekki í sér slit sammings, heldur breytingu á honum, því vegna tiltekinna atvika skal skuldari greiða heildarfjárhæðina í einu lagi. Gjaldalagi kröfu er því færður fram.¹¹⁹ Gjaldfelling og riftun eru almennt talin til þeirra vanefndaúrræða sem eru mest íþyngjandi í garð skuldara, eins og áður hefur komið fram. Fyrr í ritgerðinni var einnig minnst á að rökin að baki beitingu úrræðanna beggja sé að rekja til sömu sjónarmiða, það er fyrirsjáanlegra vanefnda skuldara. Úrræðin hafa því margt sameiginlegt, þótt þau séu ólík varðandi áhrif þeirra á gildi sammings. Eitt meginskilyrði þess að unnt sé að rifta samningi með lögmætum hætti er að vanefnd gagnaðila verður að vera veruleg, eins og áður hefur komið fram.¹²⁰ Skilyrði þess að unnt sé að gjaldfella svo heimilt sé verða könnuð síðar. Verður þá meðal annars skoðað hvort meginskilyrði gjaldfellingar sé einnig að vanefnd skuldara verði að vera veruleg, og hvort inntak skilyrðisins sé það sama í tilviki riftunar og gjaldfellingar.

Áður en umfjöllun um skilyrði fyrir beitingu gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa hefst í 4. kafla er rétt að víkja nokkrum orðum að skyldu sammingsákvæði, sem kallast (e.) *cross-default* ákvæði.

¹¹⁷ Lög nr. 42/2000 um þjónustukaup gilda eingöngu ef kaupandi þjónustu er neytandi, sbr. 1. gr. laganna.

¹¹⁸ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 25.

¹¹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 446 og Stefán A. Svensson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I. Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 18.

¹²⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 74.

3.4.5 Samanburður við cross-default ákvæði

Svokölluð cross-default ákvæði eru algeng í lánasamningum, en þau geta verið orðuð með mismunandi hætti. Það sem þau eiga sameiginlegt er að þau mæla fyrir um að sá samningur, sem hefur að geyma slíkt ákvæði, telst vanefndur vegna annarra vanefnda af hálfu sammingsaðilans. Slíkt ákvæði geta verið orðuð á þann veg að samningur milli tveggja aðila telst vanefndur ef sammingsaðili vanefnir samning sinn við þriðja mann. Ef lántaki skrifar undir marga samninga sem innihalda ákvæði af því tagi, kann ein vanefnd að valda því að margir samningar teljist vanefndir af þeirri ástæðu einni.¹²¹ Cross-default ákvæði geta þó gengið skemur, og verið orðuð á þá leið að vanefnd á einum samningi milli sammingsaðila valdi því að aðrir samningar milli sömu aðila teljist einnig vanefndir.¹²² Slíkt ákvæði myndi ekki valda því að vanefnd á samningi við þriðja mann hefði áhrif á viðkomandi samning, heldur myndi eingöngu vanefnd á samningi *milli sömu aðila* valda því að samningur með slíkt ákvæði teldist einnig vanefndur. Helstu rökin fyrir cross-default ákvæðum er að gera kröfuhafa kleift að beita vanefndaúrræðum, eins og gjaldfellingum eða riftun, vegna vanefnda sem kynnu að hafa áhrif á viðkomandi samning. Skuldari sem vanefnir einn samning, til dæmis með því að greiða ekki á réttum tíma, er sennilega í fjárhagsvandræðum, og því líklegur til þess að vanefna fleiri samninga. Sammingsaðili kann í slíkum tilvikum að vilja koma í veg fyrir slíkar fyrirsjáanlegar vanefndir í sínu skuldarsambandi við skuldarann með því að setja cross-default ákvæði í samning sinn við hann.¹²³

Þegar sammingsákvæði, eins og gjaldfellingarákvæði, heimila rýmri vanefndaúrræði en leiðir af almennum reglum þarf ávallt að hafa í huga lagareglur sem setja sammingsfrelsinu skorður, til dæmis reglurnar í III. kafla smnl., sem fjallar um ógilda löggerninga.¹²⁴ Það hefur verið staðfest í dómaframkvæmd að vanefnd á einum samningi hefur almennt ekki áhrif á aðra samninga milli sömu aðila, sbr. *Hrd. 1981, bls. 26*. Í málinu reyndi á gjaldfellingum eftirstöðva skuldabréfs, en þegar kröfuhafi tilkynnti skuldara um gjaldfellingu krafðist hann einnig greiðslu annarrar kröfu sem hann átti á hendur skuldara. Skuldari bauð fram hina gjaldföllnu afborgun, en kröfuhafi neitaði að taka við henni nema hin krafan yrði einnig greidd. Í dómi Hæstaréttar sagði að kröfuhafi mætti „ekki krefjast greiðslu alls höfuðstóls veðskuldabréfsins og hvorki þá né síðar tengja greiðslu annarrar kröfu greiðsluafborgunar og vaxta af veðskuldabréfinu með þeim hætti sem gert var og fyrr er lýst“.¹²⁵ Sammingsákvæði líkt og

¹²¹ Stefán A. Svansson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I. Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 12.

¹²² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 340-341.

¹²³ Stephen R. Kruft: „Cross-default provisions in financing and derivatives transactions“, bls. 217.

¹²⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 340.

¹²⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 220.

cross-default ákvæði eru þó í sjálfu sér gild í íslenskum rétti, að teknu tilliti til 36. gr. smnl., en það er skilyrði að slíkt ákvæði komi skýrt fram í samningi ef tengja á ótengda samninga saman.¹²⁶ Ekkert slíkt ákvæði var að finna í samningi aðila í *Hrd. 1981, bls. 26*, og því var niðurstaða málsins með þessum hætti. Í Noregi er að finna takmörkun á beitingu cross-default ákvæða, en í lögum um fjárhagslega samninga (n. *Lov om finansavtaler og finansoppdrag*, nr. 46 frá 25. júní árið 1999) er ákvæði sem bannar notkun slíkra ákvæða ef annar samningsaðili er neytandi og hinn er fjármálastofnun.¹²⁷ Takmörkun löggjafans þar í landi á cross-default ákvæðum nær þó ekki til annarra samninga en neytendasamninga, en ætla má að það sé vegna þess að nauðsyn er á slíkum ákvæðum, til dæmis vegna alþjóðlegra fyrirtækja og fyrirtækja með mikil umsvif.¹²⁸ Í dönskum rétti er einnig að finna takmörkun á cross-default ákvæðum varðandi veðbréf þegar veðandlagið er fasteign. Í *Lovbekendtgørelse om Tinglysning*, nr. 1075 frá 30. september árið 2014, segir í 42. gr. b. að þrátt fyrir ákvæði í veðbréfum þess efnis, sé kröfuhafa óheimilt að gjaldfella eftirstöðvar veðbréfs á þeim grundvelli að ógreiddir séu skattar og gjöld, eða gjaldfallnar séu greiðslur, til annarra veðhafa. Slík cross-default ákvæði eru því ekki heimil í veðskuldabréfum í dönskum rétti þegar veðandlagið er fasteign. Með gagnályktun má hins vegar álykta að lagaákvæðið banni ekki cross-default ákvæði sem ganga skemur, það er ákvæði í veðskuldabréfi sem mæla fyrir um að vanefndir annarra skuldbindinga við *sama veðhafa* valdi því að heimilt sé að fella eftirstöðvar þess veðskuldabréfs.

Gjaldfellingarákvæði og cross-default ákvæði eiga það sameiginlegt að vera ákvæði sem algengt er að aðilar semji um, og bæði valda því að vanefnd hefur íþyngjandi áhrif. Hér ber þó að taka fram að ákvæðin eru í grundvallaratriðum ólík hvað varðar eðli þeirra. Cross-default ákvæði er ekki vanefndaúrræði vegna þeirrar skuldar sem það tekur til, heldur úrræði sem kröfuhafi getur beitt vegna óskyldrar vanefndar. Ákvæði um gjaldfellingu er hins vegar vanefndaúrræði sem kröfuhafi kann að beita vegna vanefndar á viðkomandi samningi. Í reynd eru cross-default ákvæði gjarnan hluti af gjaldfellingarákvæði skuldabréfa, og víkka því gildissvið þeirra. Orðalag gjaldfellingarákvæða eru oft með þeim hætti að kröfuhafa sé heimilt að gjaldfella vegna nánar tilgreindra ástæðna. Vanefnd á öðrum skuldbindingum við kröfuhafa eða aðra skuldheimtumenn kann að vera ein ástæða fyrir gjaldfellingu, en þegar ákvæðin eru orðuð með þessum hætti er cross-default úrræðið hluti af gjaldfellingarákvæðinu. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að orða ákvæðin á annan hátt, þannig að um tvö mismunandi samningsákvæði sé að ræða.

¹²⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*, bls. 341.

¹²⁷ Slíkar stofnanir eru nánar skilgreindar í lögnum.

¹²⁸ Viggo Hagstrøm: *Obligasjonsrett*, bls. 670-671.

4 Skilyrði fyrir gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa

4.1 Almennt

Í þessum kafla verður meginrannsóknarefni ritgerðinnar kannað, það er skilyrðin fyrir því að kröfuhafi geti gjaldfellt allar eftirstöðvar skuldabréfs. Fjallað verður um efnið á þann hátt að helstu réttarheimildir sem varða úrræðið verða rannsakaðar, og af þeim dregnar ályktanir um hver skilyrðin séu. Miðað verður við réttshæð réttarheimilda eins og Sigurður Línadal gengur út frá henni í fyrrnefndu riti sínu *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – Réttarheimildir I*.¹²⁹ Fyrsta réttarheimildin sem verður skoðuð er því settur réttur. Því næst beinist umfjöllunin að dómafordæmum, meginreglum laga og skoðunum fræðimanna. Að því loknu verða ályktanir dregnar saman um það hver skilyrðin séu.

Vegna réttshæðar setts réttar hljóta skilyrðin sem fram koma í settum lagaákvæðum að hafa meira gildi en þau sem fram koma í öðrum réttarheimildum. Hins vegar er ekki að finna mörg lagaákvæði í íslenskum lögum sem varpa ljósi á skilyrði gjaldfellingar venjulegra skuldabréfa, eins og fram mun koma síðar, heldur tilheyra þau flest sérlögum. Dómafordæmi, meginreglur og skoðanir fræðimanna koma lögum þó til fyllingar, og af þeim sökum mun rannsóknin að verulegu leyti beinast að öðrum réttarheimildum, einkum dómafordæmum.

Gjaldfelling er íþyngjandi úrræði eins og áður segir. Miklu máli skiptir að skilyrði fyrir beitingu þess séu eins skýr og kostur er, og því verða réttarheimildirnar, aðrar en settur réttur, skoðaðar með gagnrýnum augum í þessum kafla. Sett lög eru annars eðlis en hinar réttarheimildirnar vegna bindandi eðlis þeirra.¹³⁰ Af þeim sökum verður ekki leitast við að skoða hvernig lögin ættu að vera (l. lex ferenda), heldur einblínt á það hvernig lögin eru (l. lex lata).¹³¹ Í 6. kafla verða hugleiðingar settar fram, en þar mun koma fram gagnrýni á skilyrði gjaldfellingar með víðtækari hætti, meðal annars hvort og hvernig sett lög mættu vera skýrari.

Það skal tekið fram að þau lagaákvæði og þau dómafordæmi sem verða til umfjöllunar eru ekki tæmandi talning á öllum ákvæðum og fordæmum íslensks réttar sem fjalla um gjaldfellingu. Slík upptalning myndi þjóna litlum tilgangi. Í samræmi við rannsóknarefni ritgerðarinnar verður eingöngu einblínt á þau lagaákvæði, þau dómafordæmi, þær meginreglur, og ef til vill aðrar réttarheimildir, sem varða sérstaklega *skilyrði* fyrir beitingu úrræðisins.

¹²⁹ Sjá Sigurður Línadal: *Um lög og lögfræði*, bls.75-78. Ekki er minnst berum orðum á réttshæð réttarheimilda en samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu réttarheimild gerir Sigurður Línadal ráð fyrir því að sumar réttarheimildir skuli nota en aðrar megi nota, og fjallar um að sumar þeirra séu frjálssar en aðrar bindandi.

¹³⁰ Sigurður Línadal: *Um lög og lögfræði*, bls.77. Fræðimenn hafa þó deilt um það hvort fordæmi séu einnig bindandi, sjá Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 103-157.

¹³¹ JJ. Marsh: „Lex lata or lex ferenda. Rule 45 of the ICRC study on customary international humanitarian law“, bls. 117.

4.2 Settur réttur

4.2.1 *Almennt*

Skipta má lagareglum sem falla undir þennan flokk í tvennt, eins og áður hefur verið vikið að. Sett lög í þrengri merkingu eru reglur sem settar eru af handhöfum lagasetningarvalds, en sett lög í rýmri merkingu, sem jafnan eru nefnd stjórnslufyrirmæli, er sett af handhöfum framkvæmdarvalds.¹³² Í þessum kafla verður einblínt á sett lög í þrengri merkingu, nánar tiltekið almenn lög, þó lagafyrirmæli beggja flokka séu bindandi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að málsmeðferð þeirra er vandaðri,¹³³ þau eru sett af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og eru réttærri með tilliti til lögmætisreglunnar.¹³⁴

Í kaflanum verður fjallað um þau lagaákvæði gildandi réttar sem varða skilyrði gjaldfellingar skuldabréfa. Áhersla verður á skilyrði þeirra lagaákvæða sem hafa að geyma almenna skírskotun, það er að segja ákvæði sem varpa ljósi á skilyrði er lúta að venjulegum skuldabréfum. Síður verður einblínt á þau skilyrði sem samkvæmt eðli og orðalagi takmarkast eingöngu við viðkomandi lög, eða einstakar tegundir skuldabréfa.¹³⁵ Ástæðan er sú að rannsóknarefni ritgerðarinnar er fyrst og fremst að athuga hver skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa almennt eru, en ekki einstakra tegunda þeirra.

Fjallað verður um lögin í sérstökum undirköflum. Uppbygging þeirra verður með þeim hætti að fyrst verður gerð grein fyrir gildissviði viðkomandi laga, og útskýrt hvers vegna þau hafa þýðingu fyrir umfjöllunarefni ritgerðarinnar. Því næst verður fjallað um gjaldfellingarákvæði þeirra og ályktanir dregnar um það hver skilyrðin til að beita úrræðinu séu samkvæmt viðkomandi lögum, og hvort þau hafi almenna skírskotun eða ekki. Að lokum verða skilyrðin flokkuð í efnisleg eða formleg skilyrði. Þau lög sem fyrst verða tekin til skoðunar eru lög nr. 75/1997 um sammingsveð. Upptalning þeirra laga sem á eftir koma fer eftir aldri þeirra, en ekki mikilvægi fyrir umfjöllunarefnið.

4.2.2 *Lög nr. 75/1997 um sammingsveð*

Ástæðan fyrir því að fjallað verður fyrst um þessi lög helgast einkum af gildissviði laganna, en þau gilda meðal annars um veðskuldabréf. Slík skuldabréf eru sérstök tegund skuldabréfa, en rétt er að hafa í huga að þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna í viðskiptalífínu. Þar að auki

¹³² Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 79-80.

¹³³ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 97.

¹³⁴ Sjá Hafsteinn Dan Kristjánsson: „Stjórnskipuleg lögmætisregla“, bls. 423-425 um hefðbundna skilgreiningu lögmætisreglunnar.

¹³⁵ Eðli málsins samkvæmt eru lagaákvæði bundin við gildissvið þeirra laga sem þau tilheyra. Sum skilyrðin sem nefnd verða í kaflanum eru þó þess eðlis að þau hafa rýmri skírskotun en önnur. Nánari útskýring fer fram í umfjöllun um hvert og eitt lagaákvæði.

fellur það ákvæði laga nr. 75/1997 um samningsveð, sem hér er til skoðunar, betur að umfjöllunarefni ritgerðarinnar heldur en flest önnur lagaákvæði, vegna þess að þau skilyrði gjaldfellingar sem þar eru nefnd hafa almennari skírskotun.¹³⁶ Fyrir því má færa rök að 9. gr. svl. sé það ákvæði sem komi næst því að veita upplýsingar um það hver skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva almennra skuldabréfa séu hér á landi.

Ákvæðið er afar mikilvægt, því eftir lögfestingu þess eru skilyrðin fyrir gjaldfellingu eftirstöðva veðskuldabréfa skýrari en þau voru áður, en almenn ákvæði um gjaldfellingu veðkröfu skorti fyrir setningu laganna.¹³⁷ Ein helstu lög dansks réttar sem varða gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa eru *Lovbekendtgørelse om Tinglysning*, frá 30. september árið 2014. Lögin fjalla einkum um reglur sem varða þinglýsingu, eins og nafnið gefur til kynna. Í Danmörku hafa ekki verið sett almenn veðlög, líkt og á Íslandi og í Noregi. Í norsku veðlögum frá árinu 1980 er að finna ákvæði sem svipar til 9. gr. svl., en gildissvið norsku veðlaganna er þó rýmra því það er ekki bundið við samningsveð, heldur gilda þau einnig um dómveð og lögveð.¹³⁸ Þótt norska gjaldfellingarákvæðið sé því almennara en það íslenska, hefur það eingöngu hagnýta þýðingu varðandi samningsveð.¹³⁹ Eins og áður segir eru engin veðlög að finna í dönskum rétti, en í fyrrnefndum þinglýsingarlögum eru þó mikilvæg ákvæði sem varða skilyrði fyrir gjaldfellingu veðskuldabréfa. Þau ákvæði sem mestu máli skipta eru 42. gr. a. og 42. gr. b. Í þeim er fjallað um gjaldfellingu eftirstöðva veðskuldabréfa þegar fasteign er sett að veði til tryggingar tiltekinni skuld, og skuldabréf gefið út vegna hennar. Það skal tekið fram að skilyrði gjaldfellingar sem fram koma í 42. gr. a. gilda einnig um veðsetningu á lausafjármunum, sbr. 8. mgr. 47. gr. laganna. Ákvæði 42. gr. b. eiga hins vegar eingöngu við um veðsetningar á fasteignum. Því gilda þær takmarkanir sem þar koma fram eingöngu um veðskuldabréf þegar veðandlag er fasteign.

Umfjöllunin mun einblína á 9. gr. svl., en fjallað verður stuttlega um 42. gr. a og 42. gr. b. dönsku þinglýsingarlaganna samtímis, til samanburðar.¹⁴⁰ Ákvæði 9. gr. svl. skiptist í þrjár málsgreinar, og verður nú fjallað um hverja þeirra fyrir sig.

Í 1. mgr. 9. gr. svl. er að finna upptalningu á þeim ástæðum sem geta valdið því að kröfuhafa, eða veðhafa, sé heimilt að gjaldfella eftirstöðvar veðskuldabréfs. Gjaldfellingarástæðurnar eru í sex stafliðum frá a. til f. Margar af þeim ástæðum sem þar eru

¹³⁶ Gildissvið ákvæðisins takmarkast þó vissulega af gildissviði laganna, og ákvæðum 9. gr. svl. má strangt til getið ekki beita um skuldabréf sem jafnframt er ekki veðskuldabréf.

¹³⁷ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2127 og Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 154.

¹³⁸ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2126.

¹³⁹ Jens Edvin A. Skoghøy: *Panteloven med kommentater*, bls. 104.

¹⁴⁰ Sjá Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145, en þýðing á 42. gr. b. dönsku þinglýsingarlaganna byggir að mestu á þýðingu samkvæmt athugasemdum með frumvarpi laga nr. 75/1997 um samningsveð.

nefndar eru ekki beinlínis almenns eðlis, vegna þess að þær varða veðandlög sérstaklega. Af þeim sökum er sá fyrirvari settur, að sumar gjaldfellingarástæðurnar geta ekki átt við skuldabréf, sem ekki eru jafnframt veðskuldabréf. Eins og ákvæðið er orðað er nægjanlegt að ein af þeim sex gjaldfellingarástæðum sem þar eru nefndar séu fyrir hendi, svo að gjaldfelling sé heimil. Þeim má skipta í fjóra flokka, eftir efni þeirra.

Í fyrsta lagi gjaldfellingarástæður sem flokka má sem beinar vanefndir af hálfu skuldara. Þetta eru a. og d. liðir ákvæðisins. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 9. gr. svl. er heimilt að beita úrræðinu „þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega“. Þetta er það ákvæði sem hefur hvað mesta almenna skírskotun, og er sambærilegt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem vikið verður að hér á eftir. Ákvæðin hafa það sameiginlegt að í þeim er ekki að finna neinar vísbendingar um það hvað felist í skilyrðinu um verulega vanefnd, en um það verður fjallað síðar í ritgerðinni. Hér má til samanburðar nefna að í 1. másl. 2. mgr. 42. gr. a. dönsku þinglýsingarlaganna kemur fram, að verði greiðsludráttur á afborgun höfuðstóls eða vaxta veðskuldabréfs geti kröfuhafi aðeins gjaldfellt eftirstöðvar bréfsins ef skuldari efnir ekki skuldbindingu sína innan sjö daga frá því að kröfuhafi sendi honum greiðsluáskorun. Þar er því að finna nánari útlistun á því hvað felist í verulegri vanefnd, ásamt skilyrði um að greiðsluáskorun verði að vera send. Í 2. másl. 2. mgr. 42. gr. a. segir enn fremur að áskorun kröfuhafa skuli send eftir gjalddaga, og í henni skuli koma skýrt fram að gjaldfelling verði beitt ef vextir og afborgun verði ekki greidd innan frestsins. Ákvæði 2. mgr. 42. gr. a. hefur því að geyma lagafyrirmæli þess efnis að kröfuhafi geti ekki gjaldfellt án þess að veita tiltekinn greiðslufrest. Samkvæmt d. lið 1. mgr. 9. gr. svl. er gjaldfelling heimil ef „eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara“. Eins og orðalagið bendir til á þetta skilyrði gjaldfellingar eingöngu við ef um veðskuldabréf er að ræða.

Í öðru lagi eru gjaldfellingarástæður, sem helgast af forsendubresti. Þetta eru b. og e. liðir 1. mgr. 9. gr. svl. Samkvæmt þeim má veðhafi gjaldfella eftirstöðvar veðkröfu þegar „ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta“ og „þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega“. Líkt og d. liður, takmarkast gildissvið b. og e. liða við veðskuldabréf. Samkvæmt 42. gr. b. dönsku þinglýsingarlaganna má kröfuhafi ekki beita úrræðinu ef tekin er fyrir rétti beiðni um að hið veðsetta verði selt með nauðungarsölu. Veðhafi getur almennt aðeins leitað fullnustu í veðandlaginu ef fyrir liggur vanefnd samkvæmt almennum reglum á kröfunni.¹⁴¹ Þess má geta að danska heimildin er

¹⁴¹ Bo von Eyben og Peter Møgelvang-Hansen: *Kreditorforfølgning*, bls. 402.

þrengri en samkvæmt b. lið 1. mgr. 9. gr. svl. Ákvæðið kom í dönsku þinglýsingarlögin á sama tíma og breytingar voru gerðar á ákvæðum dönsku réttarfarslögjafarinnar um nauðungarsölu. Ákvæðinu var meðal annars ætlað að tryggja að sem hæst verð fengist fyrir eign sem seld yrði á nauðungarsölu. Því markmiði skyldi ná með því að koma í veg fyrir að háar upphæðir féllu í gjalddaga vegna nauðungarsölumeðferðarinnar. Ekki þótti sanngjarnt að nauðungarsala skyldi leiða til þess að kröfur annarra kröfuhafa, sem ekki væru í vanskilum, féllu í gjalddaga.¹⁴²

Í þriðja lagi er um að ræða c. lið 1. mgr. 9. gr. svl., en sú gjaldfellingarástæða hefur samstöðu með greiðsluþroti. Samkvæmt honum er heimilt að gjaldfella „þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta“. Hér er um að ræða gjaldfellingarástæðu sem kann að hafa víðtækari skírskotun en gildissvið laganna gefur til kynna, því það er ekki bundið við veðandlag. Nánar verður vikið að gildissviði c. liðar síðar. Þess má geta að samkvæmt 42. gr. b. dönsku þinglýsingarlaganna er kröfuhafa óheimilt að gjaldfella á grundvelli þessarar ástæðu.

Í fjórða lagi er f. liður 1. mgr. 9. gr. svl., en þar er sú gjaldfellingarástæða nefnd, að beita megi úrræðinu þegar veðið er selt. Athygli vekur að í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að þessi stafliður er eingöngu gild gjaldfellingarheimild ef veðhafi hefur áskilið sér heimild í veðbréfi til þess að gjaldfella af þessari ástæðu.¹⁴³

Velta má þeirri spurningu upp um c. lið 9. gr. svl., hvort kröfuhafi geti krafist gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sem ekki eru jafnframt veðskuldabréf þegar bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta, með lögjöfnun frá samningsveðlöggunum. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna segir um ákvæðið að ekki þyki óeðlilegt að heimila gjaldfellingu í slíkum tilvikum, einkum vegna tillits til hagræðis veðhafa. Gjaldþrot leiði til heildaruppgjörs, og eignir skuldara gangi til fullnustu þeirra krafna, sem hvíla á honum. Því sé hagkvæmt fyrir veðhafa að fá greiðslu allrar kröfu sinnar, þótt umsaminn gjalddagi sé ekki kominn. Þar fyrir utan sé ákveðinn forsendubrestur fólgin í gjaldþroti skuldara. Að lokum segir í athugasemdunum að heimildin, sem nefnd er í c. lið, sé í samræmi við algeng ákvæði í veðskuldarefnum á Íslandi.¹⁴⁴ Ekki verður séð að þau rök sem nefnd eru í athugasemdum frumvarpsins eigi síður við um skuldabréf án veðs. Er unnt að fullyrða að kröfuhafi geti ávallt gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfs ef bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta? Hér ber að taka fram að 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tekur beinlínis á álitaefninu, en þar segir: „Allar kröfur á hendur þrotabúi falla sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið

¹⁴² Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145.

¹⁴³ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 155.

¹⁴⁴ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145-2146.

með öðrum hætti.“ Því er ljóst að skuldir skuldara falla sjálfkrafa í gjalddaga þegar bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta. Velta má upp hvert gildi c. liðar 1. mgr. 9. gr. svl. sé í reynd, borið saman við 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Með samanburði ákvæðanna sést að ákvæði gjaldþrotaskiptalaganna er almennara. Ákvæði sammingsveðlaganna kemur því fyrrnefnda til fyllingar, því það nær yfir þau tilvik þegar skuldari og eigandi veðs eru ekki sami aðilinn. Nefna má sem dæmi að A (kröfuhafi) eigi kröfu á B (skuldara), en krafan er tryggð með veði í fasteign C. Ef bú C er tekið til gjaldþrotaskipta gjaldfalla allar kröfur á hendur B á grundvelli c. liðar 1. mgr. 9. gr. svl.

Eftir umfjöllun um 1. mgr. 9. gr. svl. sitja eftir spurningar um það hver meginskilyrði gjaldfellingar séu. Það kann að vera *formlegt skilyrði* þess að unnt sé að gjaldfella, að *heimild* fyrir beitingu úrræðisins sé að finna í samningi aðila eða lögum. Einnig má velta því upp hvort eitt af *efnislegum skilyrðum* þess að unnt sé gjaldfella sé að *gjaldfellingarástæðu* sé að finna í samningi aðila eða lögum. Það er að ekki sé nægjanlegt að formlega heimild sé að finna til að beita úrræðinu, heldur verði efnislegt innihald heimildarinnar að hafa að geyma þær ástæður sem heimila gjaldfellingu. Þannig megi ekki beita úrræðinu nema annað hvort liggi fyrir skýrt lagaákvæði eða skýrt sammingsákvæði sem tiltaki gjaldfellingarástæðuna. Rannsaka verður fleiri lagaákvæði og fleiri réttarheimildir áður en því er slegið föstu, en í f. lið 1. mgr. 9. gr. svl. virðist vera að finna einhverja vísbendingu um þetta. Sérstaklega er þar tekið fram að sú gjaldfellingarástæða sem þar er nefnd sé eingöngu gild ef aðilar semji um hana. Þannig þurfi aðilar að tiltaka þá gjaldfellingarástæðu sem nefnd er í f. lið í samningi sínum, eigi að vera heimilt að gjaldfella á þeim grunni. Með gagnályktun er unnt að segja, að fyrst sérstaklega er áskilið að semja þurfi um þessa tilteknu gjaldfellingarástæðu, ætti ekki að þurfa að tiltaka í samningi hinar ástæðurnar, í a. til e. liðum 1. mgr. 9. gr. svl. Sú ályktun breytir litlu þegar um veðskuldabréf er að ræða, því samkvæmt gildissviði sammingsveðlaganna gilda þau nema um annað sé samið, sbr. 1. mgr. 2. gr. svl. Því ætti veðhafi að geta gjaldfellt eftirstöðvar *veðskuldabréfs* á grundvelli þeirra ástæðna sem nefnd eru í a. til e. liðum, án þess að samningur aðila nefni sérstaklega ástæður sem heimila gjaldfellingu.¹⁴⁵ Meiri vafi er um hvort kröfuhafi geti með lögjöfnun frá sammingsveðlögum gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfs sem er án veðs, ef það er hljóðlát um gjaldfellingarástæðurnar. Þessi umfjöllun snýr aftur að því hvort það sé yfir höfuð skilyrði gjaldfellingar að tiltaka gjaldfellingarástæðurnar í skuldabréfi. Skoða verður fleiri réttarheimildir áður en því er slegið föstu.

¹⁴⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 221-222 og Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145.

Í 2. mgr. 9. gr. svl. er að finna aukaskilyrði fyrir því að veðhafi geti gjaldfellt veðskuldabréf, en samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna er skilyrði að eitt af þeim sex gjaldfellingarástæðum sem þar eru nefnd séu fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. verður veðhafi að „gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns“ áður en gjaldfellingar er krafist samkvæmt d. lið 1. mgr. 9. gr. Sá stafliður er takmarkaður við veðskuldabréf, eins og áður segir, og því þarf ekki að fjalla frekar um 2. mgr. 9. gr. hér. Hins vegar má velta þeirri spurningu upp, hvort kröfuhafi þurfi ávallt að veita slíka áskorun áður en gjaldfellt er, það er hvort hér sé um að ræða grundvallarskilyrði gjaldfellingar skuldabréfa. Gagnályktun frá ákvæðinu bendir þó til þess að svo sé ekki, að minnsta kosti ekki varðandi hina fimm stafliðina í 1. mgr. 9. gr. svl. Lagaákvæði um slíka aðvörunarskyldu kröfuhafa eru raunar fá í íslenskum rétti, sbr. þó til dæmis 1. tl. 1. mgr. 61. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, en það fjallar um riftun leigusala.¹⁴⁶ Rannsókn á hinum réttarheimildunum mun leiða í ljós hvort áskorun sem þessi sé skilyrði gjaldfellingar venjulegra skuldabréfa.

Í 3. mgr. 9. gr. svl. er fjallað um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála varðandi gjaldfellingu eftirstöðva veðskuldar, en þar segir: „Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.“ Þessi regla er sams konar reglunni sem gildir samkvæmt 1. mgr. 36. gr. smnl.¹⁴⁷ Sjálfstæð þýðing ákvæðisins er í reynd ekki mikil, en það er árétting á því að um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála í veðbréfum fer eftir fyrrgreindu ákvæði samningalaga. Gildissvið reglunnar er ekki takmarkað við 9. gr. svl., heldur gildir hún um öll ósanngjörn samningsákvæði í veðbréfum. En vegna þess að líklegast reynir einna helst á ósanngjörn gjaldfellingarákvæði, sem annað hvort ganga lengra eða víkja frá ákvæði 1. mgr. 9. gr. svl., var ógildingarreglunni skipað í 3. mgr. 9. gr. svl.¹⁴⁸ Ákvæðið hefur í sjálfu sér ekki mikið gildi fyrir rannsóknarefni ritgerðarinnar, enda varpar það litlu ljósi á hver skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa séu. Þó áréttar ákvæðið það sem áður hefur verið nefnt, að mörg ákvæði laganna séu frávíkjanleg. Þannig er aðilum unnt að semja um að aðrar ástæður heimili gjaldfellingu heldur en nefndar eru í 1. mgr. ákvæðisins. Því er ljóst að jafnvel 9. gr. svl., sem segja má að sé einna mikilvægasta setta lagaákvæðið varðandi gjaldfellingu og skilyrðin fyrir beitingu hennar, er ekki skrifað í stein. Ef aðilar semja um aðrar

¹⁴⁶ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 155.

¹⁴⁷ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 155.

¹⁴⁸ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 95.

gjaldfellingarástæður, gilda þær, með fyrirvara um 3. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. smnl. Þetta sýnir enn betur eðli gjaldfellingar sem sammingsbundins vanefndaúrræðis.

Skilyrðin sem fram koma í 1. mgr. 9. gr. svl., það er þær gjaldfellingarástæður sem þurfa að vera fyrir hendi svo að veðhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar veðskuldabréfs, flokkast sem *efnisleg skilyrði*. Skilyrðið sem fram kemur í 2. mgr. 9. gr., áskorunin, er hins vegar *formlegt skilyrði*.

4.2.3 Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 40. gr. laganna koma fram reglur sem vert er að gera stuttlega grein fyrir. Það skal tekið fram að umfjöllun um hin ýmsu hugtök sem fram koma í lögnum tilheyrir öðru réttarsviði, skuldaskilarétti, og því verður eingöngu gerð grein fyrir atriðum sem varða gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Af lestri ákvæða 1. þáttar laganna er ljóst að gildissvið þeirra er vítt, en á grundvelli laganna getur skuldari óskað eftir ýmsum úrræðum vegna fjárhagsörðugleika sinna.

Í 2. þætti laganna er fjallað um greiðslustöðvun, en IV. kafli þeirra hefur að geyma reglur um réttaráhrif greiðslustöðvunar. Það ákvæði sem máli skiptir hér er 1. mgr. 22. gr. laganna. Þar segir svo: „Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi gagnvart skuldaranum á þeim tíma sem greiðslustöðvun stendur yfir, að öðru leyti en því að krefjast má dráttarvaxta, dagsekta eða févítis vegna vanefnda skuldans á skyldum sínum án tillits til greiðslustöðvunar.“ Af ákvæðinu leiðir að bæði sammings- og lagaákvæði um vanefndaúrræði eins og gjaldfellingu eftirstöðva skulda hafa ekki gildi gagnvart skuldara á meðan greiðslustöðvun stendur yfir, en þær heimildir sem nefndar eru í ákvæðinu er tæmandi taldar.

Í 3. þætti laganna er fjallað um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta. Í 27. gr. er að finna skilgreiningu á nauðasamningi, en þar segir svo: „Með nauðasamningi er í lögum þessum átt við samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem kemst á milli skuldans og áskilins meiri hluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi.“ Í 1. mgr. 40. gr. kemur fram að frá því að heimild er veitt skuldara til að leita nauðasamnings og þar til slíkur samningur kemst á, eða ef heimildin fellur niður, hefur hún sömu áhrif og greiðslustöðvun skv. 19.-21. gr. og 1. og 3. mgr. 22. gr. laganna. Kröfuhafa er því óheimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldar samkvæmt lögnum, annars vegar þegar greiðslustöðvun stendur yfir, og hins vegar þegar skuldara er veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Ákvæðin hafa að geyma *neikvæð formleg skilyrði* til gjaldfellingar, því kröfuhafi má ekki beita úrræðinu ef beiðni skuldara um greiðslustöðvun eða nauðasamninga er veitt.

4.2.4 Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Í I. kafla laganna er gildissvið þeirra afmarkað, en þar kemur fram hvert er hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Í II. kafla laganna er fjallað um námslán, það er atriði sem varða umsókn, vexti og verðtryggingu lánsins, endurgreiðslu þess og fleira. Í 5. mgr. 6. gr. kemur fram að þeir námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skuli undirrita skuldabréf við lántöku, séu þeir á annað borð lánshæfir samkvæmt reglum sjóðsins. Í 8. gr. er fjallað um endurgreiðslu lánsins, en hún ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla, sem er innheimt á fyrri hluta árs, og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta árs. Því er um að ræða tvo gjalddaga á ári.

Gjaldfellingarákvæði laganna er að finna í 3. og 4. mgr. 11. gr. þeirra. Í því fyrrnefnda segir: „Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga“. Í 4. mgr. segir svo: „Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.“ Ákvæði 11. gr. laganna eru samhljóða eldri lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki.¹⁴⁹ Þau skilyrði sem fram koma í ákvæðunum lúta að ástæðum þess að heimilt sé að gjaldfella. Sýni skuldari af sér tiltekna háttsemi hefur stjórn LÍN heimild til þess að beita úrræðinu. Gjaldfellingarástæðan sem nefnd er í 3. mgr. 11. gr. laganna er veruleg vanskil á endurgreiðslu lánsins, án þess að nánar sé tilgreint hvað teljist veruleg vanskil. Í 4. mgr. 11. gr. er ástæða gjaldfellingar sú að skuldari hafi vantalið tekjur á framtali sínu.

Gildissvið þessara gjaldfellingarástæðna takmarkast af gildissviði laganna. Ef litið er á gjaldfellingarástæðurnar í óhlutstæðu (d. abstrakt) samhengi, sést þó að *veruleg vanskil* hefur víðtækari skírskotun en *vantaldar tekjur*. Það er tæpast unnt að telja það eitt af meginskilyrðum gjaldfellingar, í almennu samhengi, að skuldari verði að telja fram tekjur með réttum hætti, ella sé unnt að beita úrræðinu.

Ákvæðin vekja upp áðurnefnda spurningu um það hvort eitt meginskilyrði gjaldfellingar sé að ekki megi beita úrræðinu nema annað hvort liggi fyrir skýrt lagaákvæði eða skýrt sammingsákvæði sem tiltaki gjaldfellingarástæðuna. Ákvæði 3. og 4. mgr. 11. gr. benda til þess að svo sé, en ekki er þó unnt að fullyrða um það á þessu stigi.

Eins og áður segir lúta áðurnefnd skilyrði gjaldfellingar að ástæðum þess að unnt sé að beita úrræðinu, og því hafa 3. og 4. mgr. 11. gr. að geyma *efnisleg skilyrði* gjaldfellingar.

¹⁴⁹ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 2025.

4.2.5 Lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins

Í III. kafla laganna er fjallað um Byggingarsjóð ríkisins, en um tilgang hans verður ekki fjallað hér að öðru leyti en að unnt var að óska eftir láni hjá sjóðnum til íbúðarkaupna. Við gildistöku laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, sem fjallað verður um síðar, voru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir Íbúðalánasjóði, sem tók þá við hlutverki þeirra, réttindum og skuldbindingum.

Gjaldfellingarákvæði laganna er að finna í 2. mgr. 16. gr. þeirra, en sú grein fjallar um lánskör hjá sjóðnum. Í 3. másl. 2. mgr. ákvæðisins segir: „Selji lántakandi (skuldari) íbúð sína ber honum skylda til að tilkynna aðilaskipti að láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins án tafar.“ Í 5. másl. 2. mgr. ákvæðisins segir enn fremur: „Sé tilkynningarskylda vanrækt er húsnæðismálastjórn heimilt að gjaldfella þau lán er hvíla á fasteign frá Byggingarsjóði ríkisins.“ Hér er því um að ræða lagafyrirmæli sem skyldar lántakanda (skuldara) að tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ef aðilaskipti verða að láninu. Gjaldfellingarástæðan er skortur á *tilkynningarskyldu vegna aðilaskipta*. Ef þeirri skyldu er ekki fullnægt stofnast réttur til handa kröfuhafa til þess að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfsins.

Hér er um að ræða mjög sérstakt tilvik, enda er tæpast unnt að segja að aðstæður sem þessar séu almenns eðlis. Ekki er því unnt að draga þær ályktanir að aðilaskipti að láni, og skortur á tilkynningu þess efnis, leiði ávallt til þess að heimild stofnist til handa kröfuhafa til þess að gjaldfella eftirstöðvar láns. Hins vegar leiðir af almennri meginreglu kröfuréttar um skuldskeytingar að skuldaraskipti mega almennt ekki fara fram án samþykkis kröfuhafa.¹⁵⁰ Skuldarsamband kann að teljast vanefnt ef reglan er brotin. En leiðir slík vanefnd til þess að kröfuhafi geti beitt öllum vanefndaúrræðum, til dæmis gjaldfellingu? Ákvæðið vekur upp þá spurningu, sem einnig var borin upp í hér að framan, hvort ekki sé unnt að beita gjaldfellingu nema fyrir hendi sé annars vegar heimild til þess, og hins vegar hvort ástæður fyrir gjaldfellingunni verði sérstaklega að vera nefndar í samningi aðila eða lögum svo unnt sé að gjaldfella á þeim grundvelli.

Skilyrðið sem ákvæðið fjallar um, tilkynningarskylda, telst *formlegt skilyrði*.

Annað gjaldfellingarákvæði er að finna í 4. mgr. 58. gr. a. laganna, en í 1. mgr. þess ákvæðis segir að Byggingarsjóði verkamanna sé heimilt að veita sveitarfélögum framkvæmdalán, sbr. 58. gr. laganna, til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum, að tilteknum skilyrðum fullnægðum sem óþarfí er að nefna hér. Í 4. mgr. ákvæðisins segir: „Verði vanskil á láni

¹⁵⁰ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 41, Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*, bls. 17 og Bernhard Gomard og Torsten Iversen: *Obligationsret. 3. del*, bls. 153.

Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða ef íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga þessara er sjóðnum heimilt að gjaldfella lán sitt.“ Hér er skilyrði gjaldfellingar að skuldari hafi sýnt af sér *vanskil/greiðsludrátt*. Athygli vekur að ákvæðið gerir ekki áskilnað um að vanskilin séu veruleg. Einnig er nefnd sú gjaldfellingarástæða, að íbúð sé ráðstafað til aðila sem ekki fullnægir tilteknum skilyrðum laganna. Þetta eru sérstök skilyrði, sem eru bundin við þau lögskipti sem lögin fjalla um, og hafa ekki almennt gildi. Af þeim sökum verður ekki fjallað nánar um þennan hluta ákvæðisins.

Það skilyrði sem nefnt er í ákvæðinu, vanskil, telst *efnislegt skilyrði*.

4.2.6 Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál

Í I. kafla laganna er fjallað um gildissvið þeirra, en í 1. gr. er markmiðsákvæði þess efnis að tilgangur laganna sé meðal annars að stuðla að því með lánveitingum að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Í II. kafla er fjallað um skipulag stjórnar húsnæðismála, og í 1. mgr. 4. gr. segir að sérstakur lánasjóður, Íbúðalánasjóður, skuli meðal annars lána til íbúðarkaupa á Íslandi. Í 2. gr. laganna eru nefnd nokkur hugtök, þar á meðal ÍSL-veðbréf, sem eru „skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út til Íbúðalánasjóðs með veði í íbúðarhúsnæði“. Það er því ljóst að gildissvið laganna nær til skuldabréfa.

Í 39. og 40. gr. laganna er fjallað um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Ákvæðin eru undir kafla VIII., en í 33. gr. segir að Íbúðalánasjóði sé heimilt að „veita sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa það sem langtímamarkmið að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða“. Þau gjaldfellingarskilyrði sem fram koma í 39. og 40. gr. lúta að atvikum, sem verða að vera uppfyllt svo að gjaldfelling sé heimil. Ákvæðin eru bæði sérstaks eðlis, það er gildissvið þeirra getur ekki náð út fyrir þau lögskipti sem lögin fjalla um. Af þeim sökum hefur það ekki mikið gildi fyrir rannsóknarefni ritgerðarinnar að fjalla um þau. En vegna þess að kaflinn fjallar um þau settu lagaákvæði sem gera grein fyrir skilyrðum gjaldfellingar skuldabréfa þykir rétt að minnast á ákvæðin. Í 39. gr. laganna kemur fram að í reglugerð, sem er nr. 1042/2013 um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, sé heimilt að ákveða að „leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar.“ Svo segir að ef lántakandi víkji frá viðmiðunarleiguupphæð sé stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að gjaldfella lán leiguhúsnæðisins. Í 1. mgr. 40. gr. laganna, sem fjallar um eftirlit með félögum og

félagasamtökum, eru fyrirmæli um að félög og félagasamtök samkvæmt lögnum skuli láta Íbúðalánasjóði í té ýmis gögn, til dæmis ársskýrslur og bókhaldsgögn, ef Íbúðalánasjóður óskar eftir því. Í 2. mgr. ákvæðisins segir síðan svo: „Komi í ljós að félög eða félagasamtök hafi vikið frá skilyrðum lánveitinga eða um ráðstöfun leiguhúsnaðis er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.“ Í áðurnefndri reglugerð er 3. mgr. 36. gr. hennar samhljóða 2. mgr. 40. gr. laganna. Í 4. mgr. reglugerðarinnar er að finna viðbótarskilyrði, en þar segir að áður en úrræðum 3. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar sé beitt skuli „Íbúðalánasjóður beina tilmælum til félags eða félagasamtaka um úrbætur innan hæfilegs frests.“

Skilyrðin sem fram koma í 39. gr. og 40. gr. laganna flokkast sem *efnisleg skilyrði* gjaldfellingar, en viðbótarskilyrði 4. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar, um áskorun, er *formlegt skilyrði*.

4.2.7 Lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf

Í I. kafla laganna er að finna almenn ákvæði, og í 1. gr. er gildissvið þeirra afmarkað. Þar segir að lögin gildi um útgáfu sértryggðra veðskuldabréfa. Í 2. gr. er að finna ýmsar skilgreiningar, en þar segir að útgefandi sértryggðra skuldabréfa sé „Viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem hefur fengið leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf.“ Einnig segir að sértryggð skuldabréf séu skuldabréf „eða önnur einhliða, óskilyrt, skrifleg skuldarviðurkenning sem nýtur sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og gefið er út samkvæmt lögum þessum.“ Nánari skýringu er að finna í athugasemdum með frumvarpi laganna, en þar segir að sértryggð skuldabréf (d. realkreditobligationer; e. covered bonds) séu fjármálagerningar sem beri öll helstu einkenni skuldabréfs. Síðan segir að skuldabréf séu ýmist með eða án trygginga, og að algengustu tryggingar skuldabréfa séu veð eða ábyrgðir einstaklinga eða lögaðila. Sértryggð skuldabréf séu ekki tryggð með eiginlegu veði, og heldur ekki með sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu þriðja manns, heldur njóti þau sérstaks fullnusturéttar og tryggingarréttar í tryggingarsafni samkvæmt lögnum.¹⁵¹ Í 2. gr. laganna er tryggingarsafn skilgreint svo: „Safn skuldabréfa, staðgöngutrygginga og annarra eigna sem færðar hafa verið á skrá skv. VI. kafla og eigendur sértryggðra skuldabréfa og gagnaðilar útgefanda í afleiðusamningum eiga fullnusturétt í samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ Ekki þykir ástæða til að gera frekari grein fyrir gildissviði laganna eða skilgreiningu á sértryggðum skuldabréfum, en ljóst er að um skuldabréf er að ræða, og því tilefni til að skoða hvort lögin fjalli um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa.

¹⁵¹ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1188.

Í 14. gr. laganna kemur fram að sé bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta, falli sértryggð skuldabréf, sem útgefandi hefur gefið út, ekki í gjalddaga nema um það hafi verið samið. Ef ekki væri fyrir þessa lagareglu, myndu skuldabréfin falla sjálfkrafa í gjalddaga vegna áður nefndrar 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Lögin eru sérlög (l. *lex specialis*¹⁵²) gagnvart gjaldþrotaskiptalögunum, og því gengur 14. gr. laganna fram 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991. Rök reglunnar eru þau að nauðsynlegt er fyrir útgefandann og bú hans, verði það tekið til gjaldþrotaskipta, að hin sértryggðu skuldabréf verði ekki gjaldfelld. Ástæður fyrir því eru vegna eðlis þessara tegunda skuldabréfa, en ekki þarf að rekja það nánar hér. Í ákvæðinu er þó heimild til þess að semja um að sértryggð skuldabréf gjaldfalli ef bú útgefanda verði tekið til gjaldþrotaskipta.¹⁵³

Ákvæðið veitir hvorki miklar vísbendingar um það hver skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva venjulegra skuldabréfa séu, né hver skilyrðin séu fyrir því að gjaldfella þessa tegund skuldabréfa. Lærdóminn sem draga má af ákvæðinu er að hin sértryggðu skuldabréf eru þess eðlis að löggjafinn hefur talið tilefni til þess að takmarka sjálfkrafa gjaldfellingu samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Eins og sagt var í upphafi kaflans var markmiðið ekki að nefna hvert einasta lagaákvæði sem varðar gjaldfellingu, heldur þau sem varpa ljósi á skilyrðin fyrir beitingu hennar. Ástæðan fyrir þessari umfjöllun er vegna gildissviðs laganna. Þótt lögin fjalli um sérstaka tegund skuldabréfa eru þau ein af fáum lögum í íslenskum rétti sem fjalla um skuldabréf, og einu lögin hér á landi sem hafa að geyma almennar reglur um þessa tegund skuldabréfa. Gagnrýni á sett lög verður sett fram í 6. kafla, eins og áður segir, en lög nr. 11/2008 er dæmi um hve hljóðlát sett lög eru um skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa.

4.2.8 Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn

Gildissvið laganna er afmarkað í I. kafla þeirra, en samkvæmt 2. gr. gilda lögin um “lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka.” Síðan eru nefndir nokkrir lánveitendur í dæmaskyni sem lögunum er ætlað að taka til, án þess að girða fyrir að aðrir en þar eru nefndir geti einnig fallið undir gildissvið þeirra.¹⁵⁴ Ekki eru miklar takmarkanir á gildissviði laganna, fyrir utan þá takmörkun að lögin gilda ekki þegar ábyrgðarmaður veitir ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar eða í þágu fjárhagslegs ávinnings síns, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Til að mynda skiptir almennt hvorki máli hvort sá sem gengist er í ábyrgð fyrir sé einstaklingur eða lögaðili, né í hvaða tilgangi

¹⁵² Sjá um *lex specialis* Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 79-81.

¹⁵³ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1200-1201.

¹⁵⁴ Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 786.

lánið er tekið. Að sama skapi taka lögin bæði til þeirrar ábyrgðar þegar veitt er persónuleg ábyrgð og þegar veitt er veð í eignum til tryggingar á efdum.¹⁵⁵ Skuldabréf geta verið tryggð með ábyrgð sem fellur undir gildissvið laganna, og er því tilefni til að kanna gjaldfellingarákvæði þeirra.

Kafli III í lögunum ber yfirheitið „Réttarsamband lánveitanda og ábyrgðarmanns“, en í 7. gr. er fjallað um tilkynningarskyldu sem hvílir á lánveitanda, og afleiðingar ef henni er ekki sinnt. Í 1. mgr. 7. gr. segir að á lánveitanda hvíli skylda til þess að senda ábyrgðarmanni, svo fljótt sem kostur er, tilkynningu við nánar greindar aðstæður, til dæmis ef vanskil verða af hálfu lántaka. Að baki ákvæðinu býr að ábyrgðarmanni sé tilkynnt um allar aðstæður sem geta haft áhrif á forsendur ábyrgðar, ábyrgðarmanni í óhag.¹⁵⁶ Í 4. mgr. 7. gr. segir svo: „Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.“ Er hér er um að ræða skilyrði fyrir því að kröfuhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar skuldar, þegar skuldbinding er tryggð með ábyrgð sem fellur undir gildissvið laganna? Verður kröfuhafi ávallt að senda ábyrgðarmanni greiðsluáskorun áður en hann getur gjaldfellt? Eða getur kröfuhafi beitt úrræðinu svo gilt sé þótt tilkynning sé ekki send, en á grundvelli ákvæðisins geti ábyrgðarmaður komið í veg fyrir áhrif gjaldfellingar? Hér er um að ræða eins konar „auka“ álitafni, sem verður skoðað betur þegar hinar réttarheimildirnar verða kannaðar.

Það skilyrði sem hér kemur fram, greiðsluáskorun, má flokka sem *formlegt skilyrði* gjaldfellingar.

4.2.9 Lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga

Síðustu lögin sem hugað verður að, og varpa ljósi á hver séu skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa, eru lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga. Gildissvið laganna er afmarkað í I. kafla þeirra, en í 1. mgr. 3. gr. kemur fram til hvaða krafna greiðsluáðlögun tekur. Samkvæmt ákvæðinu tekur greiðsluáðlögun til allra fjárskuldbindinga skuldara, nema þeirra krafna sem nefndar eru í stafliðum a. til i. Greiðsluáðlögun tekur því til sammingskrafna og veðkrafna.¹⁵⁷ Kröfur, sem grundvallast á skuldabréfum, falla því undir lögin, að teknu tilliti til áður nefndra undantekninga sem nefndar eru í 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í b. lið 1. mgr. 11. gr. laganna er að finna ákvæði sem kann að veita vísbendingar um skilyrði gjaldfellingar. Í 1. mgr. 11. gr. segir að þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt

¹⁵⁵ Alpt. 2008-09, A-deild, bls. 786.

¹⁵⁶ Alpt. 2008-09, A-deild, bls. 788.

¹⁵⁷ Þskj. 1363, 138. lögþ. 2009-10, bls. 26 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

umsókn um greiðsluaðlögun hefjist tímabundin frestun greiðslna. Frestunin nær þó ekki til krafna sem falla til eftir að umsóknin hefur verið samþykkt og meðan leitað er greiðsluaðlögunar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Í 1. mgr. 11. gr. er nánar fjallað um það hvað kröfuhafar mega ekki gera á meðan umleitanir um greiðsluaðlögun fara fram, en það er talið upp í staflíðum a. til g.¹⁵⁸ Í b. lið 1. mgr. 11. gr. kemur fram að á meðan frestun greiðslna stendur sé kröfuhafa óheimilt að „gjaldfella skuldir samkvæmt sammingsbundnum heimildum“. Þetta er skilyrði sem hefur víðtæka skírskotun vegna þess að gildissvið laganna er tiltölulega rúmt, en það er ekki takmarkað við einstakar tegundir skuldabréfa. Hér er því um að ræða eins konar neikvætt skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa. Af því leiðir að kröfuhafa er *ekki* heimilt að gjaldfella við þessar aðstæður.

Athuga ber að samkvæmt ákvæðinu er kröfuhafa óheimilt að gjaldfella samkvæmt sammingsbundnum heimildum. Gagnályktun leiðir til þess ákvæðið bannar ekki gjaldfellingu á grundvelli *lagaákvæðis*. Þegar litið er til orðalags hinna staflíðanna í ákvæðinu verður þó tæpast sagt að um raunhæft álitamál sé að ræða.

Það skilyrði sem hér kemur fram, það er umsókn um greiðsluaðlögun, má flokka sem *neikvætt formlegt skilyrði* gjaldfellingar, eins og skilyrðin sem fram komu í kafla 4.2.3. Umsókn um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010 er af svipuðum meiði og beiðni skuldara um greiðslustöðvun eða nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

4.2.10 Ályktanir af lagaákvæðum

Lögbundin skilyrði fyrir því að kröfuhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfa eru breytileg eftir því hver lögskiptin eru. Sum skilyrðin eru þess eðlis að þau geta eingöngu átt við þau lögskipti sem falla undir gildissvið viðkomandi laga, og hafa ekki almenna skírskotun. Eins og áður segir er markmið ritgerðarinnar einkum að setja fram á skýran hátt þau skilyrði sem þurfa *almennt séð* að vera uppfyllt þegar úrræðinu er beitt, og þess vegna verður áherslan á slík skilyrði.

Eins og lýst var fyrr í ritgerðinni er gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa almennt flokkuð sem sammingsbundið vanefndaúrræði, þótt til séu lagaákvæði sem fjalla um úrræðið. Ástæðan er fyrst og fremst sú að algengt er að aðilar semji sín á milli um beitingu þess, án tilvísunar til neins lagaákvæðis.¹⁵⁹ Eins og sést af framangreindri umfjöllun er ekki til neitt almennt sett lagaákvæði í íslenskum rétti sem tilgreinir skilyrðin fyrir því hvenær kröfuhafa er heimilt að

¹⁵⁸ Þskj. 1363, 138. lögþ. 2009-10, bls. 32 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

¹⁵⁹ Athuga þó 9. gr. svl., en algengt er að sjá tilvísanir til þess ákvæðis í veðskuldabréfum.

gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa. Ákvæði 9. gr. svl. er það sem kemst næst því, en það er þó takmarkað við veðskuldabréf.

Samkvæmt fyrirnefndum lagaákvæðum er kröfuhafa heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs ef skilyrði ákvæðanna eru uppfyllt. Ein helsta spurningin sem þarf að svara eftir umfjöllun kaflans er hvort eingöngu sé unnt að líta á orðalag ákvæðanna þegar metið er hvort skilyrðunum sé fullnægt. Sum ákvæðin áskilja til að mynda að *vanskil/greiðsludráttur* verði svo að unnt sé að gjaldfella, en ekki öll þeirra gera kröfu um að vanskilin séu veruleg. Er unnt að álykta að kröfuhafi megi í slíkum tilvikum beita úrræðinu af fullum þunga, þótt skuldari hafi einungis sýnt af sér smávægilegan greiðsludrátt? Eða leiða dómafordæmi, meginreglur laga og skoðanir fræðimanna til þess að ekki sé unnt að beita svo bókstaflegri textaskýringu?¹⁶⁰ Önnur ályktun, sem draga má eftir lestur ákvæðanna, er að eitt helsta skilyrði gjaldfellingar sé annars vegar að í lögum eða samningi þurfi að vera *heimild til gjaldfellingar*, og hins vegar að *gjaldfellingarástæða* þurfi að vera fyrir hendi svo að unnt sé að beita úrræðinu. Þetta kunna að hljóma eins og augljós skilyrði, en svo er þó ekki. Með gagnrýna hugsun að leiðarljósi skal slíku ekki teknu sem gefnu. Hvergi kemur þó fram berum orðum í fyrirnefndum lagaákvæðum að þetta séu skilyrði gjaldfellingar, og af þeim sökum er ekki unnt að slá því föstu að um sé að ræða grundvallarskilyrði fyrir beitingu úrræðisins.

Ljóst er að umfjöllun um helstu lagaákvæðin sem varða gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa skilur eftir margar spurningar um það hver skilyrðin fyrir beitingu úrræðisins séu. Því verður að kanna fleiri réttarheimildir sem kunna að varpa ljósi á það hvenær kröfuhafi getur beitt þessu samningsbundna vanefndaúrræði.

4.3 Dómaframkvæmd, réttarvenjur, meginreglur laga og skoðanir fræðimanna

4.3.1 Inngangur

Í þessum kafla verður í *fyrsta lagi* leitast við að finna út hver eru skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa, og í *öðru lagi* verður skilyrðinu um verulegan greiðsludrátt gefinn nánari gaumur. Lagaákvæðin sem nefnd voru hér að framan veita vísbendingar um hver skilyrðin fyrir gjaldfellingu eru, en ekki nægjanlega miklar til þess að unnt sé að slá neinu föstu, og þau gefa litlar sem engar upplýsingar um inntak verulegs greiðsludráttar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að skoða fleiri réttarheimildir.

Unnt væri að fjalla um dómafordæmi, venju, meginreglur laga og fræðiskoðanir í fjórum mismunandi undirköflum. Hér verður sú leið valin að fjalla um allar þessar réttarheimildir í

¹⁶⁰ Sjá nánar um textaskýringu Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 59-92.

sama kafla. Ástæðan er einkum sú að megináherslan verður á dómafordæmin. Meginreglur og venjur mótast gjarnan af dómaframkvæmdinni, og skoðanir fræðimanna eru ekki sjálfstæð réttarheimild heldur styðjast þær oft við dómafordæmi. Ætla má að talsverð endurtekning fylgdi því að fjalla með sjálfstæðum hætti um hverja og eina réttarheimild. Kaflinn verður því byggður upp á þann hátt að dómafordæmin verða í fyrirrúmi, og umfjöllun um meginreglur, venjur og fræðiskoðanir verður sett fram þegar við á.

Vegna þess hversu algengt er að reyni á skilyrðið um verulegan greiðsludrátt, og vegna áherslu ritgerðarinnar á greiðsludrátt sem vanefnd, þykir rétt að skipta umfjöllun kaflans í tvennt. Annars vegar verður fjallað um þá dóma, og aðrar réttarheimildir, sem varða það skilyrði sérstaklega, og hins vegar þær réttarheimildir sem varða önnur skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa.

4.3.2 *Skilyrðið um verulegan greiðsludrátt*

4.3.2.1 *Almennt*

Ljóst er að kröfuhafa er heimilt að gjaldfella eftirstöðvar veðskuldabréfa vegna verulegs greiðsludráttar á afborgunum og vöxtum samkvæmt a. lið 1. mgr. 9. gr. svl. Þetta skilyrði, um veruleg vanskil, vekur einkum upp tvær spurningar. Annars vegar hvort um sé að ræða skilyrði sem nær út fyrir gildissvið samningsveðlaganna, það er að segja hvort greiðsludráttur skuldara verði ávallt að vera verulegur til þess að kröfuhafi geti beitt úrræðinu, jafnvel þótt samningsákvæði eða lagaákvæði geri ekki slíka kröfu. Sem dæmi um lagaákvæði má nefna 4. mgr. 58. gr. a. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, en samkvæmt ákvæðinu er kröfuhafa veitt heimild til að gjaldfella vegna vanskila, en ákvæðið gerir ekki kröfu um að vanskilin verði að vera veruleg. Hins vegar vekur skilyrðið um verulega vanefnd upp spurningu um hvert inntak þess sé. Ef litið er til orðalags a. liðar 1. mgr. 9. gr. svl. eru engar vísbendingar gefnar. Í athugasemdum með frumvarpi laganna segir þó: „Um mat í þeim efnum verður að vísa til almennra riftunarreglna, þar sem heildarmat á aðstæðum er látið ráða.“¹⁶¹

4.3.2.2 *Gildissvið skilyrðisins um verulegan greiðsludrátt*

Varðandi fyrra álitafnið, það er gildissvið skilyrðisins, verður að hafa hliðsjón af því sem fyrr var nefnt í ritgerðinni, um að gjaldfelling er íþyngjandi úrræði í garð skuldara. Í dómaframkvæmd hefur tíðkast að beita þröngri túlkun á samningsákvæðum sem heimila kröfuhafa að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa, sbr. *Hrd.* 1974, bls. 563 sem reifaður var nokkuð ítarlega fyrr í ritgerðinni. Niðurstaða málsins var sú að gjaldfellingu var hafnað í

¹⁶¹ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145.

Hæstarétti á grundvelli þröngrar túlkunar á gjaldfellingarákvæði bréfsins, en ætla má að niðurstaðan hafi meðal annars byggst á hagsmunum skuldara. Samningsákvæði sem eru hörd í garð skuldara, til dæmis þau sem kveða á um að vanskil veiti kröfuhafa heimild til að beita gjaldfellingu af fullum þunga, eru því ekki túlkuð fortakslaust eftir orðanna hljóðan ef greiðsludráttur skuldara er óverulegur og hefur ekki valdið kröfuhafa tjóni.¹⁶² Hér má einnig nefna í dæmaskyni *Hrd. 1979, bls. 211*. Skuldari í málinu gaf út tvö veðskuldabréf til handhafa, hvort að upphæð 1.000.000 kr. Bréfin höfðu að geyma gjaldfellingarákvæði sem hljómaði á þá leið að ef ekki yrði staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta skyldi öll skuldin fallin í gjalddaga án fyrirvara. Ekki er unnt að sjá að ákvæðið hafi gert áskilnað um að greiðsludráttur þyrfti að vera verulegur. Síðar urðu vanskil á greiðslunum. Í úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur, og minnihluta Hæstaréttar, var gjaldfelling talin heimil, en meirihluti Hæstaréttar komst að gagnstæðri niðurstöðu. Í dóminum sagði svo: „Greiðsludráttur [skuldara] var þó eigi slíkur, að [kröfuhafa] væri vegna hans rétt að telja alla veðskuldina í gjalddaga fallna samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfanna um það efni.“ Fjallað verður betur um málið síðar, en í því reyndi meðal annars á það hvað fælist í skilyrðinu um verulegan greiðsludrátt. Málið er nefnt í þessu samhengi vegna þess að bæði í uppboðsréttinum og í Hæstirétti var metið hvort greiðsludráttur væri verulegur þótt gjaldfellingarákvæði skuldabréfanna hafi ekki gert slíkan áskilnað. Jafnframt má hér nefna *Hrd. 1976, bls. 474*, en þar var einnig um að ræða veðskuldabréf sem hafði að geyma gjaldfellingarákvæði þess efnis að öll skuldin félli í gjalddaga ef vanskil yrðu á greiðslu vaxta og afborgana. Í dóminum kom fram að slík ákvæði væru algeng, en ekki er að sjá að orðalag þess hafi gert áskilnað um að vanskilin þyrftu að vera veruleg. Engu að síður mat Hæstiréttur hver lengd greiðsludráttarins væri, en það er eitt af því sem er kannað þegar metið er hvort greiðsludráttur sé verulegur. Af nýlegri dómaframkvæmd má nefna *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)*, en fjallað verður betur um málið síðar. Í því reyndi á gildi gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfs sem hafði að geyma svohljóðandi gjaldfellingarákvæði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana [...], þá er skuldin öll í gjalddaga fallin án uppsagnar eða tilkynningar.“ Eins og sést var ekki gerður áskilnaður um að vanskilin væru veruleg, en bæði í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur og í dómi Hæstaréttar fór fram mat á því hvort vanefnd væri veruleg. Komist var að því að svo væri ekki og meðal annars af þeim sökum var kröfuhafa ekki talið heimilt að gjaldfella bréfið. Bendir þetta eindregið til þess að gildissvið skilyrðisins um að vanskil þurfi að vera veruleg svo að

¹⁶² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 221 og Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi*, bls. 51.

úrræðinu sé beitt, sé rýmra en svo að það eigi eingöngu við ef samningsákvæði eða lagaákvæði áskilja það með beinum hætti.

Í ritinu *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, eftir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson, segir enn fremur að þegar greiðsludráttur sé verulegur hafi kröfuhafi heimild til þess að beita hinum alvarlegri vanefndaúrræðum. Sé þá einkum átt við riftun og gjaldfellingu eftirstöðva skulda „á grundvelli sérstakra samningsákvæða eða *almennra reglna þar að lútandi* [leturbreyting höfundar]“. Síðan segir að þótt greiðsludráttur sé ekki verulegur geti kröfuhafi beitt öðrum vanefndaúrræðum.¹⁶³ Af ummælunum má ráða að almenn regla kröfuréttar sé fyrir hendi, um að gjaldfellingu megi ekki beita nema vanskil séu veruleg. Af dönskum rétti má nefna að í grein eftir danska fræðimanninn Torsten Iversen, *Ophævelse af pengelån*, kemur fram að gjaldfellingaákvæði þurfi jafnan að fara í gegnum ákveðna síu (d. censur).¹⁶⁴ Þessari staðhæfingu til fyllingar, og frekari útskýringar, vísar hann í rit Jul. Lassen og Henry Ussing, *Obligationsrettens specielle del*. Þar er fjallað um gjaldfellingu eftirstöðva láns í kjölfar verulegrar vanefndar af hálfu lántaka og annarra háttsemi af hans hálfu. Síðan segir að ekki sé unnt að líta svo á að eftirstöðvar skuldar séu fallnar í gjalddaga vegna einstaks dráttar á greiðslu vaxta eða afborgana. Jafnvel þótt í skuldabréfi sé að finna ákvæði þess efnis, eigi ekki að túlka slíkt ákvæði fortakslaust eftir orðanna hljóðan. Ekki sé unnt að líta svo á að sérhver vanefnd heimili kröfuhafa beitingu úrræðins. Í framhaldi er fjallað um hver sían sé í áður nefndu sambandi, en í ritinu segir að tilgangur gjaldfellingarákvæða sé að koma í veg fyrir ónákvæmni (d. unøjagtighed). Af þeim sökum sé ekki unnt að beita gjaldfellingarákvæði af fullum þunga ef vanefnd skuldara orsakast hvorki af vilja né getu hans til að greiða,¹⁶⁵ en nánar verður fjallað um regluna um vilja og getu skuldara til þess að greiða síðar.

Að öllu þessu virtu má álykta svo að grundvallarskilyrði fyrir því að kröfuhafa sé heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa, vegna vanskila, sé að greiðsludráttur skuldara sé verulegur. Skilyrðið virðist eiga við þótt lagaákvæði eða samningsákvæði áskilji það ekki með beinum hætti og byggir það á almennri reglu kröfuréttar, það er *meginreglu* þess efnis.

4.3.2.3 *Almennt um inntak verulegs greiðsludráttar*

Liggur þá beinast við að kanna betur hitt álitafnið sem vikið var að hér að framan, það er hvert sé inntak verulegs greiðsludráttar. Ljóst er að engar almennar settar lagareglur eru í íslenskum rétti um skilyrði gjaldfellingar, og því getur reynt á ýmis álitafni, meðal annars hvenær

¹⁶³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 232-233.

¹⁶⁴ Torsten Iversen: „Ophævelse af pengelån“, bls. 327.

¹⁶⁵ Jul Lassen og Henry Ussing: *Lærebog i obligationsrettens specielle del*, bls. 62-63.

greiðsludráttur teljist verulegur. Í sér lögum, dómaframkvæmd og fræðiskoðunum hafa ákveðin sjónarmið um það hver skilyrðin séu verið lögð til grundvallar, þar á meðal varðandi matið á verulegum greiðsludrætti.¹⁶⁶ Eins og segir í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 75/1997 um sammingsveð, byggir matið á sömu sjónarmiðum og gilda um riftunarreglur, en um samanburð riftunar og gjaldfellingar hefur verið fjallað. Matið er byggt á *heildarmati á aðstæðum*, sbr. til dæmis *Hrd. 1993, bls. 1014*. Í málinu var meðal annars deilt um hvort kröfuhafa hafi verið heimilt að gjaldfella eftirstöðvar þriggja veðskuldabréfa. Í málinu reyndi einnig á eðli geymslugreiðslu samkvæmt lögum nr. 9/1978 um geymslufé, því skuldari hafði geymslugreitt fé á grundvelli laganna. Í úrskurði héraðsdóms var einblínt á að skilyrðum geymslugreiðslu hafi ekki verið fullnægt, og því hafi kröfuhafa verið heimilt að gjaldfella eftirstöðvar veðskuldabréfanna. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að fallist væri á athugasemdir héraðsdóms um eðli geymslugreiðslu. Hins vegar kæmu fleiri atriði til skoðunar, þar á meðal að greiðslustaðar var ekki getið í veðskuldabréfunum og skuldara hafi ekki borist greiðsluáskorun vegna gjalddaga. Þar að auki taldi Hæstiréttur að geymslugreiðslan hafi verið fullnægjandi og með henni hafi skuldari sýnt fram á vilja og getu til greiðslu afborgunar og áfallinna vaxta, en eins og áður segir verður fjallað um regluna um vilja og getu skuldara til þess að greiða síðar. Af þeim sökum hafi gjaldfellingin ekki verið heimil. Hæstiréttur og héraðsdómur komust því að gagnstæðri niðurstöðu, en niðurstæða Hæstaréttar byggði á heildarmati á aðstæðum.

Ummælin úr fyrrnefndu frumvarpi til laga um sammingsveð eiga við um gjaldfellingu veðskjala, þar á meðal veðskuldabréfa. Spyrja má hvort matið á því hvort vanefnd sé veruleg eða ekki byggi einnig á heildarmati á aðstæðum þegar um er að ræða skuldabréf sem ekki eru jafnframt veðskuldabréf. Spurningunni er að vissu leyti svarað í frumvarpinu, en í athugasemdum þess segir: „Í réttarframkvæmd hér á landi hafa myndast ákveðnar reglur um eindögun eftirstöðva skulda, þar með talinna veðskulda, þegar skuldari eða veðþoli vanefnir skyldur sínar. [...] Lögfesting 9. gr. frumvarpsins kemur ekki til með að breyta ólögfestum gildandi rétti að þessu leyti.“¹⁶⁷ Af lestri ummællanna sést að setning 9. gr. svl. var ætlað að lögfesta ákveðnar reglur sem þegar giltu í réttarframkvæmdinni, og ekki ætlað að hrófla við þeim. Sú réttarframkvæmd var ekki bundin við gjaldfellingu eftirstöðva *veðskulda* heldur skulda almennt, miðað við orðalagið. Því má álykta svo að þau sjónarmið sem búa að baki a.

¹⁶⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnir kröfu*, bls. 221.

¹⁶⁷ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2144.

lið 1. mgr. 9. svl., um að inntak verulegs greiðsludráttar byggi á heildarmati á aðstæðum, eigi við um þessa gjaldfellingarástæðu almennt en ekki eingöngu varðandi veðskuldabréf.

4.3.2.4 Nánar um inntak skilyrðisins um verulegan greiðsludrátt

Nokkur sjónarmið hafa myndast í dómaframkvæmd varðandi það hvað felist í áðurnefndu heildarmati á aðstæðum. Verða nú nefndar helstu meginreglur, fræðiskoðanir og dómafordæmi sem varpa ljósi á þetta mat.

Í fyrsta lagi er litið til þess *hve langur* greiðsludráttur skuldara er.¹⁶⁸ Í áðurnefndum *Hrd. 1976, bls. 474* var skilyrðum gjaldfellingar talið fullnægt, meðal annars vegna þess að tæplega þriggja vikna greiðsludráttur, nánar tiltekið 17 daga, var talinn verulegur greiðsludráttur. Vanskil urðu 1. október 1974 þegar skuldari greiddi ekki á gjalddaga, en hann geymslugreiddi hina gjaldföllnu afborgun 29. sama mánaðar. Ekki var miðað við að drátturinn hafi verið 29 dagar, því skuldabréfið í málinu var *handhafabréf*, sem andstætt *nafnbrefum* tilgreina ekki nafn kröfuhafa/eiganda bréfsins.¹⁶⁹ Samkvæmt þeim getur skuldari ekki vitað hverjum hann skuli greiða, né hvar, fyrr en honum er tilkynnt um það með greiðsluáskorun, sbr. einnig *Hrd. 1934, bls. 770* sem reifaður var í 3. kafla. Í því máli sem hér um ræðir barst slík áskorun ekki fyrr en 12. október, og því var miðað við 17 daga greiðsludrátt. Dómurinn verður einnig nefndur síðar, undir sjónarmiðinu um regluna og vilja og getu skuldara til þess að greiða.

Í fyrrnefndum *Hrd. 1979, bls. 211* var gjaldfelling ekki talin heimil, en þar var sex daga greiðsludráttur ekki talinn vera verulegur. Í málinu var einnig um að ræða handhafaskuldabréf, en vanefnd varð af hálfu skuldara á gjalddaga 1. júní 1977. Ágreiningslaust var að skuldari fékk ekki greiðsluáskorun fyrr en 10. júní 1977, og geymslugreiddi hann 16. sama mánaðar hina gjaldföllnu afborgun. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði: „[Skuldari] fór að vísu ekki tafarlaust í Búnaðarbankann til að inna hinar gjaldföllnu greiðslur af hendi. Greiðsludráttur hans var þó eigi slíkur, að [kröfuhafa] væri vegna hans rétt að telja alla veðskuldina í gjalddaga fallna samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfanna um það efni.“ Orðalag dómsins bendir til þess, sem áður hefur verið nefnt, að dómstólar túlka gjaldfellingarákvæði skuldabréfa með þröngum hætti vegna hagsmuna skuldara.

Í *Hrd. 1980, bls. 1974* var gjalddagi veðskuldabréfa 1. mars 1978, en bréfin voru handhafabréf. Skuldari greiddi ekki á gjalddaga og því var um greiðsludrátt að ræða. Gjaldfellingarákvæði voru í bréfunum með þeirri gjaldfellingarástæðu að úrræðinu mætti beita vegna vanskila skuldara á greiðslu afborgana og vaxta. Málavextir voru þeir að lögmaður

¹⁶⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 221.

¹⁶⁹ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 71.

kröfuhafa sendi skuldara bréf 29. mars 1978, það er greiðsluáskorun og tilkynningu um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Í bréfinu var skorað á skuldara að ganga til samninga um greiðslu skuldanna og honum veittur frestur til 10. apríl sama ár til að greiða eða semja um greiðslu á skuldinni. Skuldari svaraði með bréfi, sem hann sendi 5. apríl sama ár. Í því kom fram að hann hafi ekki vitað um greiðslustað skuldarinnar fyrr en með fyrrnefndu bréfi lögmanns kröfuhafa, hann kvaðst greiða gjaldfallnar fjárhæðir, sem hann gerði sama dag, og mótmælti gjaldfellingu eftirstöðva bréfanna. Kröfuhafi ítrekaði gjaldfellinguna með bréfi sem sent var 26. apríl 1978, þar sem fram kom áskorun um greiðslu eftirstöðva veðskuldanna. Í úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur var lögð áhersla á að þar sem um handhafabréf hafi verið að ræða hafi ekki hvílt skylda á skuldara til að greiða fyrr en kröfuhafi hafði gert skil á sér. Ósannað hafi verið að skuldari hafi vitað um handhöfn veðskuldabréfanna fyrr en með bréfi lögmanns kröfuhafa frá 29. mars 1978. Þegar bréfið barst greiddi skuldari strax hinar gjaldföllnu greiðslur, og af þeim sökum hafi gjaldfellingin verið óheimil. Í Hæstarétti voru forsendur staðfestar, en þar sagði:

Veðskuldabréf þau, sem í málinu greinir, eru handhafabréf. Afborgana og vaxta átti því að vitja til [skuldara]. Samkvæmt venju, sem telja verður alþekkt, gat [kröfuhafi] þó með hæfilegum fyrirvara mælt fyrir um það, að [skuldari] innti greiðslurnar af hendi í þeim bönkum, sem [kröfuhafi] telur sig hafa falið skuldabréfin til varðveislu og innheimtu. Ósannað er, að [kröfuhafi] hafi krafið [skuldara] þess, að greiðsla yrði reidd þar af hendi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Niðurstaðan byggir meðal annars á því að greiðsludráttur var ekki talinn verulegur, en greiðsludráttur stóð í sjö daga, það er frá því að skuldari vissi sannarlega hvar og hverjum ætti að greiða, og þangað til hinar gjaldföllnu greiðslur voru inntar af hendi. Dómurinn er einnig gott dæmi um að þegar um handhafabréf er að ræða er nauðsynlegt skilyrði gjaldfellingar að kröfuhafi sendi greiðsluáskorun til skuldara sem hafi að geyma upplýsingar um kröfuhafa og greiðslustað. Ef það er vanrækt getur það leitt til þess að yfirlýsing kröfuhafa um gjaldfellingu verði metin óheimil.

Í *Hrd.* 1981, bls. 26, sem reifaður var í 3. kafla, var um að ræða veðskuldabréf sem hafði að geyma nokkuð ítarlegt gjaldfellingarákvæði. Samkvæmt ákvæðinu skyldi allur höfuðstóll lánsins þegar í stað falla í gjalddaga án fyrirvara eða aðvörunar ef dráttur yrði á greiðslu vaxta eða afborgana. Að auki voru nefndar fleiri gjaldfellingarástæður, til dæmis að hinni veðsettu eign yrði ekki haldið vátryggðri fyrir upphæð sem kröfuhafi teldi fullnægjandi og að bú skuldara yrði tekið til skiptameðferðar sem þrotabú. Gjalddagi bréfsins var 1. nóvember 1977, en um handhafabréf var að ræða. Greiðsluáskorun var send 6. eða 7. nóvember 1977 um greiðslu afborgunar og vaxta af bréfinu í útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík. Skuldari

sagðist hafa farið í bankann 11. eða 12. nóvember sama ár til þess að greiða afborgunina, en þá verið tjáð að bréfið hefði verið tekið úr bankanum 10. sama mánaðar. Lögmaður kröfuhafa gjaldfelldi eftirstöðvar veðskuldabréfsins 16. nóvember 1977, en þá hafði greiðsludráttur varað í um það bil 11 daga, það er frá því að skuldara barst greiðsluáskorun. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði: „Samkvæmt því, sem nú var rakið, er ekki fram komið, að þau vanskil hafi orðið á greiðslum samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um getur í máli þessu, að það heimili að krefjast greiðslu alls höfuðstóls þess.“ Ætla má að 11 daga greiðsludráttur sé ekki nægjanlegur miðað við niðurstöðu málsins. Hér ber þó að hafa í huga að niðurstaðan ræðst af heildarmati á aðstæðum, og kröfuhafi hafði sýnt af sér viðtökudrátt í málinu, eins og rakið var fyrr í ritgerðinni.

Í *Hrd.* 1982, bls. 371 komst Hæstiréttur að því að gjaldfelling væri heimil, en um var að ræða veðskuldabréf sem hafði að geyma gjaldfellingarákvæði þess efnis að úrræðinu mætti beita vegna vanskila skuldara á greiðslu afborgana og vaxta. Ákvæðið var þó nákvæmara, en það mælti fyrir um að ef ekki yrði staðið skil á greiðslum innan 14 daga frá gjalddaga væri öll skuldin fallin í gjalddaga án fyrirvara. Samkvæmt því skyldi skuldari greiða áfallna afborgun og vexti af bréfinu fyrir 30. júní 1978 til þess að forða gjaldfellingu, en gjalddagi afborgunar veðskuldabréfsins var 15. þess mánaðar. Í málinu var ekki deilt um greiðslustað eða hverjum ætti að greiða, því fyrir lá að skuldabréfið var til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Skuldari greiddi hins vegar með gíróseðli í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki 25. júlí 1978. Sú greiðsla barst Landbankanum ekki fyrr en 2. ágúst sama ár, en þá hafði skuldabréfið verið tekið úr Landsbankanum 26. júlí sama ár og kröfuhafi tilkynnt skuldara um gjaldfellingu allra eftirstöðva skuldabréfsins 31. sama mánaðar. Í málinu kom fram að kröfuhafi væri „orðinn þreyttur“ á því að skuldari hefði ekki staðið við skýra skuldbindingu samkvæmt skuldabréfinu til þess að greiða á réttum tíma, en fyrir lá að skuldari hafði áður sýnt af sér greiðsludrátt. Í úrskurði uppboðsréttar Sauðárkróks sagði: „Það verður eigi talið, að téð greiðsla uppboðspola geti, eins og atvikum var háttað, bundið hendur uppboðsbeiðanda til þess að fella skuldabréfið allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum þess, eftir að verulegur greiðsludráttur hafði orðið af hálfu uppboðspola að þessu sinni, auk þess sem verulegur dráttur hafði átt sér stað af hans hálfu nokkuð oft undanfarin ár á greiðslum skv. skuldabréfinu.“ Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði: „Þegar þess er gætt, að afborgun og vextir féllu í gjalddaga [15. júní 1978], ósannað er, að samið hafi verið um greiðslufrest og að ekki hafði verið greitt 31. júlí 1978, verður að telja, að heimilt hafi verið að krefjast þess, að eftirstöðvar væru þegar greiddar ásamt vöxtum.“ Málið er til marks um að matið um veruleg vanskil ræðst af heildarmati á aðstæðum, en af því má einnig álykta að 40 daga greiðsludráttur sé verulegur, það er ef miðað er við greiðslu 25. júlí,

en 48 daga drátt ef miðað er við 2. ágúst, en þá fyrst barst greiðslan kröfuhafa. Máli kann að skipta að gjaldfellingarákvæðið var skýrt um að heimilt væri að beita úrræðinu 14 dögum eftir gjalddaga. Einnig kann að hafa áhrif að þetta var ekki í fyrsta skipti sem skuldin var í vanskilum, sbr. orðalag úrskurðar uppboðsréttarins. Að lokum benti Hæstiréttur á að ósannað hafi verið að aðilar hefðu samið um greiðslufrest. Að öllu þessu virtu, meðal annars vegna lengdar greiðsludráttarins, var gjaldfelling talin heimil.

Í *Hrd. 1983, bls. 691* reyndi einnig á það hvort gjaldfelling teldist heimil, en í málinu var um að ræða handhafaskuldabréf sem hafði að geyma gjaldfellingarákvæði með þeirri gjaldfellingarástæðu að úrræðinu mætti beita vegna vanskila skuldara á greiðslu afborgana og vaxta. Meirihluti Hæstaréttar komst að því að kröfuhafa hafi ekki verið heimilt að beita úrræðinu, meðal annars vegna þess að lengd greiðsludráttar teldist ekki veruleg, og var það í samræmi við úrskurð undirréttar. Minnihluti Hæstaréttar taldi dráttinn hins vegar slíkan, að beiting úrræðisins teldist heimil. Málið varðar einnig það skilyrði gjaldfellingar, að þegar um handhafaskuldabréf er að ræða þarf að senda greiðsluáskorun til skuldara, og var meðal annars deilt um hverjum ætti að senda slíka áskorun. Varðandi lengd greiðsludráttar, var gjalddagi afborgunar af bréfinu 15. maí 1980. Kröfuhafi var talinn hafa sent skuldara greiðsluáskorun 14. júlí sama ár, þar sem fram komu upplýsingar um greiðslustað og tilkynning um gjaldfellingu. Skuldari geymslugreiddi hina gjaldföllnu afborgun 10 dögum síðar, eða 24. júlí 1980. Tíu daga greiðsludráttur var ekki talinn nægilega langur svo að um verulegan greiðsludrátt væri að ræða.

Dómafordæmin sem hér voru reifuð eru gömul, en þau eru mikilvæg varðandi mat um það hvernig dómstólar meta verulegan greiðsludrátt, einkum varðandi lengd greiðsludráttar. Öll eru þau nefnd í riti Þorgeirs Örygssonar, Benedikts Bogasonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*.¹⁷⁰ Ef dregnar eru ályktanir af þeim sést af fyrsta málinu sem reifað var, *Hrd. 1976, bls. 474*, að 17 daga greiðsludráttur telst verulegur. Í síðasta málinu sem var reifað, *Hrd. 1983, bls. 691*, taldist 10 daga greiðsludráttur ekki verulegur. Því má álykta að mörkin séu þarna á milli. Í riti Páls Hreinssonar, *Viðskiptabréf*, segir: „Ætla verður að vart komi til greina að gjaldfella skuldabréf nema greiðsludráttur hafi varað a.m.k. í 15 daga.“¹⁷¹ Áður en því er slegið föstu að mörkin séu 15 dagar þarf annars vegar að hafa í huga að matið ræðst af heildarmati á aðstæðum, og hins vegar er um nokkuð gömul dómafordæmi að ræða.

¹⁷⁰ Þorgeir Örygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 221.

¹⁷¹ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

Í öðru lagi er litið til þess sjónarmiðs, þegar metið er hvort greiðsludráttur sé verulegur eða ekki, *hversu stór hluti af skuld er í vanskilum*. Þannig er greiðsludráttur síður talinn verulegur ef einungis lítil hluti skuldar er í vanskilum. Aftur verða reifaðir nokkrir af eldri dómum, sem fram koma í áður nefndu riti Þorgeirs Örygssonar, Benedikts Bogasonar og Eyvindar G. Gunnarssonar,¹⁷² en þeir varpa ljósi á þetta mat. Í *Hrd. 1938, bls. 3*, sem var reifaður nokkuð ítarlega í 3. kafla, var gjaldfelling talin heimil. Málavextir voru þeir að á gjalddaga urðu vanskil. Skuldari innti síðar af hendi þrjár greiðslur inn á kröfuna. Hann greiddi þó ekki upp alla fjárhæðina sem honum bar að greiða á gjalddaganum, því eftir stóð næstum fjórðungur fjárhæðarinnar. Kröfuhafi gjaldfelldi eftirstöðvar bréfsins. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ósannað hefði verið að skuldara hafi verið tilkynnt, þegar hann innti af hendi greiðslurnar, að kröfuhafi hafi þrátt fyrir greiðslurnar ætlað sér að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar. Skortur á slíkum fyrirvara var þó ekki talinn hafa losað skuldara undan skyldu til greiðslu eftirstöðvanna. Ástæðan var sú að hann hafði ekki greitt alla fjárhæðina, sem hann hafði viðurkennt að sér bæri að greiða á gjalddaganum 1. apríl 1936. Var gjaldfelling því talin heimil. Dómurinn er til marks um að greiðsludráttur kann að teljast verulegur af þeim sökum að stór hluti skuldar er í vanskilum, í þessu tilviki um það bil fjórðungur þess sem greiða skyldi. Hann er einnig til marks um að ætli skuldari að koma í veg fyrir beitingu vanefndaúrræða verður greiðsla að vera fullnægjandi. *Hrd. 1957, bls. 559* er enn fremur dæmi um það. Skuldari greiddi 14.000 kr. inn á kröfu en átti að greiða rúmar 18.000 kr. Hann greiddi ekki eftirstöðvarnar fyrir en með dómi, fjórum mánuðum síðar. Þessi vanskil ollu því að skuldin var gjaldfallin.¹⁷³ Málið varðaði einnig mat á því hvenær vanskil teljist veruleg af þeim sökum að stór hluti skuldar var í vanskilum, en um það bil 4.000 kr. voru í vanskilum af 18.000 kr. skuld, eða um 1/5 af afborguninni. Hér má einnig nefna *Hrd. 1941, bls. 227* sem er meðal annars til marks um að greiðsludráttur kann að teljast verulegur ef stór hluti skuldar er í vanskilum. Málið varðar jafnframt tillitsskylduna, nánar tiltekið hvort kröfuhafi hafi sama rétt til að gjaldfella eftirstöðvar skuldar ef hann hefur áður látið greiðsludrátt óátalinn, en um þann hluta málsins verður fjallað síðar. Veðskuldabréfið í málinu, sem upphaflega var að fjárhæð 15.464,17 kr., átti samkvæmt ákvæðum þess að greiðast á 10 árum, eða 1.546,42 kr. ár hvert. Gjalddagar skuldabréfsins í málinu voru tíu talsins og skyldi afborgun greiða árlega 14. maí og vextir skyldu greiðast á sama tíma árlega eftir. Vanskil urðu, og varðandi matið um hvort vanskilin væru veruleg sagði í úrskurði fógétaréttar Reykjavíkur, sem Hæstiréttur staðfesti:

¹⁷² Sjá Þorgeir Örygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 221.

¹⁷³ Þorgeir Örygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 225.

Það er sannað í máli þessu, að [skuldari] hefur ekki greitt afborganir og vexti af hinu framlagða veðskuldabréfi samkvæmt ákvæðum þess að undantekinni 1. afborguninni, og eins og skuldabréfið ber með sér, hefur orðið allverulegur greiðsludráttur. Um síðastliðin áramót, er veðskuldabréf þetta var afhent [kröfuhafa] til innheimtu, var ógreidd með öllu ein afborgun af bréfinu. Það verður ekki séð af því, sem fyrir liggur, að [skuldari] hafi fengið frest á greiðslunni, og verður því að telja, að [kröfuhafa] hafi verið þá rétt að innheimta alla skuldina vegna vanskilanna samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins.

Athuga ber þó að ekki er unnt að slá því föstu að vanskil á 1/10 af skuld sé ávallt veruleg vanefnd. Niðurstaðan réðst af heildarmati á aðstæðum, eins og áður segir. Það kann að hafa skipt máli að greiðsludráttur var langur, eða um það bil þrjú ár, og afborganir höfðu oft verið greiddar seint. Af nýlegri dómaframkvæmd má nefna *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)*, sem nefndur var hér að framan. Í málinu var gjaldfelling ekki talin heimil, meðal annars vegna þess að skuldabréfið var gjaldfellt vegna vanskila á greiðslu dráttarvaxta skuldabréfsins, sem námu aðeins litlum hluta af eftirstöðvum skuldarinnar. Málið er einnig gott dæmi um að heildarmat á aðstæðum ræður niðurstöðunni, en að því verður vikið nánar síðar.

Í þriðja lagi er litið til tillitsskyldunnar, einkum reglunnar um vilja og getu skuldara til þess að greiða, þegar metið er hvort greiðsludráttur sé verulegur eða ekki. Í réttarframkvæmd hefur myndast óskráð regla sem verndar skuldara sem sýna af sér greiðsludrátt, ef ástæðan fyrir honum er að rekja til misskilnings, mistaka eða vanþekkingar. Þessi regla er kölluð reglan um vilja og getu skuldara til að greiða skuld sína. Inntak reglunnar er að greiði skuldari ekki á réttum tíma, og það er ekki vegna skorts á vilja eða getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar, er litið svo á að stuttur greiðsludráttur veiti kröfuhafa ekki heimild til þess að beita hinum alvarlegri vanefndaúrræðum. Er þá einkum átt við riftun eða gjaldfellingu eftirstöðva skulda. Hér ber að taka fram að greiðsludráttur er vanefnd, hver sem ástæðan fyrir honum er. Reglan hefur það ekki í för með sér að litið verði á greiðslu skuldara, eftir umsaminn gjalddaga, sem réttar efndir kröfu. Þýðing reglunnar um vilja og getu skuldara til þess að greiða hefur það fyrst og fremst í för með sér að afleiðingar vanefndarinnar verða mildaðar.¹⁷⁴ Eins og sjá má af inntaki reglunnar er rót hennar að rekja til tillitsskyldunnar, sem áður hefur verið nefnd, en inntak þeirrar skyldu felst í því að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna gagnaðila skuldarsambandsins. Þannig er sú skylda lögð á kröfuhafa að beita vægari vanefndaúrræðum þegar umrædd regla á við, vegna hagsmuna skuldara. Hér má taka fram að reglan um vilja og getu skuldara til þess að greiða gildir einnig í dönskum rétti, en í ritum Jul. Lassen, *Haandbog i Obligationsretten*, og Bernhard Gomard, *Obligationsret. 1. del*, er fjallað um hana.¹⁷⁵ Um

¹⁷⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 248.

¹⁷⁵ Sjá Jul Lassen: *Haandbog i Obligationsretten*, bls. 942 og Bernhard Gomard: *Obligationsret. 1. del*, bls. 117 – 118.

regluna, og tillitsskylduna almennt, í norskum rétti má til dæmis vísa í rit Viggo Hagstrøm, *Obligasjonsrett*.¹⁷⁶

Tvö skilyrði eru fyrir því að reglan eigi við: *Í fyrsta lagi* þarf greiðsluáttur að vera vegna tiltekinna ástæðna, nánar tiltekið vegna misskilnings, mistaka eða vanþekkingar. Þetta eru ástæður sem eiga það sameiginlegt að vanefnd skuldara er ekki að rekja til ásetnings hans. Hann skortir hvorki vilja né getu til þess að greiða, en vegna áðurnefndra ástæðna, og jafnvel annarra skyldra ástæðna, greiðir hann ekki á réttum tíma. Í fyrrnefndu riti Þorgeirs Örlygssonar, Benedikts Bogasonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, er talið að reglunni verði beitt, hvort sem misskilningur skuldara lýtur að staðreyndum eða lagaatriðum. Reglunni virðist einnig vera unnt að beita þótt skuldari sé ekki sjálfur valdur að mistökunum, heldur þriðji maður, sbr. *Hrd. 1983, bls. 963*, sem verður reifaður síðar. Reglunni verður að auki beitt hvort sem vanþekking skuldara lýtur að tilvist skyldu hans, eða að efni og inntaki hennar. Að lokum segir í fyrrnefndu riti að reglan kunni að eiga við ef óvissa hefur skapast um það hvort efna skuli skylduna á réttum tíma, ef óvissuna er að rekja til atvika sem varða kröfuhafa.¹⁷⁷ *Í öðru lagi* er skilyrði reglunnar að greiðsluáttur má ekki vera langur. Ætla má að svipaður mælikvarði eigi við og nefndur var áður um mat á því hvenær vanskil séu veruleg vegna lengdar greiðsluáttar. Reglan hefur það í för með sér að kröfuhafi getur ekki gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfs vegna greiðsluáttar, sem ella kynni að heimila beitingu úrræðisins. Þótt skilyrðum gjaldfellingar sé að öðru leyti fullnægt kann reglan því að koma í veg fyrir beitingu úrræðisins.

Tekið skal fram að hér hefur mikla þýðingu áðurnefnd greiðsluáttferð sem stendur skuldara til boða við vissar aðstæður, það er geymslugreiðsla á grundvelli laga nr. 9/1978 um geymslufé. Í dómaframkvæmd hefur oft verið talið að skuldari sýni vilja og getu til þess að greiða, ef hann gerir það með geymslugreiðslu. Verða nú nefnd nokkur dómafordæmi sem varpa ljósi á beitingu reglunnar um vilja og getu skuldara.

Í fyrrnefndum *Hrd. 1976, bls. 474* var talið ósannað að skuldari hefði nægilega boðið fram greiðslu á afborgunum og vöxtum áður en hann geymslugreiddi. Að auki var greiðsluáttur talinn verulegur, og gjaldfelling því heimil. Málavextir voru þeir að vanskil urðu á greiðslu afborgunar veðskuldabréfs 1. október 1974 þegar skuldari greiddi ekki á gjalddaga. Honum barst greiðsluáskorun 12. október sama ár, og þá fyrst bar honum að greiða, enda var um að ræða handhafaskuldabréf. Hins vegar geymslugreiddi hann ekki fyrr en 29. október sama ár. Í

¹⁷⁶ Viggo Hagstrøm: *Obligasjonsrett*, bls. 123-124 og 611.

¹⁷⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 249.

úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur, en Hæstiréttur vísaði í niðurstöðu sinni til forsendna hans, sagði að hefði skuldari ætlað sér að koma í veg fyrir vanefndaúrræði kröfuhafa hefði honum borið að bjóða fram hina áföllnu afborgun og vexti „án ástæðulausrar tafar“ eftir að honum hafði borist greiðsluáskorun. Vísa þessi ummæli til vilja og getu skuldara, sem og tillitsskyldunnar. Einnig má nefna *Hrd. 1982, bls. 371*, sem áður var reifaður. Þar hafði skuldari sýnt vilja og getu til að greiða í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki, en það var hins vegar 40 dögum eftir umsaminn gjalddaga, og eftir þann 14 daga frest sem veittur var samkvæmt skuldabréfi til þess að gjaldfella. Meðal annars af þeim sökum var komist að því að gjaldfelling væri heimil.

Í *Hrd. 1983, bls. 963* var komist að því að gjaldfelling væri óheimil á grundvelli reglunnar um vilja og getu skuldara til þess að greiða. Í málinu var um að ræða veðskuldabréf að fjárhæð 150.000 kr., sem var gefið út til handhafa. Bréfið hafði að geyma gjaldfellingarákvæði með þeirri gjaldfellingarástæðu að kröfuhafa væri heimilt að gjaldfella höfuðstól þess ef greiðsludráttur yrði á greiðslu afborgana. Samkvæmt skilmálum bréfsins skyldi greiða það með þremur jöfnum árlegum afborgunum. Skyldi fyrsti gjalddagi vera 1. september 1981 og átti þá að greiða 50.000 kr. Kröfuhafi kom bréfinu til innheimtu í Útvegsbanka Íslands í Hafnafirði. Þegar skuldara bar að greiða fyrstu afborgun af bréfinu fékk hann greiðsluáskorun frá bankanum sem hafði að geyma upplýsingar um bæði gjalddaga og greiðslustað. Mistök urðu hins vegar af hálfu bankans, en í áskoruninni var skuldari krafinn um 5.000 kr. í stað 50.000 kr. Skuldari samkvæmt bréfinu var forstjóri og aðaleigandi bifreiðaumboðs og fól hann starfsmanni sínum að greiða kröfuna samkvæmt greiðsluáskoruninni. Fyrir dómi viðurkenndi skuldari að hann vissi að fyrsta afborgun væri 50.000 kr. Hann hefði hins vegar hvorki skoðað greiðsluáskorunina frá bankanum, né greitt afborgunina, heldur hefði starfsmaður á hans vegum gert það. Skuldarinn sagðist ekki hafa áttað sig á mistökunum fyrir en hann fékk bréf frá lögfræðingi kröfuhafans þar sem tilkynnt var um gjaldfellingu eftirstöðva bréfsins. Þessa tilkynningu fékk skuldari 25. nóvember 1981. Degi síðar geymslugreiddi skuldari það sem ógreitt var af afborgunarfjárhæðinni og sendi bréf til kröfuhafa þar sem gjaldfellingu var mótmælt.¹⁷⁸ Í dómi Hæstaréttar sagði:

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hafði [kröfuhafi] sett handhafaveðskuldabréf það, sem um er fjallað í máli þessu, til innheimtu í útibú Útvegsbanka Íslands í Hafnafirði. Er greiða skyldi fyrstu afborgun og vexti af skuldabréfinu 1. september 1981, urðu þau mistök af hálfu útibúsins, að [skuldari] var aðeins krafinn um hluta greiðslunnar, sem hann innti síðan af hendi. *Ekki er ástæða til að ætla, að hann hafi skort vilja eða getu til að greiða hina gjaldföllnu fjárhæð.* Verður

¹⁷⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 248.

því ekki talið, að [kröfuhafi] hafi að svo komnu getað krafist [skuldara] um greiðslu á öllum eftirstöðvum skuldabréfsins auk vaxta. [Leturbreyting höfundar].

Af dóminum sést hvert inntak reglunnar um vilja og getu skuldara til að greiða er, og skilyrði hennar koma skýrt fram. Annars vegar var um að ræða mistök af hálfu bankans, sem er gild ástæða, og hins vegar var greiðsludráttur stuttur, en eftir að skuldara urðu mistök ljós greiddi hann degi síðar. Vegna þessa var ekki fallist á að kröfuhafi gæti beitt jafn íþyngjandi vanefndaúrræði. Málið er einnig til marks um að reglan kann að eiga við þó mistök séu gerð af hálfu þriðja manns, það er bankans en ekki skuldara, eins og áður var nefnt. Í *Hrd. 1993, bls. 1014*, sem fyrr var reifaður, reyndi meðal annars á eðli geymslugreiðslu, skilyrði hennar og reglunnar um vilja og getu skuldara til að greiða. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Verður, eins og hér stendur á, að telja, að [skuldari] hafi með geymslugreiðslunni sýnt nægilega fram á vilja sinn og getu til greiðslu afborgunar og áfallinna vaxta, og hafi því gjaldfelling bréfanna ekki verið heimil.“

Af nýlegri dómaframkvæmd má nefna *Hrd. 24. maí 2016 (333/2016)*. Í málinu krafðist skuldari þess aðallega að nauðungarsala á fasteign hans, sem fram hefði farið, yrði dæmd ógild. Hvorki Hæstiréttur né héraðsdómur féllust á kröfur skuldara í málinu. Skuldari byggði kröfu sína meðal annars á því að innheimtuaðgerðir kröfuhafa hefðu verið ólögsmætar og ranglega staðið að gjaldfellingu skuldabréfa, en nauðungarsölubeiðni kröfuhafa byggði á skuldabréfi með veði í fasteign skuldara. Fyrir lá að skuldabréfið var í vanskilum frá 2. júní 2009, en bréfið var nafnbref. Hinn 31. október 2013 var skuldara birt greiðsluáskorun og tilkynning um gjaldfellingu, sem dagsett var 10. október 2013. Þar kom fram að greiðsludráttur hefði verið frá og með gjalddaga 2. júní 2009 og að kröfuhafi gjaldfelldi þar með allar eftirstöðvar bréfsins miðað við þann dag samkvæmt heimild í bréfinu sjálfu. Kröfuhafi hélt því fram að skuldari hefði aldrei boðið fram greiðslu vegna skuldabréfsins, annað hvort til kröfuhafa sjálfs eða með geymslugreiðslu. Í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfestur var að mestu leyti í Hæstarétti, kemur fram að ekki sé unnt að telja að skuld hafi fallið niður og að vanskil hafi ekki verið fyrir hendi, eins og skuldari hélt fram. Ljóst hafi verið af gögnum málsins að vanskil skuldara voru umtalsverð, og að ekki hafi verið greitt af bréfinu frá því í júní 2009, en drátturinn nam á þessum tíma tæplega sjö árum. Með þessum ummælum er dómurinn að vísa til skilyrðisins um veruleg vanskil. Því næst segir í úrskurðinum: „Jafnframt hefur komið fram að sóknaraðili hefur hvorki boðið greiðslur né geymslugreitt í samræmi við lög þar að lútandi. Verður því ekki annað séð en að réttilega hafi verið staðið að gjaldfellingu umrædds skuldabréfs samkvæmt ákvæðum þess sjálfs. Er öllum sjónarmiðum sóknaraðila um annað

hafnað.“ Ummælin vísa beinlínis til þess að skuldara hafi skort vilja og getu til þess að efna skuldbindingu sína, og meðal annars af þeim sökum hafi gjaldfelling verið heimil.

4.3.2.5 Nánar um tillitsskylduna

Hefur nú verið fjallað um regluna um vilja og getu skuldara til að greiða, en í umfjöllun um tillitsskylduna þykir einnig rétt að nefna annað sjónarmið. Láti kröfuhafi það viðgangast athugasemdalaust að skuldari sýni af sér greiðsludrátt getur það haft þau áhrif að slíkur dráttur verði síðar ekki talinn verulegur, þótt hann yrði ella talinn það. Eins og áður hefur komið fram er skilyrði gjaldfellingar að vanskil séu veruleg, sé gjaldfellingu beitt vegna greiðsludráttar. Þar af leiðandi kann slík háttsemi kröfuhafa að hafa þær afleiðingar að honum sé óheimilt að gjaldfella vegna greiðsludráttar, enda telst drátturinn þá ekki verulegur.¹⁷⁹ Hér er því um að ræða sjónarmið sem tengist tillitsskyldunni, því litið er til þess hvernig skuldarsambandi aðila er hagað. Ef sambandið er með því móti að skuldari hafi fengið að greiða eftir gjalddaga í fleiri skipti getur skuldari, eftir atvikum, litið svo á að hann geti greitt með þessum hætti sér að skaðalaus, sbr. *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)* sem áður var nefndur. Í málinu hafði kröfuhafi látið veruleg vanskil viðgangast athugasemdalaust. Það olli því, ásamt öðru, að kröfuhafa var ekki talið fært að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs. Hér ber þó að taka fram að kröfuhafi er ekki bundinn af því til frambúðar þótt hann láti greiðsludrátt óátalinn í einhvern tíma. Kröfuhafi getur hvenær sem er krafist þess að skuldari breyti greiðsluháttum sínum, þannig að greitt sé á gjalddaga í samræmi við samning aðila. Það kann hins vegar að hvíla tilkynningarskylda á kröfuhafa í slíkum tilvikum, þannig að hann geti ekki beitt íþyngandi vanefndaúrræðum eins og gjaldfellingu nema tilkynna skuldara um breyttan greiðsluhátt með hæfilegum fyrirvara.¹⁸⁰

Í þessu samhengi má nefna fyrrnefndan *Hrd. 1982, bls. 371*, sem er dæmi um að þótt kröfuhafi hafi látið greiðsludrátt óátalinn, að því leyti að beita ekki heimild í samningi til að gjaldfella, þýðir það ekki að kröfuhafi geti aldrei beitt úrræðinu. Kröfuhafi gjaldfelldi eftirstöðvar veðskuldabréfs vegna þess að hann var „orðinn þreyttur“ á því að skuldari hefði ekki staðið við skýra skuldbindingu samkvæmt skuldabréfinu til þess að greiða á réttum tíma, en fyrir lá að skuldari hafði áður sýnt af sér greiðsludrátt. Máli kann að skipta að í þeim tilvikum sem vanskil urðu sat kröfuhafi ekki aðgerðarlaus, heldur leitaði sér aðstoðar lögmannna til þess að innheimta greiðslurnar, en í málinu kemur þetta fram: „Þá tekur [kröfuhafi] fram, að hann

¹⁷⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 223 og Bernhard Gomard: *Obligationsret. I. del*, bls 112.

¹⁸⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 223.

hafi áður orðið að leita sér aðstoðar lögmannna til þess að innheimta afborganir og vexti, svo sem áritanir á skuldabréfið bera með sér. Kveðst hann hvað eftir annað hafa gefið [skuldara] eftir gjaldfellingu, en nú kveður [kröfuhafi] nóg af slíku komið og því hafi hann ákveðið að binda enda á þessi viðskipti með því að innheimta skuld þessa að fullu.” Eins og áður segir var fallist á gjaldfellingu í málinu.

Hér má einnig nefna *Hrd. 1941, bls. 227*, en áður var minnst á dóminn í tengslum við það sjónarmið að þegar metið er hvort vanskil séu veruleg sé litið til þess hversu stór hluti af skuld sé í vanskilum. Málavextir voru þeir að skuldari hafði oft greitt afborganir samkvæmt veðskuldabréfi of seint. Greiðsludráttur var mikill á einni tiltekinni afborgun, sem átti að greiða árið 1938, en skuldari greiddi afborgunina þremur árum síðar, árið 1941. Í millitíðinni hafði skuldari greitt tvær afborganir. Skuldari hélt því fram að í bæði skiptin hefði verið kvittað á bréfið og eftirstöðvarnar tilgreindar án nokkurs fyrirvara, og því taldi hann að vanskilin frá árinu 1938 yrðu ekki borin upp löngu síðar. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði:

Það verður ekki talið, að [kröfuhafi] hafi glatað rétti sínum til þess að krefja alla innistæðu skuldabréfs þess, sem í máli þessu greinir, vegna vanskila á afborgun 1938, þótt handveðshafi tæki við greiðslu síðar athugasemdalest, enda verður eigi heldur talið, að [kröfuhafi] hafi firrt sig neinum rétti vegna framkomu sinnar eða umboðsmanns síns um heimtu skuldarinnar. Með þessum athugasemdum þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málið er til marks um að þótt sammingsaðilar verði að taka tillit til hagsmuna hvors annars, vegna tillitsskyldunnar, þýðir það ekki að viðtaka greiðslna án athugasemda í tilvikum sem þessum komi í veg fyrir beitingu sammingsbundinna vanefndaúrræða. Meta verður í hvert skipti hvenær samskipti aðila eru með þeim hætti að á þeim hvíli sérstök skylda til að tilkynna um breytt greiðslufyrirkomulag, og því erfitt að setja fram hlutlægan mælikvarða um það.

Hér má nefna nýlegt dómafordæmi, *Hrd. 14. apríl 2016 (617/2015)*, þar sem reyndi á tillitsskyldu aðila. Málavextir voru þeir að skuldari tók lán hjá kröfuhafa 19. nóvember 2007 að fjárhæð 30 milljónir með útgáfu skuldabréfs ásamt því að gefa út tryggingarbréf þar sem fasteign var sett að veði til tryggingar skuldinni. Síðar urðu skuldaraskipti, en nýr skuldari var félag sem var að fullu í eigu fyrri skuldara. Í framhaldi af skuldskeytingunni undirritaði fyrrum skuldari, samkvæmt ósk kröfuhafa, handveðsyfirlýsingu vegna bankareiknings hjá kröfuhafa til tryggingar á skuldum hins nýja skuldara. Innistæðan á reikningnum var 30 milljónir króna. Ljóst var að bæði fyrri skuldari og sá síðari stóðu í skilum með afborganir af skuldabréfinu fram að skilmálabreytingu sem gerð var á láninu 9. janúar 2009. Í henni var meðal annars mælt fyrir um frestun afborgana höfuðstóls í tiltekinn tíma. Á meðan á frestun afborgana stóð skyldi skuldari hins vegar greiða 140.000 kr. mánaðarlega inn á reikninginn sem var handveðsettur til

tryggingar skuldabréfinu. Í skilmálabreytingunni sagði einnig að áður en fyrsti gjalddagi afborgunar yrði reiknaður skyldi innistæðu á ofangreindum reikningi ráðstafað sem greiðslu inn á skuldina. Síðan sagði að ef kæmi til gjaldfellingar skuldarinnar vegna vanefnda skuldara skyldi innistæðu á hinum handveðsetta reikningi ráðstafað inn á skuldina án sérstakrar tilkynningar. Önnur skilmálabreyting var gerð síðar, þar sem mælt var fyrir um áframhaldandi frestun greiðslna til 1. febrúar 2010, og að skuldari skyldi greiða 170.000 kr. mánaðarlega inn á hinn handveðsetta reikning. Ágreiningslaust er að skuldari greiddi samtals 1.690.000 kr. inn á handveðsettan reikning sinn frá 3. febrúar 2009 til 7. janúar 2010, það er á því tímabili sem samið hafði verið um frestun á greiðslum. Aðila greindi á um hvort hér hafi verið um að ræða greiðslur sem ráðstafa bæri inn á lánið eða ekki. Í greinargerð kröfuhafa kom fram að skuldari stóð ekki í skilum með greiðslur 1. febrúar 2010 og hafi skuldin þar með öll fallið í gjalddaga. Fyrir lá að engin tilkynning var send af þessu tilefni, enda taldi kröfuhafi að gjaldfelling hefði verið heimil án sérstaks fyrirvara eða tilkynningar. Í niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur sagði:

Svo sem áður greinir var greiðslum af láninu frestað með skilmálabreytingu 9. janúar 2009 og enn á ný með skilmálabreytingu 8. september þess árs sem rann sitt skeið 1. febrúar 2010. Er því haldið fram af [kröfuhafa] að á þeim degi hafi ekki verið greitt af láninu og lánið þar með fallið í gjalddaga. Dómurinn lítur til þess að á þessum tíma hafði skuldari lánsins [...] greitt þær mánaðarlegar greiðslur inn á handveðsettan reikning félagsins sem áður er lýst. Auk þess hafði [skuldari] málsins sett að handveði fjármuni sem augljóslega nægðu til afborgana af láninu. Fór ekki á milli mála að [kröfuhafa] var heimilt, hvenær sem er, að taka sér greiðslu af þessum handveðsettu fjármunum til greiðslu afborgana lánsins. *Braut það því berlega gegn skyldum [kröfuhafa] sem lánveitanda í gagnkvæmu skuldasambandi að tilkynna ekki skuldara og veðþola sérstaklega að litið væri svo á að lánið væri allt gjaldfellt þrátt fyrir að lánveitanda væru þessir fjármunir til reiðu.* Er af þessum sökum ekki unnt að leggja til grundvallar að lánið hafi gjaldfallið á umræddum degi eða að [kröfuhafi] geti reiknað sér dráttarvexti frá og með þessu tímamarki við uppgjör lánsins. [Leturbreyting höfundar].

Í Hæstarétti var einnig talið að greiðslur sem greiddar hefðu verið inn á reikning sem var handveðsettur kröfuhafa samkvæmt skilmálabreytingunni hefðu átt að renna til uppgjörs á skuldabréfinu. Af þeim sökum var talið að skuldin hefði ekki verið öll í gjalddaga fallin. Ljóst er að niðurstaða málsins réðst að nokkru leyti af tillitsskyldunni, sem gildir í skuldarsambandi aðila og lýst hefur verið.

4.3.2.6 Annað

Hafa nú verið nefnd helstu sjónarmið sem hafa þarf í huga þegar gjaldfellingarástæðan verulegur greiðsludráttur er metinn, en eins og áður segir fer það eftir heildarmati á aðstæðum. Í títtnefndu riti Þorgeirs Örlygssonar, Benedikts Bogasonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, er að auki minnst á nokkur sjónarmið sem varða þetta heildarmat,

sem sérstaklega varða riftun.¹⁸¹ Rétt að gera stuttlegra grein fyrir þeim sjónarmiðum hér, en eins og áður segir er í athugasemdum frumvarps til laga nr. 75/1997 um sammingsveð, varðandi a. lið 1. mgr. 9. gr. svl., vísað til „almennra riftunarreglna, þar sem heildarmat á aðstæðum er látið ráða.“¹⁸²

Eitt af þeim sjónarmiðum sem nefnt er í fyrrnefndu riti, varðandi mat á því hvenær greiðsludráttur sé verulegur, er hvort greiðsludrátturinn hafi haft *veruleg áhrif á hagsmuni kröfuhafa* og hvort skuldara hafi mátt vera ljóst að svo yrði.¹⁸³ Um tillitsskylduna og hagsmuni sammingsaðila hefur verið fjallað, og umfjöllun um lengd greiðsludráttar og þá fjárhæð sem í vanskilum er fellur að vissu leyti undir þetta. En að öðru leyti verður að telja að hér sé um að ræða sjónarmið sem frekar eigi við um riftun. Riftun er úrræði sem hefur á margan hátt víðtækari skírskotun en gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa, því riftun getur gilt um fleiri samningssambönd. Þannig verður að telja að oft reyni á það hvort riftun hafi áhrif á hagsmuni kröfuhafa, til dæmis ef kaupsamningi er rift. Þótt útgáfa skuldabréfa geti vissulega átt sér stað milli einstaklinga eða efnaminni lögaðila, er algengt að skuldabréf séu gefin út vegna lánveitingar, þar sem að minnsta kosti annar aðilinn er lögaðili, oft lánastofnun. Þótt slíkar stofnanir hafi hagsmuni af því að lántakar greiði á réttum tíma, er tæpast unnt að segja að greiðsludráttur hafi veruleg áhrif á hagsmuni þeirra í einstökum tilvikum.

Annað sjónarmið varðandi það hvort greiðsludráttur sé verulegur, sem nefnt er í áðurnefndu riti, varðar *samning aðila og atvik við kaup*. Þar kemur fram að ef aðilar hafa samið um afhendingu söluhlutar á nákvæmlega tilgreindum tíma og áskilið sér rétt til riftunar ef skilyrðinu er ekki fullnægt, hefur allur greiðsludráttur þau áhrif að kröfuhafi getur rift samningnum.¹⁸⁴ Hér verður aftur talið að um sé að ræða sjónarmið sem frekar eigi við um riftun en gjaldfelling eftirstöðva skulda. Þegar hefur verið fjallað um að gjaldfellingarákvæði séu almennt séð túlkuð þröngt í dómaframkvæmd. Gjaldfellingarákvæði, sem mæla fyrir um að vanskil heimili beitingu úrræðisins, eru þannig ekki túlkuð á þá leið að minnsti dráttur valdi gjaldfellingu. Þess í stað fer fram það heildarmat á aðstæðum sem nefnt var hér að framan, þar sem einkum er litið til lengdar greiðsludráttar, fjárhæðar sem í vanskilum er og reglunnar um vilja og getu skuldara til þess að greiða. Þó kann að vera að nákvæmt orðalag gjaldfellingarákvæða, eins og á reyndi í *Hrd. 1982, bls. 371*, hafi áhrif á það heildarmat, en þar

¹⁸¹ Sjá Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 233-237.

¹⁸² Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2145.

¹⁸³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 234.

¹⁸⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 235-236.

var mælt fyrir um að ef ekki yrði staðið skil á greiðslum innan 14 daga frá gjalddaga, væri öll skuldin fallin í gjalddaga án fyrirvara.

Að lokum má minnst á nýlega dóma Hæstaréttar sem varpa ljósi á það heildarmat sem fram fer þegar metið er hvort greiðsludráttur sé verulegur. Í fyrrnefndum *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)* voru málavextir þeir að vanskil urðu á skuldabréfi sem greiða átti með sjö afborgunum á 12 mánaða fresti, og var fyrsta afborgun 15. ágúst 2001. Verulegur greiðsludráttur varð á fyrstu afborgunum bréfsins, en fyrsta afbrgung var greidd 14. desember 2001, önnur afborgun var greidd 15. desember 2002 og sú þriðja 16. febrúar 2004. Því var um að ræða verulegan greiðsludrátt í skilningi eldri dómaframkvæmdar, að minnsta kosti ef eingöngu er litið til lengdar dráttarins. Hins vegar gjaldfelldi kröfuhafi ekki vegna þessara vanskila. Kröfuhafi lést, og dánarbúið öðlaðist kröfuna og gjaldfelldi eftirstöðvar skuldabréfsins vegna vanskila á dráttarvöxtum. Óþarfi er að fjalla frekar um málavextina, en í niðurstöðu Hæstaréttar sagði:

Þegar dánarbúið greip til gjaldfellingar bréfsins var það í skilum að öðru leyti en því að dráttarvextir, sem til féllu vegna þess að skuldari bréfsins hafði ekki greitt afborgun á réttum gjalddaga, voru ógreiddir. Langt var liðið frá því að eigandi bréfsins hafði sjálfur tekið við greiðslu afborgunarinnar úr hendi skuldarans án þess að athugasemd hefði verið send um frekari greiðslu. Þá verður að hafa í huga að gögn málsins bera með sér að greiðslur fyrri afborgana af umræddu skuldabréfi höfðu í öllum tilvikum dregist nokkra mánuði fram yfir réttan gjalddaga, að því er virðist án athugasemda af hálfu kröfuhafa og leiddi sá greiðsludráttur ekki til gjaldfellingar skuldabréfsins. Ennfremur liggur fyrir að vanskil á greiðslu dráttarvaxta, sem leiddu til gjaldfellingar skuldabréfsins, námu aðeins litlum hluta eftirstöðva skuldarinnar. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að heimilt hafi verið eins og hér stóð á að gjaldfella skuldabréfið og verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Málið er til marks um að heildarmat á aðstæðum er látið ráða þegar metið er hvort greiðsludráttur teljist verulegur. Meðal annars var lítil hluti skuldar í vanskilum, vísað var til tillitsskyldunnar því kröfuhafi hafði áður látið greiðsludrátt óátalinn og að lokum var óvíst hvort heimilt væri að beita úrræðinu vegna vanskila á dráttarvöxtum, en vikið verður að því betur í næsta kafla. Til hliðsjónar má einnig minnst á *Hrd. 28. apríl 2016 (590/2015)*. Í málinu reyndi að vísu ekki á gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfs, heldur *lánasamnings*. Málavextir voru þeir að kröfuhafi var gosdrykkjaframleiðandi og skuldari rak keðju kvikmyndahúsa. Aðilarnir höfðu átt í áralöngu viðskiptasambandi, en skuldari keypti mikið af vörum af kröfuhafa. Þeir rituðu undir samning, sem meðal annars hafði að geyma ákvæði um að kröfuhafi skyldi veita skuldara afslátt sem endurgjald fyrir þá skuldbindingu að kaupa einungis drykkjarvörur frá kröfuhafa, sem skuldari seldi síðan í kvikmyndahúsum sínum. Sá afsláttur var annars vegar veittur samtímis því að skuldari keypti drykkjarvörur af kröfuhafa, og hins vegar afhentur fyrirfram. Í 8. gr. samnings aðila var þessi fyrirfram afhenti afsláttur kallaður

lán, og var talið að um lántöku hafi verið að ræða. Skuldarsamband aðila leið síðar undir lok, og skuldari hóf viðskipti við annan gosdrykkjarframleiðanda. Eftir stóð hins vegar skuld skuldara til kröfuhafa, sem nam 56.821.398 kr. Kröfuhafi fékk að meðaltali mánaðarlegar endurgreiðslur upp í lánið að fjárhæð 1,5 til rúmlega 2 milljónir kr., en frá áramótum 2013 og 2014 hafði skuldari ekkert greitt upp í skuldina. Hafði skuldari að mati kröfuhafa sýnt af sér verulegan greiðsludrátt. Af þeim sökum taldi kröfuhafi sér heimilt að gjaldfella skuldina í heild sinni, og að líta bæri á stefnu þessa dómsmáls sem tilkynningu um slíka gjaldfellingu. Því bæri skuldara að endurgreiða eftirstöðvar skuldar sinnar í heilu lagi með dráttarvöxtum. Fyrir lá að kröfuhafi hafði sent skuldara greiðsluáskorun 31. mars 2014, þar sem honum var *í fyrsta lagi* boðið að endurgreiða skuld sína samkvæmt útreiknaðri meðaltalsendurgreiðslu á mánuði þar til skuldin yrði að fullu greidd. *Í öðru lagi* var tekið fram að skuldara væri frjálst að staðgreiða skuldina að fullu þá þegar. *Að lokum* var skuldara boðið að halda áfram viðskiptum við kröfuhafa og að nýta viðskiptaafsláttinn til mánaðarlegrar endurgreiðslu á skuld sinni, en eftirstöðvar hvernar afborgunar, ef einhverjar væru, mætti greiða með peningum. Skuldari svaraði ekki þessu bréfi. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfestur var með vísan til forsendna hans í Hæstarétti, segir hvað þetta varðar: „Samkvæmt 3. tölulið 5. gr. skuldbindur [skuldari] sig til þess að vera ekki í verulegum eða viðvarandi vanskilum við [kröfuhafa].“ Því næst fjallaði dómurinn um að kröfuhafi hefði reynt að semja um greiðslur við skuldara með fyrrnefndu bréfi frá 31. mars 2014, en í því voru honum boðnar þrjár mismunandi greiðsluleiðir, sem skuldari hafði að engu. Síðan segir svo í niðurstöðu dómsins:

Þegar [kröfuhafi] birti stefnuna var rétt tæplega hálf tveggja ár liðið frá því [skuldari] keypti síðast gosdrykkjarþykki af [kröfuhafa]. Hefðu viðskipti þeirra gengið eins og þau höfðu áður gert hefði skuld [skuldara] við [kröfuhafa] átt að hafa lækkað um 10.000.000 kr. á þessu tímabili. Þegar litið er til þess að [skuldari] hafði engan vilja til að greiða skuldina, hann hefði með réttu átt að hafa greitt ekki lægri fjárhæð en tíu milljónir króna inn á hana þegar málið var höfðað þykir vanefnd hans hafa verið svo veruleg að [kröfuhafa] hafi verið heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga með stefnunni.

Fjallað verður stuttlega um málið síðar, en það sýnir vel að þegar metið er hvort vanefnd sé veruleg er heildarmat á aðstæðum látið ráða, og er þá meðal annars litið til vilja og getu skuldara til að greiða.

Hefur nú verið gerð grein fyrir þeim réttarheimildum sem varpa ljósi á þá gjaldfellingarástæðu sem felst í verulegum greiðsludrátti. Þær ályktanir sem draga má af umfjölluninni eru að inntak skilyrðisins felst aðallega í heildarmati á aðstæðum. Þau sjónarmið sem einkum ber að líta til eru lengd greiðsludráttar, hversu stór hluti skuldar er í vanskilum, og reglan um vilja og getu skuldara til að greiða. Um lengd greiðsludráttar er erfitt að setja fram

fastan tíma, þó margt bendi til þess að dráttur verði að vera að minnsta kosti 15 dagar svo um verulegan greiðsludrátt sé að ræða. Það sama má segja um hlutfall fjárhæðar sem er í vanskilum, en erfitt er að setja fram hlutrænan mælikvarða. Aðstæður eru mismunandi, og líta þarf til margra þátta, meðal annars hvort skuldari hafi sýnt vilja og getu til þess að standa við skuldbindingar sínar.

4.3.3 Önnur skilyrði

4.3.3.1 Heimild til gjaldfellingar

Á fyrri stigum ritgerðarinnar hafa verið leiddar að því líkur að eitt grundvallarskilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé að skýra *heimild* fyrir beitingu úrræðisins sé að finna, annað hvort í samningi aðila eða í lögum. Um þetta skilyrði hefur verið deilt meðal fræðimanna,¹⁸⁵ en í ritinu *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu* eftir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvind G. Gunnarsson segir að gjaldfellingarákvæði í skuldabréfum séu svo algeng, að í fræðiskoðunum hafi því verið haldið fram að gjaldfelling allra eftirstöðva sé óheimil, ef slík ákvæði skorti í skuldabréf. Það sé því eingöngu heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa ef gagnert hefur verið samið um það. Skorti slíkt ákvæði verði kröfuhafi að láta sér nægja að krefjast greiðslu á þeirri fjárhæð sem er gjaldfallin, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði.¹⁸⁶ Fullyrðingunni til stuðnings er vísað í ýmsar heimildir, meðal annars til danskra fræðirita og danskra dóma. Einnig er vísað í rit Viðars Mús Matthíassonar, *Fasteignir og fasteignakaup*, en þar er sömu meginreglu slegið fastri.¹⁸⁷ Bæði ritin vísa í *Viðskiptabréf* eftir Pál Hreinsson, en þar segir: „Gjaldfellingarheimild kröfuhafa er samningsbundið vanefndaúrræði. Af þeim sökum er byggt á því að ekki sé hægt að gjaldfella skuldabréf nema samið hafi verið svo um.“¹⁸⁸ Gagnrýna má þessa röksemdafærslu, því flokkun á úrræðinu er ekki einhlít, eins og áður hefur verið vikið að. Úrræðið er jafnframt lögbundið, því 9. gr. svl. gildir ef ekki er samið um annað. Hins vegar er einnig nefndur dómur þessu til stuðnings, *Hrd. 1974, bls. 563*, sem fjallað var um fyrr í ritgerðinni. Í dóminum var kröfuhafa ekki talið heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs vegna vanskila skuldara á innheimtulaunum, en innheimtukostnaður var ekki meðal þess sem bréfið tiltók sem gjaldfellingarástæðu. Þar að auki hefur verið vikið að því að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa er einkum samningsbundið úrræði, og því er þessi gagnrýni ef til vill óþörf.

¹⁸⁵ Henry Ussing: *Obligationsretten*, bls. 106.

¹⁸⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 220.

¹⁸⁷ Viðar Mús Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 445.

¹⁸⁸ Pál Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 40.

Í nýlegu dómsmáli sem áður var reifað, *Hrd. 28. apríl 2016 (590/2015)*, reyndi á þetta skilyrði að vissu leyti. Eins og áður segir var ekki um að ræða skuldabréf í málinu, heldur samning sem hafði að geyma ákvæði um lántöku. Það kann að skipta máli, því eins og síðar verður fjallað um er óvíst hvort þetta skilyrði eigi við um gjaldfellingu kaupsamningsverðs eða skuldaviðurkenninga sem ekki eru skuldabréf. Í málinu var lánessamningur gerður á milli kröfuhafa og skuldara, en í honum var ekki beinlínis að finna gjaldfellingarákvæði. Skuldari hélt því meðal annars fram að gjaldfelling væri óheimil á þeim grundvelli, en ein málsástæða hans var að í 9. gr. samningsins væri tæmandi talin þau vanefndaúrræði sem heimilaði samningsaðilum að rifta samningnum. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, var fjallað um gildi gjaldfellingar samningsins. Í héraðsdómi kom þetta fram:

Í 1. mgr. 9. gr. samningsins segir að brjóti annar hvor aðilinn gegn efni samningsins í verulegum atriðum sé hvorum um sig heimilt án fyrirvara að rifta samningnum. Sé samningnum rift skuli kaupandi, skv. 2. mgr. 9. gr., endurgreiða þegar að fullu eftirstöðvar láns skv. 8. gr. Í 3. mgr. 9. gr. segir að verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana af fyrirframgreiddum afslætti eða viðskiptareikningum á réttum gjalddögum skuli kaupandi greiða dráttarvexti af skuldinni, samkvæmt lögum nr. 38 frá 2001 um vexti og verðtryggingu.

Síðan sagði svo: „Þessi ákvæði sýna að málsaðilar höfðu í texta samningsins búið sig undir að komið gæti til þess að eftirstöðvar lánsins yrðu greiddar í einu lagi með fjármunum.“ Ljóst er að héraðsdómur telur sig þurfa að finna heimild fyrir beitingu gjaldfellingarinnar. Slík röksemdafærsla væri ef til vill óþörf ef heimild í samningi eða lögum væri ekki skilyrði gjaldfellingar.

Því virðist mega álykta að eitt megin skilyrði þess að unnt sé að gjaldfella allar eftirstöðvar skuldabréfs sé að um það hafi verið samið í bréfinu.

4.3.3.2 *Gjaldfellingarástæða*

Fyrr í ritgerðinni er því velt upp að ekki sé nægjanlegt að fyrir hendi sé formleg heimild til gjaldfellingar, heldur verði efnislegt innihald heimildarinnar að hafa að geyma þær *ástæður* sem heimila gjaldfellingu. Þannig væri kröfuhafa ekki heimilt að beita úrræðinu á grundvelli annarra ástæðna en nefndar væru í heimildinni.

Í kaflanum um settan rétt var minnst á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, en þar var sú gjaldfellingarástæða nefnd að skuldari vanrækti tilkynningarskyldu vegna eigendaskipta á láni. Einnig var fjallað um f. lið 1. mgr. 9. gr. svl., en þar segir að beita megi úrræðinu þegar veðandlag er selt ef samningur aðila heimilar gjaldfellingu af slíkri ástæðu. Í ritinu *Kröfuréttur. Þættir* eftir Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason er fjallað um álitæfni tengt þessu, en það er hvort veðskuldabréf, sem tryggt er með veði í seldri fasteign,

gjaldfalli ávallt við eigendaskipti. Þar kemur fram að svarið ráðist fyrst og fremst af samningi aðila, en í veðskuldabréfum er algengt að þessi gjaldfellingarástæða sé nefnd og ýmis lagaákvæði mæla einnig fyrir um þessa ástæðu. Þegar samnings- og lagaákvæðum sleppir vegast á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa sé afar íþyngjandi úrræði í garð skuldara, og að af þeim sökum þurfi skýrt lagaboð eða samningsákvæði svo að kröfuhafi geti beitt því. Hins vegar það sjónarmið að skuldarsamband kröfuhafa og skuldara sé að vissu leyti persónubundið. Möguleikar kröfuhafa á því að fá efndir *in natura* ráðist ekki aðeins af því hvert verðmæti veðandlagsins sé heldur líka af því hver sé persónulega skuldbundinn til þess að greiða skuldina ef verðmæti veðandlagsins nægir ekki til fullnustu kröfunnar. Síðarnefnda sjónarmiðið á einkum við varðandi réttlægri veðréttindi, og því sé eðlilegt að kröfuhafar hafi heimild til þess að gjaldfella eftirstöðvar veðskuldabréfa þegar eigendaskipti verða að veðandlaginu.¹⁸⁹ Fyrirnefnda sjónarmiðið bendir til þess að fyrir hendi verði að vera gjaldfellingarástæða, annað hvort á grundvelli laga eða samnings, svo að unnt sé að beita úrræðinu. Ákvæði f. liðar 1. mgr. 9. gr. svl. tekur raunar undir það sjónarmið, þar sem áskilið er að samið sé um þessa gjaldfellingarástæðu svo að kröfuhafi geti beitt henni fyrir sig. Til stuðnings hinu síðarnefnda sjónarmiði, um að kröfuhafi geti gjaldfellt af þessari ástæðu þótt hvorki samnings- né lagasákvæði kveði á um það, er að eigendaskipti geta falið í sér brostnar forsendur fyrir veðskuldbindingu. Slík aðstaða væri til að mynda uppi þegar veðlán hefur verið veitt sem stuðningur við veðþola persónulega, sbr. ummæli í ritum Ólafs Lárussonar, *Fyrirlestrar um veðréttindi* og Gauks Jörundssonar, *Um veðréttindi*.¹⁹⁰ Eftir lögfestingu f. liðar 1. mgr. 9. gr. svl. verður þó að leiða að því líkur að ekki sé heimilt að gjaldfella vegna eigendaskipta á veðandlagi nema um það hafi verið samið sérstaklega.

Ljóst er að í skuldabréfum er gjarnan að finna gjaldfellingarákvæði, þar sem útlitað er nákvæmlega á hvaða grundvelli kröfuhafa er heimilt að gjaldfella. Slíkt ákvæði var til dæmis að finna í *Hrd. 9. febrúar 2017 (382/2016)*, en í málinu var reyndar um að ræða tryggingarbréf sem hafði að geyma slíkt ákvæði. Orðalag slíkra gjaldfellingarákvæða, í tryggingarbréfum eða veðskuldabréfum, eru gjarnan svo:

[...] standi skuldari ekki í skilum með einhverja þá skuld er bréfið tryggi, eða verði aðrar vanefndir af hálfu skuldara/veðsala; verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða ábyrgðarmanni fyrir skuld sem veðinu sé ætlað að tryggja, eða leiti þeir nauðasamnings; hinu veðsetta eigi haldið vel við og eða veðið rýrni að mun; váttryggingariðgjöld eða önnur gjöld eigi greidd á réttum tíma; fjárnám gert í hinu veðsetta eða veðið auglýst eða selt nauðungarsölu; eða eigendaskipti verði á hinn veðsettu eign án þess að aflað hafi verið samþykktar [kröfuhafa] til

¹⁸⁹ Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*, bls. 77.

¹⁹⁰ Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*, bls. 77 og Ólafur Lárusson og Ólafur Jóhannesson: *Fyrirlestrar um veðréttindi*, bls. 56 og Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi*, bls. 43.

eigendaskiptanna og yfirtöku tryggingarbréfsins, þá sé heimilt að gjaldfella alla skuldina án uppsagnar eða tilkynningar.

Eins og orðalagið ber með sér, eru margar af þeim gjaldfellingarástæðum sem þar eru nefndar einskorðaðar við veðskuldabréf (eða tryggingarbréf), og eiga samsvörun í þeim ástæðum sem nefndar eru í 1. mgr. 9. gr. svl. Nákvæmt orðalag slíkra bréfa bendir eindregið til þess að um tæmandi talningu sé að ræða á þeim ástæðum sem heimila kröfuhafa að gjaldfella á þeim grunni.

Hér má til hliðsjónar einnig nefna *Hrd. 1985, bls. 21*. Í því máli reyndi að vissu leyti á það hversu nákvæm gjaldfellingarheimild þarf að vera efnislega svo að unnt sé að beita úrræðinu á grundvelli hennar. Í málinu var um að ræða sex veðskuldabréf sem höfðu að geyma gjaldfellingarákvæði þess efnis að yrði ekki staðið við greiðslu afborgana og vaxta félli skuldin öll í gjalddaga án fyrirvara. Kröfuhafi taldi að greiðsla, sem átti að fara fram 1. september 1981, hefði ekki verið innt af hendi þrátt fyrir eftirgangsmuni, og því hafi öll bréfin fallið í gjalddaga samkvæmt ákvæðum í þeim sjálfum. Skuldari byggði varnir sínar meðal annars á því að samkvæmt heimild í 39. gr. þágildandi laga um lögræði nr. 95/1947 mætti taka fram í skuldabréfum að öll skuldin yrði gjaldkræf ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana *eða* vaxta. Skuldari hélt því fram að ekki væri vísað til þessarar lagagreinar, heldur væri að finna gjaldfellingarákvæði í veðskuldabréfunum þess efnis að væri ekki staðið við greiðslu afborgana *og* vaxta myndi skuldin öll falla í gjalddaga án fyrirvara. Skuldari hélt því fram að sá orðalagsmunur sem þarna kom fram hefði það í för með sér að kröfuhafa væri ekki heimilt að gjaldfella skuldabréfin ef aðeins yrðu vanskil á greiðslu vaxta. Í úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur sagði svo um þetta atriði: „Varðandi þá málsástæðu [skuldara], að ekki sé vitnað til 39. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 í veðbréfum [kröfuhafa], telur rétturinn, að veðsali hafi með undirritun á framangreind veðskuldabréf gengist undir þá skilmála, er framangreind lagagrein fjallar um, og telur engu máli skipta, hvort talað er um „afborganir og vexti“ eða um „afborganir eða vexti.““ Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði:

Ákvæðið í bréfunum sjálfum um heimild til gjaldfellingar og nauðungarsölu, ef ekki sé staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta, væri þýðingarlaust, ef skuldin yrði ekki gjaldkræf við greiðslufall vaxta. Gjaldfelling veðskuldabréfanna var því heimil, og ber samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að staðfesta þá ákvörðun uppboðshaldara að halda hið umbeðna annað og síðara uppboð á eigninni Háholti 22 í Keflavík.

Í úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur var litið svo á að með undirritun á veðskuldabréfin væri skuldari í reynd að gangast undir skuldbindingar samkvæmt 39. gr. lögfræðislaga nr. 95/1947. Ekki er hægt að sjá að Hæstiréttur beiti slíkri nálgun, heldur virðist niðurstaða réttarins byggja

á hagkvæmnissjónarmiði. Þannig lítur Hæstiréttur svo á, að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa yrði þýðingarlaust úrræði ef ekki væri unnt að beita því vegna vanskila á vöxtum. Erfitt er að átta sig á því hvort Hæstiréttur sé hér að segja að ekki þurfi sérstaklega að taka fram í gjaldfellingarheimild að unnt sé að beita úrræðinu vegna greiðslufalls vaxta eða afborgana. Ef það er niðurstaðan má draga í efa hvort skilyrði gjaldfellingar sé í reynd að nákvæm útlistun á gjaldfellingarástæðum þurfi að koma skýrt fram í samningi aðila eða lögum. Líklegra er þó að niðurstöðu Hæstaréttar megi skýra á sama hátt og úrskurð uppboðsréttar Keflavíkur, það er að orðalagsmunurinn á „og/eða“ í fyrrnefndum laga- og samningsákvæðum eigi ekki að skýra með strangri textaskýringu. Skilyrðið um að gjaldfellingarástæður þurfi að tiltaka sé því gilt, en í tilviki þessa máls hafi ekki verið tækt að beita strangri textaskýringu, heldur komist að niðurstöðu byggða á hagkvæmnisrökum.

Í fyrrnefndum *Hrd. 1974, bls. 563* reyndi einnig á álitamál tengd þessu. Í dóminum hafði skuldari ekki greitt kröfuhafa fjárhæð sem nam kostnaði við innheimtu vaxta af skuldabréfinu í banka og kostnaði við innheimtu lögmanns á bréfinu. Í dómi Hæstaréttar sagði:

Í skuldabréfi því, sem í málinu greinir, er kveðið svo á, að skuldin öll sé í gjalddaga fallin, ef skuldari standi ekki í skilum með greiðslu vaxta og afborgana. Hins vegar kveður skuldabréfið ekki sérstaklega á um það, að [kröfuhafa] skuli heimilt að krefjast endurgreiðslu skuldarinnar fyrir gjalddaga vegna þess, að skuldari greiðir ekki umkrafin innheimtulaun. Hefur [kröfuhafi] ekki sýnt fram á heimild sér til handa til að krefja [skuldara] um greiðslu á höfuðstól skuldabréfsins gagnert sakir þess, að [skuldari] greiddi ekki hin umdeildu innheimtulaun.¹⁹¹

Hæstiréttur tekur hér fram berum orðum að ekki sé heimilt að gjaldfella á grundvelli annarra ástæðna en sérstaklega hefur verið samið um. Þótt dómurinn sé gamall verður að telja að það sjónarmið sé í gildi í dag, enda er ekki að sjá að dómstólar hafi talið heimilt að gjaldfella ef skýrt heimildarákvæði fyrir beitingu ákvæðisins skorti. Þessu til frekari stuðnings má vitna í fyrrnefndan *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)*. Í málinu var því meðal annars haldið fram að kröfuhafi mætti ekki gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs á þeim grundvelli að vanskil urðu á greiðslu dráttarvaxta, vegna þess að gjaldfellingarheimildin heimilaði það ekki sérstaklega, en hún hljóðaði svo: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana og/eða vaxta eða vísitöluálags; verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða ábyrgðarmanni að skuld þessari, eins eða fleiri, eða leiti þeir nauðasamninga, þá er skuldin öll í gjalddaga fallin án uppsagnar eða tilkynningar.“ Kröfuhafi hélt því fram að að með orðinu „vextir“ væri einnig átt við dráttarvexti. Í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur sagði:

¹⁹¹ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 40.

Vegna þeirra takmarkana sem eru á sönnunarfærslu í málinu verður ekki leyst úr því hvort [kröfuhafi] hafi gefið eftir dráttarvexti af skuldinni eins og [skuldari] heldur fram. Það er hins vegar álit dómsins að ágreiningur um það hafi ekki áhrif á niðurstöðu málsins þar sem skýra beri gjaldfellingarákvæði skuldabréfsins þröngt og þannig að vanskil á greiðslu dráttarvaxta einna og sér heimili ekki fyrirvaralaus gjaldfellingu þess.

Í Hæstarétti sagði hvað þetta varðar: „Þegar dánarbúið greip til gjaldfellingar bréfsins var það í skilum að öðru leyti en því að dráttarvextir, sem til féllu vegna þess að skuldari bréfsins hafði ekki greitt afborgun á réttum gjalddaga, voru ógreiddir. [...] Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að heimilt hafi verið eins og hér stóð á að gjaldfella skuldabréfið og verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.“ Þótt fyrir liggja að niðurstaða málsins hafi byggst á heildarmati á aðstæðum má af tilvitnuðum ummælum sjá sjónarmið sem vikið var að framar í ritgerðinni. Gjaldfelling eftirstöðva er íþyngjandi úrræði í garð skuldara og af þeim sökum hafa dómstólar túlkað gjaldfellingarákvæði þröngt. Á þeim grundvelli ætti ekki að vera unnt að beita úrræðinu nema fyrir hendi sé skýr heimild sem hefur að geyma þær ástæður sem heimila gjaldfellingu.

Því má álykta með nokkurri vissu að kröfuhöfum sé ekki fært að gjaldfella á grundvelli annarra ástæðna en sérstaklega eru heimiluð í lögum eða samningi. Þó verður að setja þann fyrirvara, að ef um algeran forsendubrest er að ræða, til dæmis ef eigendaskipti verða á veðandlagi og skuldarsamband aðila er persónulegt, kann að vera unnt að beita úrræðinu þó skýra heimild skorti.

4.3.3.3 Fyrsti gjalddagi kominn

Velta má því upp hvort skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé að *fyrsti gjalddagi verði að vera kominn* svo að kröfuhafi geti beitt úrræðinu. Hér ber að taka fram að sumar gjaldfellingarástæður eru þess eðlis að þetta skilyrði á ekki við. Ef samningsákvæði í skuldabréfi heimilar gjaldfellingu á grundvelli aðilaskipta á veðandlagi, eða ef bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta, liggur í augum uppi að fyrsti gjalddagi skuldar þarf ekki að vera kominn svo heimilt sé að beita úrræðinu. Spurningin er því hvort þetta sé skilyrði gjaldfellingar þegar gjaldfellingarástæðan er *veruleg vanskil*.

Að þessu er vikið í fyrrnefndu riti Viðars Mús Matthíassonar, *Fasteignir og fasteignakaup*. Þar segir að fordæmi sé fyrir því að Hæstiréttur telji gjaldfellingu óheimila á þeim grundvelli að fyrsti gjalddagi skuldar var ekki kominn, sbr. *Hrd. 1987, bls. 534*.¹⁹² Málavextir voru þeir að kaupsamningur var gerður um fasteign og skyldi skuldari gefa út fjögur veðskuldabréf vegna kaupanna. Bréfin áttu að vera til fimm ára með árlegum gjalddaga 20. ágúst, í fyrsta skiptið

¹⁹² Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 445.

árið 1985. Skuldari gaf ekki út bréfin og greiddi ekki lokahluta útborgunar. Í kjölfarið neitaði kröfuhafi að gefa út afsal fyrir eigninni og krafðist greiðslu á öllum eftirstöðvum kaupverðsins sem skuldari átti að inna af hendi með veðskuldabréfunum. Í dómi Hæstaréttar sagði svo:

Hinn 21. júní 1985 stefndi [kröfuhafi] [skuldara] fyrir bæjarþing Reykjavíkur. *Fyrsti umsamdi gjalddagi þeirra skuldabréfa, sem [skuldari] átti að gefa út, var þá ekki enn kominn. Sem fyrr segir höfðu skuldabréfin ekki heldur verið afhent [kröfuhafa]. [Kröfuhafi] krafðist ekki riftunar á kaupsamningi sínum við [skuldara] vegna vanskila hans en gerði með málsókn þessari kröfu um greiðslu í reiðufé á öllum þeim hluta kaupverðs sem [skuldara] bar að inna af hendi með veðskuldabréfum. Fyrsti umsaminn gjalddagi veðskuldabréfanna var ókominn þegar [kröfuhafi] hóf málsóknina. Undir rekstri málsins bauð [skuldari] fram greiðslu fyrstu afborgunar og vaxta með símskeyti 4. september 1986. Þó að sú greiðsla væri boðin fram á skrifstofu lögmanns hans og nokkuð væri komið fram yfir hinn fyrsta gjalddaga, 20. ágúst, verður krafa [kröfuhafa], sú sem hér er rætt um, ekki tekin til greina. [Leturbreyting höfundar].*

Kröfu um gjaldfellingu var hafnað í dómi Hæstaréttar einkum vegna þess að málið var höfðað áður en gjalddagi skuldabréfs var kominn, en málið var höfðað í júní en gjalddagi var 20. ágúst 1986. Þar að auki vísaði rétturinn til þess að skuldari hefði boðið fram greiðslu á afborguninni 4. september 1986, eða um það bil tveimur vikum eftir fyrsta gjalddaga. Af þeim sökum var gjaldfellingu hafnað.¹⁹³ Vísar það bæði til tillitsskyldunnar og þess sem áður hefur verið nefnt, það er að lengd greiðsludráttar verður að vera að minnsta kosti 15 dagar svo unnt sé að gjaldfella vegna verulegra vanskila.

Hafa nú verið leiddar að því líkur að formlegt skilyrði gjaldfellingar sé að heimild sé að finna í skuldabréfi fyrir beitingu þess og að auki þurfi fyrsti gjalddagi kröfu að vera kominn í sumum tilfellum. Jafnframt hefur verið fjallað um að efnislegt skilyrði gjaldfellingar sé að ástæður gjaldfellingar séu nefndar í hinni formlegu heimild. Því má velja upp hvort það sé einnig formlegt skilyrði gjaldfellingar að skuldabréf skuli greiðast með *fleiri en einni afborgun*.

4.3.3.4 *Fleiri en ein afborgun*

Ef litið er til eðlis úrræðisins, sem felst í því að gjaldfella *eftirstöðvar* skuldabréfa, ætti eingöngu að vera unnt að beita úrræðinu ef skuld samkvæmt skuldabréfi skal greiðast með fleiri en einni afborgun. Ef greiða á alla skuld á einum gjalddaga eru engar eftirstöðvar sem unnt er að fella í gjalddaga. Þó ber hér að nefna til hliðsjónar *Hrd. 1985, bls. 21*, sem áður var reifaður. Í málinu var um að ræða útgáfu sex veðskuldabréfa. Fimm þeirra voru að fjárhæð 10.000,00 kr. hvert, og eitt að fjárhæð kr. 5.868,80 kr. Greiða átti að fullu eitt bréf árlega, en gjalddagar bréfanna voru á tímabilinu 1. september 1981 til 1. september 1986, það er að segja árlegar greiðslur til sex ára. Kröfuhafi taldi að greiðsla sem átti að fara fram 1. september 1981 hafi

¹⁹³ Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 445.

ekki verið innt af hendi þrátt fyrir eftirgangsmuni, og því væru öll bréfin fallin í gjalddaga samkvæmt ákvæðum í þeim sjálfum. Gjaldfelling var talin heimil í dómi Hæstaréttar. Athygli vekur að veðskuldabréfin voru ekki afborganabréf, heldur var skuld samkvæmt hverju bréfi öll gjaldkræf á ákveðnum gjalddaga. Þannig skyldi greiða alla skuld hvers bréfs í einu. Af þeim sökum má velja því upp hvort það sé skilyrði að skuldabréf hafi að geyma fleiri en eina afborgun. Hér ber að taka fram það sem áður hefur verið nefnt, að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa er sammingsbundið úrræði. Ákvæði skuldabréfanna í málinu mæltu fyrir um að heimilt væri að gjaldfella hin skuldabréfin ef vanskil yrðu á einu þeirra. Sammingsfrelsið takmarkast af 1. mgr. 36. gr. smnl., en ekki er að sjá að lagaákvæðið setji slíkum sammingsákvæðum skorður. Því má velja upp hvort líta megi á svona sammingsákvæði sem cross-default ákvæði, þannig að greiðsla hvers og eins skuldabréfs sé aðskilin skuldbinding og vanefnd á einni hafi áhrif á aðrar skuldbindingar milli aðila. Eflaust má færa rök fyrir því, en hér verður þó sennilega að telja að um eina skuldbindingu hafi verið að ræða milli kröfuhafa og skuldara, þótt um sex mismunandi skuldabréf hafi verið gefin út. Í sjálfu sér hefði verið unnt að gefa út eitt skuldabréf, að fjárhæð 55.868,80 kr., með sex árlegum gjalddögum. En sammingsaðilar ákváðu að gefa út sex mismunandi bréf, sem líta verður þó á sem eina skuldbindingu. Því verður tæplega talið að dómurinn breyti því grundvallarskilyrði sem hér var nefnt að framan.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður talið að það sé formlegt skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa að bréfin skuli greiðast með fleiri en einni afborgun.

4.3.3.5 Fullnægjandi málatilbúnaður kröfuhafa

Í margnefndu riti Þorgeirs Örlygssonar, Benedikts Bogasonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, segir að málatilbúnaður kröfuhafa verði að vera með þeim hætti, að dómari geti tekið afstöðu til þess hvort skilyrðum gjaldfellingar sé fullnægt. Þessu til stuðnings er vísað í *Hrd. 18. október 2007 (69/2007)*. Málavextir voru þeir að skuldari gaf út skuldabréf 19. mars 1997 til kröfuhafa að fjárhæð 2.000.000 kr. Samkvæmt ákvæðum bréfsins skyldi skuldari endurgreiða skuldina með 60 afborgunum á 5 árum, í fyrsta sinn 1. júlí 1997. Síðar voru gerðar skilmálabreytingar, en óþarfi er að fjalla frekar um málavextina. Í málinu krafði kröfuhafi skuldara um greiðslu allra eftirstöðva skuldabréfsins. Í dómi Hæstaréttar kom fram að *í fyrsta lagi* væri misræmi á milli málsgagna og málflutnings kröfuhafa um það hvenær skuldabréfið hefði verið gjaldfellt. *Í öðru lagi* lá hvorki fyrir sundurliðun né útreikningur á eftirstöðvum skuldabréfsins, en bréfið hafði sjálft ekki að geyma upplýsingar um það hverjar eftirstöðvar þess hefðu verið. *Í þriðja lagi* var krafa um bankakostnað ekki heldur sundurliðuð,

né studd neinum gögnum. Af þessum sökum þótti málið svo vanreifað að ekki var talið hægt að leggja á það dóm. Hæstiréttur vísaði málinu því frá héraðsdómi án kröfu.¹⁹⁴

Þessi umfjöllun áréttar það sem almennt á við, að *málatilbúnaður aðila verði að vera fullnægjandi* svo að unnt sé að leggja dóm á hann. Segja má að hér sé um að ræða grundvallarformskilyrði fyrir því að krafa um gjaldfellingu hafi tilætluð áhrif.

4.3.3.6 Greiðsluáskorun

Í kaflanum hér að framan, sem fjallaði um settan rétt, var minnst á 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Samkvæmt ákvæðinu hvílir tilkynningarskylda á lánveitanda, en þar segir orðrétt: „Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.“ Í umfjölluninni um ákvæðið var velt upp þeirri spurningu hvort það hefði að geyma það skilyrði, að kröfuhafi geti ekki beitt úrræðinu áður en greiðsluáskorun er send, þannig að beiting þess yrði metin óheimil ef því yrði beitt áður. Eða þýðir það að kröfuhafi geti beitt úrræðinu af fullum þunga svo gilt sé, þótt engin tilkynning sé send, en á grundvelli ákvæðisins geti ábyrgðarmaður komið í veg fyrir áhrif gjaldfellingar með því að greiða upp þær afborganir sem voru gjaldfallnar áður en kröfuhafi beitti úrræðinu, og þar með gert áhrif þess að engu? Í *Hrd. 29. október 2015 (196/2015)* reyndi á ákvæðið, og dómurinn svarar þessari spurningu að einhverju leyti. Kröfuhafi höfðaði mál gegn ábyrgðarmönnum til heimtu skuldar samkvæmt skuldabréfi sem skuldari gaf út árið 2005. Í bréfinu var að finna gjaldfellingarákvæði þess efnis að lánið yrði gjaldfellt án sérstakrar uppsagnar ef skuldari stæði ekki í skilum með greiðslu afborgana. Kröfuhafi krafðist þess að ábyrgðarmönnum yrði gert að greiða sér 2.197.590 krónur ásamt dráttarvöxtum, en þá kröfu byggði hann yfirlýsingu ábyrgðarmanna um sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Hann sagði að skuldin hefði verið gjaldfæld 1. febrúar 2011 vegna vanskila, og þá hafi eftirstöðvarnar numið fyrrgreindri fjárhæð. Ábyrgðarmennirnir byggðu sýknukröfu sína meðal annars á því að kröfuhafi hefði ekki uppfyllt skilyrði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009, því þeim hafi ekki verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins áður en kröfuhafi lýsti yfir gjaldfellingu. Ábyrgðarmenn hafi því ekki fengið tækifæri til þess að grípa inn í aðstæður og greiða hinar gjaldföllnu afborganir, eins og þær voru á gjalddaga. Vegna þessa töldu ábyrgðarmenn gjaldfellinguna ekki hafa gildi gagnvart þeim, og því hafi hún verið ólögæt. Einkum var í málinu deilt um það hvort, og þá hvenær, ábyrgðarmenn fengu tilkynningu, en þeir sögðust

¹⁹⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*, bls. 224-225.

ekki hafa fengið neinar tilkynningar um gjaldfellingu bréfsins. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði að af greinargerð ábyrgðarmanna yrði ráðið að þeir hefðu ekki mótmælt því að hafa fengið innheimtubréf frá innheimtufyrirtæki 16. október 2012, þar sem kom fram að skuldabréfið hefði verið í vanskilum frá 1. febrúar 2011. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði, hvað þetta varðar:

Eins og gerð er grein fyrir í héraðsdómi verður litið svo á að [kröfuhafi] hafi fyrst tilkynnt [ábyrgðarmönnum] um vanefndir [skuldara] 16. október 2012, en þá var búið að gjaldfella lánið á grundvelli heimildar í skuldabréfinu frá 10. október 2005. Með stoð í fyrrgreindu lagaákvæði hefðu [ábyrgðarmenn] getað boðið fram greiðslu á þeim afborgunum, sem voru í gjalddaga fallnar samkvæmt skuldabréfinu á þeim tíma, ásamt áföllnum vöxtum, verðbótum og kostnaði. Þar sem þau gerðu það ekki hafa þau firrt sig rétti til að bera umrætt ákvæði fyrir sig í þessu máli. [Leturbreyting höfundar].

Niðurstaðan ber með sér að gjaldfelling telst í sjálfu sér heimil þótt tilkynning samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna sé ekki send, en Hæstiréttur tók fram að gjaldfellt hefði verið áður en tilkynning barst samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna. Miðað við orðalagið hefðu ábyrgðarmenn getað komið í veg fyrir áhrif gjaldfellingar eftirstöðva með greiðslu þegar gjaldfallinna greiðslna, en að gjaldfellingin hefði í sjálfu sér verið heimil. Munurinn á þessu er einkum fræðilegur því niðurstaðan er almennt séð sú sama fyrir málsaðila. En miðað við dóminn er hér ekki um að ræða skilyrði fyrir því að gjaldfelling sé gild í sjálfu sér, heldur skilyrði sem kröfuhafi þarf að uppfylla svo að áhrif gjaldfellingar verði með þeim hætti sem ætlast er til. Það skal tekið fram að þetta skilyrði um áskorun er bundið við gildissvið áðurnefndra laga og er ekki almennt skilyrði gjaldfellingar venjulegra skuldabréfa.¹⁹⁵

Hér má einnig nefna *Hrd. 1980, bls. 1974*, en málið var reifað nokkuð ítarlega frammar í ritgerðinni. Þar reyndi á gildi gjaldfellingar, en komist var að því að hún væri óheimil. Byggði niðurstaðan einkum á því að greiðsluáskorun væri nauðsynlegt skilyrði þess að kröfuhafi gæti beitt úrræðinu þegar um handhafabréf væri að ræða. Fyrir gæti skuldari hvorki vitað hverjum né hvar hann ætti að greiða. Þótt það komi ekki fram berum orðum í dóminum má af honum ráða að vegna þess hvenær greiðsluáskorun var send hafi eingöngu verið um sjö daga greiðsludrátt að ræða, sem ekki taldist veruleg vanefnd. Jafnframt má hér minnst á áðurnefndan *Hrd. 1983, bls. 691*, en þar reyndi einnig á gjaldfellingu veðskuldabréfs. Hafði bréfið að geyma gjaldfellingarákvæði með þeirri gjaldfellingarástæðu að öll skuldin skyldi falla í gjalddaga vegna vanskila skuldara á greiðslu afborgana og vaxta. Kröfuhafi gjaldfelldi skuld

¹⁹⁵ Sjá til hliðsjónar umfjöllun um áskorun sem forsendu fyrir beitingu vanefndaúrræða, Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*, bls. 244-247. Samkvæmt því sem þar segir er áskorun um efndir almennt ekki skilyrði fyrir beitingu vanefndaúrræða, og telja verður að sömu sjónarmið eigi við um gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Athuga ber þó að á því eru undantekningar, til dæmis varðandi handhafaskuldabréf.

vegna greiðsludráttar. Meirihluti Hæstaréttar synjaði kröfum veðhafa með þeim rökum að það hvíldi skylda á eiganda handhafaveðskuldabréfs að tilkynna ekki eingöngu *útgefanda* bréfsins eða *fyrri skuldara* samkvæmt bréfinu um greiðslustað heldur einnig *eiganda veðsins*, sem hafði tekið að sér greiðslu veðskuldar og látið þinglýsa kaupsamningi eða afsali.¹⁹⁶ Málið er til marks um að kröfuhafi verði að gera skuldara viðvart áður en hann grípur til íþyngjandi úrræða. Álitamál kann að vera hverjum kröfuhafi þurfi að beina tilkynningu til, því ekki er víst að ávallt sé nægilegt að tilkynna skuldara einum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að í vissum tilvikum sé skilyrði gjaldfellingar að send hafi verið *greiðsluáskorun*, ekki eingöngu til skuldara, heldur annarra aðila sem hafa ríka hagsmuni af afleiðingum úrræðisins.

Fyrir dómstólum hefur því verið haldið fram að það sé ekki nægjanlegt að senda greiðsluáskorun, heldur verði að veita tiltekinn *greiðslufrest*. Hér má til hliðsjónar nefna ummæli úr fyrrnefndum *Hrd. 1981, bls. 26*, en þar segir svo um málatilbúnað skuldara: „er [skuldarar] hafi ætlað að inna greiðslu af hendi [...] hinn 10. nóvember, hafi komið í ljós, að bréfið hafði verið tekið úr innheimtunni degi áður *þrátt fyrir þá réttarvenju, sem telja verði löghelgaða, að skuldari hafi allt að 15 daga frest frá gjalddaga til að inna greiðslu af hendi samkvæmt veðskuldabréfi*. [Leturbreyting höfundar].“ Þessi ummæli eru í samræmi við áðurnefnd ummæli úr riti Páls Hreinssonar, *Viðskiptabréf*, en þar segir: „Ætla verður að vart komi til greina að gjaldfella skuldabréf nema greiðsludráttur hafi varað a.m.k. í 15 daga.“¹⁹⁷ Hvorki í úrskurði uppboðsréttar Grindavíkur né í niðurstöðu Hæstaréttar er þó minnst á löghelgaða venju þess efnis, og því er ekki unnt að fullyrða að svo sé. Í *Hrd. 1985, bls. 21*, sem reifaður var hér að framan, hélt skuldari því meðal annars fram að samkvæmt dómafordæmum „eigi að tilkynna uppboðspóla á sannanlegan hátt, hvar handhafaskuldabréf séu, þegar krafist er greiðslu. Síðan hafi hann 15 daga frest til greiðslu.“ Einnig má hér nefna *Hrd. 1986, bls. 1349*, en í því reyndi á gjaldfellingu nokkurra veðskuldabréfa, sem gefin voru út til handhafa. Veðskuldabréfin voru öll með gjalddaga í fyrsta skipti 1. apríl 1983. Vanskil urðu, og sendi kröfuhafi í kjölfarið greiðsluáskorun en greiðslan var ekki greidd á gjalddaga 1. apríl 1983. Kröfuhafi sendi í kjölfarið greiðsluáskorun til skuldara þar sem honum var tilkynnt að færi greiðsla ekki fram fyrir 15. apríl 1983 yrðu bréfin öll gjaldfelld. Þegar engin greiðsla hafði borist 1. maí 1983, voru bréfin gjaldfelld. Í niðurstöðu Hæstaréttar var rakið að bréfin hefðu sannarlega fallið í gjalddaga hinn 1. apríl 1983. Í ljósi þess að skuldari hafði fengið tilkynningu

¹⁹⁶ Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur. Almennur hluti*, bls. 73.

¹⁹⁷ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

um greiðslustað, og að „hann hafi í tæka tíð fengið fullnægjandi tilkynningu frá bankanum um greiðslu afborgana og vaxta af bréfinu“ var gjaldfelling talin heimil. Málið er til marks um að mánaðarlangur greiðsludráttur teljist verulegur, en einnig rennir hann stoðum undir það að skuldarar hafi 15 daga greiðslufrest áður en kröfuhafar megi gjaldfella, sem er í samræmi við þau mörk sem eiga við þegar metið er hve langur greiðsludráttur megi vera áður en hann telst verulegur. Það skal þó tekið fram að hér er ekki átt við eiginlegan greiðslufrest, því önnur vanefndaúrræði standa kröfuhafa til boða, eins og dráttarvextir.

Eins og sést af umfjölluninni yfir helstu dómafordæmi sem varða gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa er ekki algengt að vísað sé til þeirra lagaákvæða sem nefnd voru í kaflanum hér að framan um settan rétt. Lagaákvæðin veita vísbendingar um hver skilyrðin fyrir gjaldfellingu eru, en sum þeirra eru þó þess eðlis að þeim verður eingöngu beitt um viðkomandi lögskipti, en ekki um venjuleg skuldabréf. Gjaldfellingarákvæðin sem á reyndi í dómunum voru flest umsamin en ekki samkvæmt lagaákvæðum sem heimila gjaldfellingu. Umfjöllunin gefur vísbendingu um það hver skilyrðin eru fyrir beitingu gjaldfellingar í ólögfestum tilvikum. Verða í framhaldinu dregnar ályktanir um þetta.

5 Ályktanir um skilyrði gjaldfellingar skuldabréfa

5.1 Almennt

Hægt er að skipta skilyrðum gjaldfellingar í fræðilega flokka, en hér verður þeim skipt í tvo yfirflokka. Annars vegar eftir gildissviði skilyrðanna og hins vegar eftir efni þeirra. Fyrirnefndi flokkurinn skiptist annars vegar í *grundvallarskilyrði gjaldfellingar* og hins vegar í *viðbótarskilyrði*. Flokkunin byggir á því að sum skilyrði er nauðsynlegt að uppfylla til að unnt sé að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa, óháð tegund bréfanna. Önnur skilyrði, sem annað hvort leiða af settum lagaákvæðum eða öðrum réttarheimildum, eiga eingöngu við um sérstakar tegundir skuldabréfa. Síðari yfirflokkurinn skiptist einnig í tvennt, annars vegar í *formleg skilyrði* og hins vegar í *efnisleg skilyrði*, en um það hefur stuttlega verið fjallað og óþarfi að endurtaka hér.

5.2 Grundvallarskilyrði gjaldfellingar

5.2.1 Heimild til gjaldfellingar

Fyrr í ritgerðinni voru leiddar að því líkur að eitt grundvallarskilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé að skýr heimild fyrir beitingu úrræðisins sé að finna, annað hvort í samningi aðila eða lögum. Ekki er þó hægt að fullyrða að svo sé, þótt sterkar líkur séu fyrir því, en fullyrða má með nokkurri vissu að þetta sé *ekki* skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva kaupsamningaverðs eða annarra skuldaviðurkenninga, sbr. til dæmis *Hrd. 31. mars 2017 (162/2017)*. Í málinu var meðal annars deilt um fjárlit vegna óvígðrar sambúðar, og hvort tiltekin skuld skyldi bera dráttarvexti. Það sem máli skiptir fyrir það skilyrði gjaldfellingar sem hér er til umfjöllunar eru þessi ummæli réttarins: „Í fyrirnefndri skuldaviðurkenningu frá 13. nóvember 2012 voru engin ákvæði um afleiðingar vanefnda aðilanna. Þrátt fyrir það hefði A verið heimilt eftir almennum reglum fjármunaréttar að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar þegar vanskil urðu á afborgun, en ekki verður séð að þeirrar heimildar hafi verið neytt.“ Það virðist því vera unnt að gjaldfella eftirstöðvar skuldaviðurkenninga á grundvelli óskráðrar meginreglu. Skoðanir fræðimanna þess efnis að kröfuhafa sé ekki heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa án heimildar styðjast við það hversu algengt er að sjá gjaldfellingarákvæði í skuldabréfum. Ekki er að sjá að til séu dómfordæmi þar sem beinlínis er tekið á þessu hvað skuldabréf varðar. Hins vegar hefur Hæstiréttur komist að því að unnt sé að gjaldfella eftirstöðvar kaupsamningsverðs án sammings- eða lagaheimildar.¹⁹⁸ Athuga ber

¹⁹⁸ Sjá til dæmis *Hrd. 1954, bls. 534, Hrd. 1971, bls. 525, Hrd. 1985, bls. 374, Hrd. 1988, bls. 982, Hrd. 1988, bls. 1169, Hrd. 1991, bls. 178, Hrd. 1992, bls. 1950 og Hrd. 2003, bls. 4220 (189/2003)*. Ekki er að sjá að heimild hafi verið að finna fyrir gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs í þeim lögskiptum sem málin fjölluðu um,

þó að rétturinn hefur að minnsta kosti einu sinni komist að þeirri niðurstöðu að beiting úrræðisins hafi verið óheimil í slíkum lögskiptum, og miðað við rökstuðning dómsins mátti rekja þá niðurstöðu til þess að í kaupsamningi hafi ekki verið að finna heimild, sbr. *Hrd. 1985, bls. 1284*. Dómafordæmið er þó gamalt og því erfitt að meta hvort Hæstiréttur myndi komast að sömu niðurstöðu í dag. Fordæmið sem hér var nefnt að framan, *Hrd. 31. mars 2017 (162/2017)* er hins vegar mjög nýlegt. Verður því að telja líklegt að kröfuhafi geti beitt úrræðinu á grundvelli óskráðrar meginreglu þegar um gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs eða skuldarviðurkenningar er að ræða.

Eins og áður segir er ekki að finna dómafordæmi sem tekur beinlínis á því að skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva *skuldabréfa* sé að samnings- eða lagaheimild þurfi að vera fyrir hendi. Fræðimenn hér á landi virðast þó einhuga um að svo sé og byggja það, eins og áður sagði, einkum á þeim grundvelli að algengt er að sjá gjaldfellingarákvæði í skuldabréfum. Af þeim sökum sé það óskráð meginregla að heimild verði að vera fyrir hendi. Reglur um gagnályktun myndu almennt séð leiða til sömu niðurstöðu. Í ljósi þess hversu algengt er að slík ákvæði sé að finna í skuldabréfum mega skuldarar gera ráð fyrir því að ef gjaldfellingarákvæði skortir sé kröfuhafa óheimilt að beita úrræðinu.

Því verður að telja sterkar líkur fyrir því að eitt grundvallarskilyrði þess að kröfuhafi geti gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfa sé að samnings- eða lagaheimild sé fyrir hendi. Þó ber að setja þann fyrirvara að Hæstiréttur virðist ekki hafa tekið á þessu álitaefni með beinum hætti. Ályktunin styðst því einkum við skoðanir fræðimanna, sem eins og áður segir er ekki sjálfstæð réttarheimild, en þeir telja að skilyrðið byggji á óskráðri meginreglu.

5.2.2 *Gjaldfellingarástæða*

Af umfjöllun í 4. kafla má leiða sterkar líkur af því að eitt af grundvallarskilyrðum þess að unnt sé að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa sé að hin formlega heimild hafi að geyma þær ástæður sem heimili kröfuhafa að beita úrræðinu. Slík tilgreining, sem fram kemur í skuldabréfi eða lánsamningi, getur verið gerð með tilvísun í tiltekið lagaákvæði, til dæmis í 9. gr. svl. þegar um veðskuldabréf er að ræða. Með því er kröfuhafi að áskilja sér rétt til þess að beita úrræðinu vegna þeirra gjaldfellingarástæðna sem nefnd eru þar í liðum a. til f. Aðilar geta einnig fullnægt þessu skilyrði með því að nefna ástæðurnar berum orðum í samningi sínum, án þess að vísa til lagaákvæða.

en Hæstiréttur féllst á beitingu úrræðisins í þeim öllum. Þess ber að geta að minnst er á þessi dómafordæmi í riti Viðars Mús Matthíassonar: *Fasteignir og fasteignakaup*, bls. 443-444.

Sterkar líkur eru fyrir því að kröfuhafi geti ekki, svo dæmi sé tekið, gjaldfellt eftirstöðvar skuldabréfs á þeim grundvelli að árángurslaust fjárnám sé gert hjá skuldara, ef gjaldfellingarákvæðið í skuldabréfinu tiltekur ekki þessa ástæðu sérstaklega. Gera verður þó þann fyrirvara að eðli og efni gjaldfellingarástæðna eru mismunandi. Þannig er ekki loku fyrir það skotið að kröfuhafi geti beitt úrræðinu ef eigendaskipti verða á veðandlagi, sbr. sjónarmið um forsendubrest sem nefnd voru fyrr í ritgerðinni, þótt slík ástæða sé ekki tilgreind í samningi aðila eða lögum. Ákvæði f. liðar 1. mgr. 9. gr. svl. hefur þó veikt það sjónarmið, en samkvæmt ákvæðinu er kröfuhafa heimilt að gjaldfella veðkröfu þegar veðandlag er selt, „enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.“ Af ákvæðinu má leiða að kröfuhafi megi eingöngu gjaldfella á grundvelli þessarar ástæðu ef um það hafi verið samið.

Af framangreindri umfjöllun má fullyrða með nokkurri vissu að grundvallarskilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé að kröfuhafi megi eingöngu beita úrræðinu á grundvelli þeirra ástæðna sem tiltekin eru í samnings- eða lagaákvæði.

5.2.3 *Fleiri en ein afborgun*

Telja verður að grundvallarskilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé að greiðslur samkvæmt bréfi dreifist yfir fleiri en eina afborgun. Helgast þetta skilyrði af eðli úrræðisins, sem felst í því að gjaldfella *eftirstöðvar* skuldabréfs. Þannig er ekki unnt að beita úrræðinu ef krafa er greidd með eingreiðslu. Ekki er þörf á því að fjalla nánar um þetta skilyrði.

5.2.4 *Fullnægjandi málatilbúnaður kröfuhafa*

Hér er ekki um að ræða eiginlegt skilyrði gjaldfellingar, heldur forsendu fyrir því að úrræðið hafi tilætluð áhrif ef ágreiningur rís vegna beitingar þess. Ef dómari á að geta tekið afstöðu til þess hvort skilyrðum gjaldfellingar sé í reynd fullnægt verður málatilbúnaður kröfuhafa að vera settur fram á fullnægjandi hátt. Vanreifun máls fyrir dómi getur því komið í veg fyrir að gjaldfelling hafi tilætluð áhrif þótt skilyrðum hennar séu að öðru leyti fullnægt.

Hér er því um að ræða grundvallarskilyrði fyrir því að krafa um gjaldfellingu hafi tilætluð áhrif.

5.2.5 *Verulegur greiðsludráttur*

Fjallað hefur verið ítarlega um verulegan greiðsludrátt/veruleg vanskil. Deila má um hvort þetta sé grundvallarskilyrði fyrir gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa, þar sem greiðsludráttur er ein tegund gjaldfellingarástæðna. Rétt þykir þó að skipa skilyrðinu í þennan flokk. *Í fyrsta lagi* ber að líta til þess hversu tíð þessi gjaldfellingarástæða er. Í gjaldfellingarákvæðum er afar algengt að heimilt sé að beita úrræðinu vegna vanskila á greiðslu afborgana og vaxta, og af þeim sökum

hefur áhersla ritgerðarinnar verið á þessari gjaldfellingarástæðu. Í öðru lagi hefur verið fjallað um að dómstólar túlka gjaldfellingarákvæði ekki fortakslaust eftir orðanna hljóðan. Samningsákvæði sem mæla fyrir um að vanskil heimili beitingu úrræðisins hafa því ekki verið túlkuð á þann hátt að minnsti dráttur á greiðslu valdi því að eftirstöðvar skuldabréfs gjaldfalli. Því er ljóst að grundvallarskilyrði er að greiðsludráttur sé verulegur þegar hann er gjaldfellingarástæðan.

Um inntak skilyrðisins hefur verið fjallað, en það byggir á heildarmati á aðstæðum. Erfitt er að setja fram hlutræna mælikvarða þó fræðimenn hafi fjallað um að lengd dráttarsins verði að vera að minnsta kosti 15 dagar.¹⁹⁹ Að öðru leyti fer matið eftir aðstæðum. Skiptir tillitsskyldan miklu máli í því sambandi, einkum reglan um vilja og getu skuldara til að greiða.

5.3 Viðbótarskilyrði gjaldfellingar

5.3.1 Almenn

Hér verða ekki nefnd öll þau skilyrði sem samnings- eða lagaákvæði geta mælt fyrir um. Í kaflanum um settan rétt fyrr í ritgerðinni var til dæmis minnst á ýmsar gjaldfellingarástæður sem ekki hafa almenna skírskotun, meðal annars eigendaskipti að veðandlagi. Hér verður látið við það sitja að ítreka að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa er einkum samningsbundið úrræði. Aðilum er að mestu leyti í sjálfvald sett hvaða viðbótarskilyrði þeir vilja að gildi um beitingu úrræðisins, að teknu tilliti til ófrávíkjanlega lagaákvæða eins og 1. mgr. 36. gr. smnl. og 3. mgr. 9. gr. svl. Samhengisins vegna verður þó minnst á nokkur viðbótarskilyrði fyrir beitingu úrræðisins.

5.3.2 Greiðsluáskorun

Það telst ekki grundvallarskilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa að senda skuldara greiðsluáskorun áður en úrræðinu er beitt. Þó ber að geta þess, sem áður var rætt, að tillitsskyldan gildir í öllum samningssamböndum. Af henni kann að leiða, vegna aðstæðna fyrir eða við samningsgerð, að kröfuhafi geti ekki beitt vanefndaúrræðum sem hann gæti ella beitt. Þetta á til dæmis við ef skuldari hefur sýnt af sér greiðsludrátt í lengri tíma án athugasemda frá kröfuhafa. Í slíkum tilvikum kann að vera skilyrði fyrir gjaldfellingu að áskorun um breytta greiðsluhætti sé send til skuldara.

¹⁹⁹ Sbr. fyrirnefnd ummæli úr riti Páls Hreinssonar: *Viðskiptabréf*, bls. 41. Þar segir svo: „Ætla verður að vart komi til greina að gjaldfella skuldabréf nema greiðsludráttur hafi varað a.m.k. í 15 daga.“. Hér má til hliðsjónar nefna dönsk lög sem vörðuðu afborgunarkaup, *Lov om køb på afbetaling*, nr. 244 frá 8. maí árið 1917, sem minnst var í 3. kafla ritgerðarinnar. Í 1. mgr. 2. gr. laganna var að finna ákvæði sem varðaði gjaldfellingu eftirstöðva kaupsamningsverðs. Samkvæmt ákvæðinu var skilyrði gjaldfellingar meðal annars að greiðsludráttur kaupanda þurfti að hafa staðið í 14 daga eftir gjalddaga greiðslunnar.

Greiðsluáskorun er þó grundvallarskilyrði fyrir beitingu úrræðisins þegar um handhafabréf er að ræða,²⁰⁰ en eins og áður segir er unnt að flokka skuldabréf annars vegar í handhafabréf og hins vegar nafnbref. Ástæðan fyrir því að skilyrðið er hér flokkað sem viðbótarskilyrði en ekki grundvallarskilyrði er að í framkvæmd virðist algengara að skuldabréf séu gefin út sem nafnbref,²⁰¹ þó reifun dómafordæma í 4. kafla gæti bent til hins gagnstæða. Einnig má færa fyrir því rök að greiðsluáskorun sé grundvallarskilyrði fyrir beitingu gjaldfellingar þegar skuldbinding fellur undir lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Í 4. mgr. 7. gr. laganna segir að kröfuhafi geti ekki „þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.“ Fyrr í ritgerðinni var velt upp fræðilegri spurningu um ákvæðið, það er hvort það sé skilyrði fyrir því að gjaldfelling teljist heimil að ábyrgðarmanni berist greiðsluáskorun, eða hvort beiting úrræðisins teljist gild í sjálfu sér en ákvæðið geri það að verkum að áhrif þess verði að engu ef greiðsluáskorun til ábyrgðarmanns er ekki send. Með vísan til dómafordæmis voru leiddar líkur að því síðarnefnda. Niðurstaða fyrir málsaðila er sú sama, en sé komist að þeirri niðurstöðu verður að telja að ákvæðið feli ekki í sér skilyrði fyrir beitingu úrræðisins.

5.3.3 Fyrsti gjalddagi kominn

Áður var fjallað um að það kunni að vera skilyrði þess að kröfuhafi geti beitt úrræðinu vegna verulegra vanskila að fyrsti gjalddagi kröfu sé kominn. Um þetta er fjallað í riti Viðars Mús Matthíassonar, *Fasteignir og fasteignakaup*, eins og áður segir. Þar kom fram að fordæmi sé fyrir því að Hæstiréttur telji gjaldfellingu óheimila á þeim grundvelli að fyrsti gjalddagi skuldar var ekki kominn. Ekki er víst að rétturinn myndi komast að sömu niðurstöðu í dag.

Vegna þess að óljóst er hvort hér sé raunverulega um að ræða skilyrði fyrir því að unnt sé að beita úrræðinu vegna verulegra vanskila, og vegna þess að þetta er skilyrði sem ekki á við um aðrar gjaldfellingarástæður, er ljóst að þetta er ekki grundvallarskilyrði fyrir beitingu úrræðisins.

5.3.4 Greiðslustöðvun, heimild til að leita nauðasamnings og greiðsluádlögun (neikvæð skilyrði)

Í kaflanum um sett lagaákvæði var minnst á 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., ásamt b. lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluádlögun einstaklinga. Samkvæmt ákvæðunum er kröfuhafa óheimilt að gjaldfella eftirstöðvar skulda,

²⁰⁰ Sjá til dæmis *Hrd. 1934, bls. 770, Hrd. 1976, bls. 474 og Hrd. 1980, bls. 1974*, en dómarnir voru reifaðir fyrr í ritgerðinni.

²⁰¹ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 72.

annars vegar þegar greiðslustöðvun stendur yfir, og hins vegar þegar skuldara er veitt heimild til að leita nauðasamnings. Kröfuhafa er jafnframt óheimilt að beita samningsbundinni heimild sinni til þess að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn um tímabundna frestun greiðslna, sbr. b. liður 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010.

Eðli málsins samkvæmt er hér ekki um að ræða grundvallarskilyrði fyrir beitingu úrræðisins, heldur neikvæð viðbótarskilyrði. Ekki þykir þörf á að fjalla nánar um það.

6 Hugleiðingar

Í þessum kafla verða settar fram hugleiðingar um það hvað betur mætti fara í íslensku lagaumhverfi varðandi rannsóknarefni ritgerðarinnar, en því má velta upp hvort skilyrði gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa ættu að vera skýrari í íslenskum rétti. Ljóst er að úrræðið er afar íþyngjandi í garð skuldara, sem ýtir frekar undir að skilyrðin fyrir beitingu þess ættu að vera fyrirsjáanleg og skýr.

Löggjafinn gæti farið þá leið að setja almenn lög um skuldabréf, til dæmis eins og *Lov om Gældsbreve*, nr. 146 frá 13. apríl 1938, sem gilda í dönskum rétti. Dönsku lögín hafa þó ekki að geyma nein ákvæði sem varða skilyrði gjaldfellingar, eins og áður hefur verið vikið að. Alþingi gæti hins vegar hæglega bætt við ákvæðum sem hafa að geyma þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo kröfuhafi geti beitt úrræðinu. Þannig væri unnt að setja í lög að gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa sé ekki tæk nema formlega heimild sé að finna í skuldabréfi, og að sú heimild verði að vera efnislega fullnægjandi að því leyti að kröfuhafi megi eingöngu beita úrræðinu á grundvelli þeirra ástæðna sem nefndar eru í heimildinni. Slíkt myndi skýra réttarástandið, en telja verður þó að dómstólar myndu dæma samkvæmt slíkum skilyrðum, á grundvelli ólögfestrar meginreglu þess efnis.

Hvað varðar skilyrðið um verulegan greiðsludrátt, verður að telja að þeir kostir sem það hefur að láta matið í hendur dómstóla vegi upp á móti ókostunum. Ef löggjafinn myndi ákveða tiltekinn tíma varðandi lengd dráttar og hve stór hluti af skuld þyrfti að vera í vanskilum svo kröfuhafa væri unnt að beita úrræðinu, myndi það vissulega auka á fyrirsjáanleika. Það myndi á hinn bóginn takmarka svigrúm til að taka tillit til aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Í ljósi þess að ýmis önnur atriði skipta máli en lengd dráttar og fjárhæðin sem er í vanskilum, til að mynda tillitsskyldan, verður að telja að hentugra sé að leggja matið á því hvenær skilyrðum gjaldfellingar eftirstöðva skuldabréfa sé fullnægt í hendur á dómstólum.

Að þessu virtu verður að telja að það myndi skýra réttarástandið ef löggjafinn myndi setja lög um skuldabréf, sem hefðu að geyma viss grundvallarskilyrði fyrir gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa. Hins vegar þyrftu slík lagaákvæði að veita dómstólum svigrúm til mats hvað varðar eina algengustu gjaldfellingarástæðuna, það er verulegan greiðsludrátt.

7 Niðurlag

Efni ritgerðarinnar er þrenns konar. Í *fyrsta lagi* að gera grein fyrir úrræðinu gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa með almennum hætti. Í *öðru lagi* að veita greinargott yfirlit yfir þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo að kröfuhafi geti beitt úrræðinu vegna atvika eða háttsemi sem varðar skuldara. Í *þriðja lagi* að fjalla með nákvæmum hætti um það hvað felist í skilyrðinu um veruleg vanskil, það er hvenær heimilt sé að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfa vegna greiðsludráttar.

Gjaldfelling eftirstöðva skuldabréfa er úrræði sem kröfuhafi kann að beita í skuldarsambandi við skuldara, að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Áhersla ritgerðarinnar er þegar úrræðinu er beitt á grundvelli ákvæðis í skuldabréfum, en því er einnig unnt að beita vegna annarra skuldaviðurkenninga eða kaupsamninga. Gjaldfelling hefur það í för með sér að gjalddagi kröfu er færður fram, það er umsamdar afborganir eru felldar úr gildi og skuldara gert að greiða allar eftirstöðvar skuldarinnar í einu, vegna tiltekinnar háttsemi eða atvika sem varða skuldara.

Í íslenskum rétti er ekki að finna nein almenn lög um skuldabréf, andstætt því sem gildir í dönskum rétti. Dönsku skuldabréfalögin hafa þó ekki að geyma nein ákvæði sem varða gjaldfellingu eftirstöðva skuldabréfa, og því er úrræðið ólögfest í báðum ríkjunum. Þar af leiðandi tíðkast að skilgreina gjaldfellingu sem *samningsbundið vanefndaúrræði*. Sú flokkun er þó ekki einhlít. Annars vegar vegna þess að kröfuhafi getur í sumum tilfellum beitt úrræðinu þótt skuldari hafi ekki vanefnt skuldbindingu með neinum hætti. Þannig geta aðilar samið um að úrræðinu megi beita vegna annarra tilvika, til dæmis ef árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá skuldara. Hins vegar má deila um skilgreininguna vegna þess að úrræðið er lögfest í ýmsum sérlögum, og er 9. gr. svl. einna mikilvægasta sérlagaákvæðið sem varðar gjaldfellingu. Vegna þess að algengt er að aðilar semji um beitingu úrræðisins í tilefni af vanskilum er það almennt skilgreint sem *samningsbundið vanefndaúrræði*. Gæta verður að ákvæðum 1. mgr. 36. gr. smnl. og 3. mgr. 9. gr. svl. sem setja samningsfrelsinu skorður, en ákvæðin eru ófrávíkjanleg.

Vegna eðlis úrræðisins, sem samningsbundins úrræðis, hefur það að mestu leyti komið í hlut dómstóla að móta skilyrðin fyrir beitingu þess. Sett lagaákvæði veita takmarkaðar upplýsingar um það hver skilyrðin eru. Þar að auki eru mörg þeirra þess eðlis og þau eiga eingöngu við um sérstakar tegundir skuldabréfa, en áhersla ritgerðarinnar er að skoða skilyrðin fyrir gjaldfellingu venjulegra skuldabréfa. Af þeim sökum byggði rannsóknin á skilyrðum gjaldfellingar einkum á því að skoða dómafordæmi og draga ályktanir af þeim, ásamt því að gera grein fyrir meginreglum laga og skoðunum fræðimanna. Leiddar voru sterkar líkur að því

að grundvallarskilyrði gjaldfellingar sé að *heimild* þurfi að vera í lögum eða samningi svo að unnt sé að beita úrræðinu. Þó eru uppi sjónarmið um að það sé heimilt að beita því í ólögfestum tilvikum, til dæmis ef gjaldfellingarástæðan er eigendaskipti á veðandlagi. Ákvæði f. liðar 1. mgr. 9. gr. svl., og skoðanir fræðimanna, benda þó eindregið til þess að slíkum sjónarmiðum yrði hafnað í Hæstarétti, en ekki er að sjá að rétturinn hafi tekið beinlínis á þessu. Að sama skapi voru sterkar líkur leiddar að því að efnislegt innihald hinnar formlegu heimildar fyrir beitingu úrræðisins verði að hafa að geyma þær ástæður sem heimila kröfuhafa að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs, það er *gjaldfellingarástæður*. Þannig megi kröfuhafi eingöngu beita úrræðinu ef skuldari sýnir af sér háttsemi, eða atvik verða, sem valda gjaldfellingu samkvæmt orðalagi heimildarinnar. Af öðrum grundvallarskilyrðum gjaldfellingar má nefna að vegna eðlis úrræðisins, um að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfs, er skilyrði að skuld samkvæmt skuldabréfi skuli greiða með *fleiri en einni afborgun*. Ef um eingreiðslu að ræða eru engar eftirstöðvar til þess að gjaldfella. Fjórdá grundvallarskilyrði þess að gjaldfelling hafi tilætluð áhrif er að *málatilbúnaður kröfuhafa fyrir dómi sé fullnægjandi*, fari málið á annað borð fyrir dómstóla. Hér er ekki um að ræða eiginlegt skilyrði þess að gjaldfelling teljist gild, heldur forsendu þess að áhrif hennar verði að veruleika ef ágreiningur rís. Að lokum má nefna að grundvallarskilyrði þess að kröfuhafi geti gjaldfellt vegna vanskila, en það er ein algengasta gjaldfellingarástæðan, er sú að *greiðsludráttur skuldara sé verulegur*.

Verulegur greiðsludráttur er skilyrði sem fjallað var ítarlega um í ritgerðinni. Komist var að því að greiðsludráttur verði að vera verulegur, jafnvel þó samnings- eða lagaákvæði áskilji það ekki með berum orðum, en rannsókn á dómaframkvæmd og fræðiskoðunum bendir til þess að óskráð meginregla kröfuréttar sé þess efnis. Inntak verulegs greiðsludráttar byggir á sömu sjónarmiðum og gilda um riftun, það er heildarmati á aðstæðum. Það sem einkum skiptir máli eru lengd greiðsludráttar, hversu stór hluti skuldar er í vanskilum og hagsmunir aðila. Tillitsskyldan, þar á meðal reglan um vilja og getu skuldara til að greiða, skipar stóran sess í mati á hagsmunum aðila. Þannig þarf að skoða hvernig skuldarsambandi aðila er háttað þegar matið er hvort fullnægjandi ástæða sé fyrir drættinum.

Færa mætti sterk rök fyrir því að setning laga um skuldabréf, og þar með ákvæði um skilyrði gjaldfellingar, myndi auka á fyrirsjáanleika í skuldarsambandi kröfuhafa og skuldara. Þannig væri aðilum ljóst hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt svo að kröfuhafi gæti beitt úrræðinu. Telja verður þó að dómstólar muni dæma samkvæmt þeim grundvallarskilyrðum sem nefnd voru hér að framan, á grundvelli ólögfestra meginreglna eða réttarvenju. Hvað varðar skilyrðið um veruleg vanskil verður að telja að hentugra sé að leggja matið um það hvenær skilyrðinu er fullnægt í hendurnar á dómstólum, frekar en að setja hlutlægan mælikvarða í sett lög. Slík

lagasetning myndi koma í veg fyrir aukið svigrúm sem þarf að vera fyrir hendi, enda skiptir tillitsskyldan miklu máli þegar matið fer fram, og skuldarsambönd eru eins misjöfn og þau eru mörg.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Bernhard Gomard: *Obligationsret. 1. del.* 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 2006.

Bernhard Gomard og Torsten Iversen: *Obligationsret. 2. del.* 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 2011.

Bernhard Gomard og Torsten Iversen: *Obligationsret. 3. del.* 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 2009.

Betænkning om køb på kredit. Afgivet af det af justitsministeriet den 26. februar 1973 nedsatte udvalg. Justitministeriet, Kaupmannahöfn 1978.

Björn Þórðarson: *Landsyfirdómurinn. 1800-1919.* Reykjavík 1947.

Bo von Eyben og Peter Møgelvang-Hansen: *Kreditorforfølgning. Materiel foged- og konkursret.* 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2010.

Carl Jacob Arnholm: *Almindelig obligasjonsrett.* 2. útgáfa. Osló 1978.

Ditlev Tamm: *Dansk retshistorie.* 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 1996.

Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi.* Reykjavík 1984.

Hafsteinn Dan Kristjánsson: „Stjórnskipuleg lögmætisregla“. *Útljótur*, 4. tbl. 2009, bls. 421-494.

Henry Ussing: *Obligationsretten. Almindelig del.* 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 1961.

„Hæstiréttur – Sagan“, <https://www.haestirettur.is/haestirettur/sagan/>, [Án ártals] (Skoðað 20. apríl 2017).

JJ. Marsh: „Lex lata or lex ferenda. Rule 45 of the ICRC study on customary international humanitarian law“. *Military Law Review*, 198 tbl. 2008, bls. 116-164.

Jens Edvin A. Skoghøy: *Panteloven med kommentater. Kommentater til lov 8. februar 1980 nr. 2 om pant.* Osló 1995.

Jul Lassen: *Haandbog i obligationsretten. Almindelig del.* 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 1917-1920.

Jul Lassen og Henry Ussing: *Lærebog i obligationsrettens specielle del.* 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 1931.

Kim Frost: „Om retten og pligten til naturalopfyldelse“. *Tidsskrift for Rettsvitenskap.* 1-2. tbl. 2013, bls. 94-144.

Ludvig Mariboe Benjamin Aubert: *Den norske obligationsrets specielle del.* 2. útgáfa. Kristiania 1901.

- Ólafur Lárusson: *Fyrirlestrar um fyrningu*. Handrit til kennslu. Reykjavík, ekki árssett.
- Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*. 2. útgáfa. Reykjavík 1965.
- Ólafur Lárusson og Ólafur Jóhannesson: *Fyrirlestrar um veðréttindi*. 3. útgáfa. Reykjavík 1965.
- Paul Dobson: *Charlesworth's Business Law*. 16. útgáfa. London 1997.
- Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*. Reykjavík 2004.
- Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur. Almennur hluti*. Reykjavík 1992.
- Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*. Reykjavík 2004.
- Páll Sigurðsson: *Verksamningar*. Reykjavík 1991.
- Per Augdahl: *Den norske obligasjonsretts almindelige del*. 4. útgáfa. Osló 1972.
- Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 2007.
- Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – Réttarheimildir I*. 2. útgáfa. Reykjavík 2010.
- Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki*. Reykjavík 2003.
- Stefán A. Svansson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I. Gjaldfelling lánasamninga“. *Tímarit Lögréttu*, 1. tbl. 2010, bls. 9-22.
- Stefán Már Stefánsson: *Nauðungaruppboð*. 2. útgáfa. Reykjavík 1985.
- Stephen R. Kruft: „Cross-default provisions in financing and derivatives transactions“. *Banking Law Journal*, 3. tbl. 1996, bls. 216-240.
- Torsten Iversen: „Ophævelse af pengelån. Et detailspørgsmål i kreditretten af almindelig obligationsretlig interesse“. *Ugeskrift for retsvæsen B*. 1992, bls. 327-333.
- Þorgeir Örlygsson: „Greiðslutími og greiðslustaður“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 1998, bls. 303-350.
- Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*. Reykjavík 2002.
- Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir*. Reykjavík 2014.
- Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*. Reykjavík 2009.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*. Reykjavík 2011.

Viggo Hagstrøm: *Obligasjonsrett*. 2. útgáfa. Osló 2011.

Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*. Reykjavík 2008.

DÓMASKRÁ

Hæstaréttardómar

Hrd. 1934, bls. 770
bls. 31, 65, 96 (nmgr.)

Hrd. 1938, bls. 3
bls. 32, 40, 69

Hrd. 1941, bls. 227
bls. 69, 75

Hrd. 1948, bls. 1
bls. 13

Hrd. 1948, bls. 100
bls. 10

Hrd. 1954, bls. 534
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1957, bls. 559
bls. 69

Hrd. 1971, bls. 525
bls. 25, 92 (nmgr.)

Hrd. 1974, bls. 563
bls. 38, 61, 80, 84

Hrd. 1976, bls. 474
bls. 62, 65, 68, 71, 96 (nmgr.)

Hrd. 1979, bls. 211
bls. 62, 65

Hrd. 1980, bls. 1974
bls. 65, 89, 96 (nmgr.)

Hrd. 1981, bls. 26
bls. 43, 44, 66, 90

Hrd. 1982, bls. 371
bls. 67, 72, 74, 77

Hrd. 1983, bls. 691
bls. 68, 89

Hrd. 1983, bls. 963

bls. 71, 72

Hrd. 1985, bls. 21
bls. 83, 86, 90

Hrd. 1985, bls. 374
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1985, bls. 1284
bls. 93

Hrd. 1986, bls. 1349
bls. 90

Hrd. 1987, bls. 534
bls. 85

Hrd. 1988, bls. 982
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1988, bls. 1169
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1991, bls. 178
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1991, bls. 2074
bls. 35

Hrd. 1992, bls. 1950
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 1993, bls. 1014
bls. 64, 73

Hrd. 1998, bls. 642
bls. 35, 36

Hrd. 1998, bls. 3253
bls. 35, 36

Hrd. 1999, bls. 3831
bls. 18

Hrd. 2002, bls. 3175 (230/2002)
bls. 12

Hrd. 2003, bls. 3542 (124/2003)
bls. 12

Hrd. 2003, bls. 4220 (189/2003)
bls. 92 (nmgr.)

Hrd. 2004, bls. 23 (248/2003)
bls. 12

Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)
bls. 62, 70, 74, 78, 84

Hrd. 13. september 2007 (32/2007)
bls. 12

Hrd. 18. október 2007 (69/2007)
bls. 87

Hrd. 2. desember 2010 (242/2010)
bls. 36

Hrd. 31. mars 2015 (453/2014)
bls. 39, 40, 41

Hrd. 29. október 2015 (196/2015)
bls. 88

Hrd. 14. apríl 2016 (617/2015)
bls. 75

Hrd. 28. apríl 2016 (590/2015)
bls. 78, 81

Hrd. 24. maí 2016 (333/2016)
bls. 73

Hrd. 9. febrúar 2017 (382/2016)
bls. 82

Hrd. 31. mars 2017 (162/2017)
bls. 92, 93

Danskir dómar

UfR. 1911, bls. 1009
bls. 28, 29

UfR. 1915, bls. 461
bls. 29

LAGASKRÁ

Íslensk lög

Lög nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengis dóms eða sáttar
bls. 30
15. gr., bls. 30, 31

Lög nr. 18/1887 um veð
bls. 30
3. gr., bls. 30, 31

Lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda
bls. 36

Lög nr. 39/1922 um lausafjárkaup
bls. 9

Lög nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga
36. gr., bls. 10, 22, 44, 51, 52, 87, 95, 99
III. kafli, bls. 22, 43

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
2. gr., bls. 8
19. gr., bls. 8
26. gr., bls. 8

Lögræðislög nr. 95/1947
39. gr., bls. 83

Lög nr. 9/1978 um geymslufé
bls. 64, 71

Lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki
bls. 53

Lögræðislög nr. 68/1984
39. gr., bls. 30

Lög um aðför nr. 90/1989
1. gr., bls. 38

Lög nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl.
bls. 52, 59
2. þáttur, bls. 52
3. þáttur, bls. 52
IV. kafli, bls. 52
22. gr., bls. 52, 96
27. gr., bls. 52
40. gr., bls. 52, 96
99. gr., bls. 49, 50, 57

Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna

bls. 53

I. kafli, bls. 53

II. kafli, bls. 53

6. gr., bls. 53

8. gr., bls. 53

11. gr., bls. 48, 53

Lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið

2. gr., bls. 8

3. gr., bls. 8

Lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins

bls. 54-55

III. kafli, bls. 54

16. gr., bls. 54, 81

58. gr. a., bls. 54, 61

Húsaleigulög nr. 36/1994

61. gr., bls. 51

Lög nr. 75/1997 um sammingsveð

bls. 22, 31, 46-52, 64, 77

2. gr., bls. 22, 50

9. gr., bls. 10, 18, 22, 23, 28, 30, 33, 47-52, 59 (nmgr.), 60, 61, 64, 65, 77, 81, 82, 83, 93,
94, 95, 99

18. gr., bls. 22

Lögræðislög nr. 71/1997

72. gr., bls. 30

Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál

bls. 54, 55-56

I. kafli, bls. 55

II. kafli, bls. 55

VIII. kafli, bls. 55

1. gr., bls. 55

2. gr., bls. 55

4. gr., bls. 55

33. gr., bls. 55

39. gr., bls. 55

40. gr., bls. 55, 56

Lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup

bls. 9, 12, 16, 21

3. gr., bls. 9, 21

9. gr., bls. 18

10. gr., bls. 17

25. gr., bls. 20, 21

28. gr., bls. 16
39. gr., bls. 20,21
45. gr., bls. 12
49. gr., bls. 17, 18
62. gr., bls. 37

Lög nr. 42/2000 um þjónustukaup
bls. 16, 21
1. gr., bls. 42 (nmgr.)
3. gr., bls. 20
14. gr., bls. 20
19. gr., bls. 19
21. gr., bls. 20, 21

Lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu
III. kafli, bls. 20 (nmgr.), 38 (nmgr.)

Lög nr. 40/2002 um fasteignakaup
bls. 16
11. gr., bls. 18
32. gr., bls. 20
35. gr., bls. 25
42. gr., bls. 20
44. gr., bls. 25
61. gr., bls. 20 (nmgr.)

Lög nr. 48/2003 um neytendakaup
bls. 16, 21
3. gr., bls. 20
23. gr., bls. 20, 21
32. gr., bls. 20

Lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda
2. gr., bls. 18, 34, 36, 40
28. gr., bls. 36

Lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf
bls. 56-57
I. kafli, bls. 56
VI. kafli, bls. 56
1. gr., bls. 56
2. gr., bls. 56
14. gr., bls. 57

Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn
bls. 57-58, 96
I. kafli, bls. 57
III. kafli, bls. 58
2. gr., bls. 57
7. gr., bls. 58, 88, 89, 96

Lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga
bls. 58-59
I. kafli, bls. 58
3. gr., bls. 58
11. gr., bls. 58, 59, 96, 97

Íslensk stjórnvaldsfyrirmæli

Frá 9. febrúar 1789 - Tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf
bls. 26, 30, 31

Nr. 1042/2013 - Reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum
bls. 55
36. gr., bls. 56

Dönsk lög

Lov om køb på afbetaling, nr. 244 frá 8. maí árið 1917
bls. 26, 27, 95 (nmgr.)
2. gr., bls. 27, 95 (nmgr.)
3. gr., bls. 27
4. gr., bls. 27, 28
9. gr., bls. 27

Lov om Tinglysning, nr. 111 frá 31. mars árið 1926
bls. 28
42. gr. a., bls. 28
42. gr. b., bls. 28

Lov om Gældsbreve, nr. 146 frá 13. apríl árið 1938
bls., 26, 98

Lovbekendtgørelse om Tinglysning, nr. 1075 frá 30. september árið 2014
bls., 44, 47
42. gr. a., bls. 47, 48
42. gr. b., bls. 44, 47, 48, 49
47. gr., bls. 47

Norsk lög

Lov om finansavtaler og finansoppdrag, nr. 46 frá 25. júní árið 1999
bls. 44